# FRÉTTABLAÐIÐ

147. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 23. JÚNÍ 2016




# Ævintýrið heldur áfram

**Strákarnir okkar fögnuðu sigri í fyrsta sinn á stórmóti á Stade de France í gær og tryggðu sér draumaleik á móti Englendingum í sextán liða úrslitum á EM í Frakklandi.** →8, 32, 33, 34

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**Fréttablaðið í dag**

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um Breta og ESB. 21

**FRÉTTIR** Fréttablaðið á vettvangi bresku kosninganna. 4

**LÍFIÐ** Nokkrir stuðningsmenn forsetaframbjóðenda ræða málin. 56

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015












# Fylgið við Höllu rýkur upp

**Guðni Th. Jóhannesson og Davíð Oddsson tapa fylgi milli vikna, samkvæmt nýrri könnun. Guðni þó enn með afgerandi forystu. Halla Tómasdóttir bætir við sig tíu prósentustigum. Halla sterkari meðal kvenna.**

FORSETAKOSNINGAR 2016

**STJÓRNMÁL** Tæpur helmingur svarenda, eða 49 prósent, sem tekur afstöðu í könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis ætlar að kjósa Guðna Th. Jóhannesson í embætti forseta Íslands.

Halla Tómasdóttir er með næstmestan stuðning en 19,6 prósent þeirra sem afstöðu taka ætla að kjósa hana. Andri Snær Magnason er með tæplega þrettán prósenta fylgi og Davíð Oddsson með rúmlega tólf prósent. Sturla Jónsson er svo með 2,5 prósenta fylgi.

Töluverð breyting hefur orðið á fylgi við frambjóðendur frá könnun sem gerð var á mánudag í síðustu viku. Halla Tómasdóttir bætir við sig tæpum tíu prósentustigum en bæði Guðni Th. Jóhannesson og Davíð Oddsson tapa fylgi.

Sé rýnt nánar í tölurnar sést að Halla bætir einkum við sig fylgi meðal kvenna. Nú segjast 28 prósent kvenna ætla að kjósa hana en 10,9 prósent karla. Í síðustu viku sögðust aftur á móti 13,4 prósent kvenna ætla að kjósa hana en 6,2 prósent karla.

**Fylgi fjögurra efstu forsetaframbjóðendanna**

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins 21. júní 2016.




Könnunin var gerð þriðjudagskvöldið 21. júní. Hringt var í 928 manns þar til náðist í 799 og var svarhlutfallið því 86,1 prósent. Spurt var: Ef forsetakosningar færu fram á morgun, hvern myndir þú kjósa? Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Alls tóku 60,3 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

Forsetakosningarnar fara fram á laugardaginn og verður ítarleg umfjöllun um þær í Fréttablaðinu, á Stöð 2 og Vísi. – **jhh** / **sjá síðu 6**

## Veður




Í dag er útlit fyrir ágætis veður á landinu, þurrt og víða sólskin en skýjað og sums staðar þokuloft við suður- og vesturströndina. Hiti yfirleitt 12 til 20 stig, einna hlýjast í innsveitum fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 30

# Vatnsslagur í blíðviðrinu



**Heiðskírt í Reykjavík** Krakkar í Ísaksskóla nýttu veðrið vel í gær og skelltu sér í vatnsslag. Gott veður var víða á landinu en í Reykjavík var heiðskírt og hitinn í 15 gráðum þegar heitast var. Um hádegisbil dró þó fyrir sólu um stund þegar þoka sveif yfir en hún leystist fljótt upp. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## 48 milljónir til hjálparstarfs

**SAMFÉLAG** Rauði kross Íslands fékk 47,8 milljónir frá utanríkisráðuneytinu í byrjun júní og verða 25 milljónir af því fé notaðar í mannúðaraðstoð Alþjóðaráðs Rauða krossins í Sýrlandi. Þá verða 13,8 milljónir notaðar vegna stuðnings við innviði Rauða krossins í Líbanon og níu milljónir vegna stuðnings við aukið fæðuöryggi í Malaví. Þetta kemur fram á vef Rauða krossins.

Á vefnum segir jafnframt að samtökin hafi stutt við verkefni Alþjóðaráðs Rauða krossins í Sýrlandi sem hafi einstaka aðstöðu til að koma hjálpargögnum til bágstaddra á átakasvæðum. Heilbrigðisstarfsfólk hafi unnið ótrúlegt starf við mjög erfiðar aðstæður, ekki síst þar sem heilu þorpin og jafnvel borgir eru jafnan í herkví. Þá segir að í Líbanon komi Rauði krossinn til með að styðja við færanlegar heilsugæslustöðvar sem veita flóttafólki nauðsynlega og oft lífsbjargandi heilsugæslu. – ngy

## Mögulega flogið beint til Nice

**SAMFÉLAG** „Það er mikið álag hjá okkur núna. Fólk sendir inn tölvupóst, hringir inn og svo leynir áhuginn sér ekki á samfélagsmiðlunum,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, en flugfélagið skoðar nú möguleikann á því að bjóða upp á beint flug til Nice í Frakklandi á næstu dögum.

Ísland vann Austurríki 2-1 í leik í París í gær og mætir því Englandi í sextán liða úrslitum í Nice á mánudag.

„Það getur þó reynst erfitt að fara beint til Nice þar sem allar vélarnar okkar eru uppteknar og svo er vel bókað hjá okkur á þessum árstíma,“ segir Guðjón.

Hann segir fjölmarga Íslendinga hafa sett sig í samband við flugfélagið, bæði til að reyna að bóka miða út og til þess að framlengja dvölina ytra. – ngy

## SÁÁ ákvað að taka boði Ístaks

**SAMFÉLAGSMÁL** Samningur milli SÁÁ og Ístaks um byggingu nýrrar meðferðarstöðvar við Vík á Kjalarnesi var undirritaður í gær.

Tilboð Ístaks var metið hagstæðast í útboði þar sem sex tilboð bárust. Verkáætlun gerir ráð fyrir að karlaálma á Vík og þjónustubygging verði uppsteyptar og tilbúnar fyrir múrverk og lagnavinnu þann 15. desember en að viðbygging við kvennaálmu verði tilbúin undir múrverk og lagnavinnu 12. janúar á næsta ári. Verklok við uppsteypu eru áætluð 15. febrúar.

Á vef SÁÁ segir Theodór Skúli Halldórsson, formaður byggingarnefndar, allt benda til að áætlanir standist. Nýbyggingar verði tilbúnar í maí 2017 en þá taki við um sumarið endurnýjun annarra bygginga. Stefnt er að því að opna nýja meðferðarstöð í október 2017. – jhh




# Lífeyrisþegar með þunga bakreikninga

**Tekjutengdar greiðslur Tryggingastofnunar hafa verið endurreiknaðar og fá þá lífeyrisþegar endurgreitt eða rukkun frá stofnuninni. Meðalskuld er 128 þúsund krónur. Dæmi um að öryrkjar séu með mörg hundruð þúsund króna skuldir.**

**VELFERÐARMÁL** Þar sem almannatryggingakerfið er tekjutengt þarf Tryggingastofnun (TR) að endurreikna greiðslur þegar staðfest skattframtöl eru birt. Niðurstaða endurreiknings leiðir síðan í ljós hvort lífeyrisþegi hafi fengið rétt greitt, vangreitt eða greitt umfram rétt.

Í ár var endurreiknað fyrir 53 þúsund lífeyrisþega. Niðurstaðan er sú að 49 prósent eiga inneign hjá Tryggingastofnun en 38 prósent hafa fengið ofgreitt. Meðalskuld er 128 þúsund krónur og er skuldin dregin af greiðslum í tólf mánuði. Þeir sem skulda hærri fjárhæðir fá að auki senda greiðsluseðla.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir að krabbameinssjúklingur, sem er einstætt foreldri, hafi til að mynda fengið 900 þúsund króna bakreikning. Næstu tólf mánuði þarf viðkomandi að greiða 77 þúsund krónur á mánuði til baka. Annað dæmi er öryrki sem seldi eign og þar sem söluhagnaðurinn dregst frá greiðslum TR þarf viðkomandi að greiða sem því nemur næstu mánuði. Launþegar fengju þennan hagnað beint í vasann.

Þetta eru eingöngu tvö dæmi af fjölmörgum. Það staðfestir Sólveig Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri samskiptasviðs TR. „Í dag er sex hundruð símtala dagur,“ segir hún og viðurkennir að mörg símtölin séu erfið. En svona virki tekjutengt kerfi og þótt reynt sé að gera nákvæmar áætlanir geti vanáætlaðar tekjur, svo sem greiðslur frá lífeyrissjóðum, fjármagnstekjur eða launatekjur, riðlað áætluninni.

„Með endurreikningi er verið að tryggja að allir fái rétta upphæð. Í raun er þetta réttlætismál,“ segir Sólveig en bendir á að ráðgjafar TR hjálpi fólki að gera réttar áætlanir og frekar ofmeta tekjur en hitt svo ekki komi til skuldar. Hún viðurkennir þó að kerfið geti verið flókið.

„Það er búið að ræða að einfalda almannatryggingakerfið í mörg ár. Nefndir hafa verið að störfum en ekki enn verið sátt um niðurstöðu. Og á meðan svo er framkvæmum við samkvæmt núverandi lögum.“

Sólveig segir stofnunina þó mjög fúsa til að semja við fólk. „Það er hægt að liðka til ef þetta er íþyngjandi fyrir fólk og dreifa skuldinni á fleiri mánuði.“ erlabjorg@frettabladid.is




**Síminn hefur ekki stoppað hjá Tryggingastofnun enda eru margir í uppnámi eftir að hafa fengið bakreikning.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Í dag er sex hundruð símtala dagur.**
>
> Sólveig Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri samskiptasviðs TR



**49%**

**lífeyrisþega eiga inneign.**

HÚSASMIÐJAN | blómaval

60 ára 1956 - 2016 Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli

**Brjáluð tilboð**
Aðeins brot af úrvalinu

# GARÐA DAGAR

Birkikvistur
**1.390 kr**
~~2.790~~
50% afsláttur

50% afsláttur
Birki 70-100 cm
**999 kr**
~~1.990~~

Einir allar gerðir
50% afsláttur

60% afsláttur
Sólboði
**499 kr**
~~1.290~~

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

20% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**3.910 kr**
~~4.890 kr~~
Vilníus skjólgirðing
80x180 cm.
603290

25% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**4.490 kr**
~~5.990 kr~~
Blómakassi Rose
51x51 cm.
604005

GARÐBORÐ
**14.990 kr**
Garðborð með bekk
180 cm. Hægt að lyfta upp setu.
600242

OUTBACK
ÞÚ SPARAR: 5.000 kr
**21.900 kr**
~~26.900 kr~~
18% afsláttur
Gasgrill með gashellu
Omega 250 gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði og gashellu. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000298

20% afsláttur
Útipottar og svalaker

JOTUN Treolje Träolja/Træolie
3 ltr
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**1.995 kr**
~~2.385 kr~~
16% afsláttur
Pallaolía Jotun Treolje
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg glær, gullbrún, græn og einnig hægt að blanda aðra liti.
7049123-27

15% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**55.245 kr**
~~64.995 kr~~
Sláttuvél Razor 4680 TR/W með drifi
B&S mótor, 140 cc, 46 cm sláttubreidd, 6 hæðarstillingar, sláttukerfi 4in1, með drifi.
5085303
TEXAS

25% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**7.490 kr**
~~9.990 kr~~
Vermireitur svartur
126x70x29 cm.
604204

# Ójafnt aðgengi barna að Skólaþingi sökum búsetu

**ALÞINGI** Af þeim 39 grunnskólum sem sóttu Skólaþingið síðasta vetur eru aðeins þrír utan suðvesturhornsins. Á Skólaþinginu gefst grunnskólanemendum kostur á að setja sig í spor þingmanna og efla skilning sinn og þekkingu á stjórnskipulagi landsins og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Skólaþingið er kennsluver Alþingis þar sem tækifæri gefst til að setja sig í spor þingmanna. Með Skólaþinginu er komið til móts við áhuga skóla á því að koma með nemendur í vettvangsferðir á Alþingi. Skólaþinginu er þannig ætlað að auka fjölbreytni í fræðslu um Alþingi. Hins vegar eru engir styrkir veittir til grunnskóla fjarri höfuðborgarsvæðinu til að kynnast störfum löggjafarvaldsins.

Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, segir mikilvægt að tryggja að allir hafi jafnan aðgang að þessu námi. „Þarna fer fram mikilvæg fræðsla um Alþingi og mér sýnist aðsóknin mjög góð. Þessi fræðsla er hins vegar illa aðgengileg skólum utan höfuðborgarsvæðisins enda staðsett í miðbæ Reykjavíkur.



Skólabörn eiga misgreiðan aðgang að Alþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> Þarna fer fram mikilvæg fræðsla um Alþingi og mér sýnist aðsóknin mjög góð.



Brynhildur Pétursdóttir, alþingismaður

Auðvitað eiga öll börn rétt á þessari fræðslu óháð búsetu og það verður að tryggja. T.d. mætti styrkja skóla til ferðalagsins, nú, eða gera Skólaþingið að hluta hreyfanlegt.“

Þeir þrír skólar sem sendu nemendur utan SV-hornsins eru grunnskólarnir á Seyðisfirði, Flúðum og á Drangsnesi. Hinir 36 grunnskólarnir eru allir í borginni eða nágrenni hennar.

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, segist vera sammála Brynhildi. **– sa**

# Bretar ganga að kjörborðinu í dag

Kosið verður um úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu í dag. Hart var barist á lokametrum kosningabaráttunnar og hamrað var á málstaðnum. Afar lítill munur mælist í skoðanakönnunum en skoðanakannanir í Bretlandi hafa ekki reynst áreiðanlegar hingað til.

**BRETLAND** Bretar kjósa í dag um framtíð sambands Bretlands við Evrópusambandið (ESB). Valkostirnir eru tveir. Annars vegar „remain“, að vera áfram hluti af ESB, og hins vegar „leave“, aðskilnaður Bretlands frá Evrópusambandinu sem kallaður hefur verið Brexit.

Kristjana Guðbrandsdóttir, blaðamaður Fréttablaðsins, sótti í gær minningarathöfn um þingkonuna Jo Cox á Trafalgartorgi í Lundúnum en hún var myrt á fimmtudaginn af einstaklingi sem var ósammála henni í Brexit-baráttunni. Cox var ötull talsmaður áframhaldandi veru Bretlands innan Evrópusambandsins. „Þetta var afar hjartnæm athöfn,“ sagði Kristjana en óljóst er hvort morðið á Cox muni hafa áhrif á kosningarnar í dag.

Kosningabaráttan hefur verið löng og ströng og afar mjótt er á munum á milli fylkinganna tveggja.

Ljóst er að Brexit myndi hafa umtalsverð áhrif á Bretland sem og Evrópusambandið. Bretar myndu, að minnsta kosti fyrst um sinn, missa aðgengi að opnum markaði ríkja ESB, varað hefur verið við því að pundið gæti veikst um allt að tuttugu prósent og íbúum annarra ríkja ESB væri ekki frjálst að flytja til Bretlands. Veikara pund kæmi sér illa fyrir Íslendinga sem fluttu rúm 70.000 tonn af fiski út til Bretlands í fyrra.




> Ekki er búist við því að endanlegar niðurstöður liggi fyrir fyrr en um klukkan sex í fyrramálið.

Evrópusinnar flugu með borða fram hjá parísarhjólinu London Eye í gær til að hvetja fólk til að kjósa áframhaldandi veru innan Evrópusambandsins. NORDICPHOTOS/AFP

### Hamrað á málstaðnum

Samflokksmennirnir David Cameron, forsætisráðherra og Evrópusinni, og Boris Johnson, fyrrverandi borgarstjóri og aðskilnaðarsinni, fóru víða í gær og reyndu að sannfæra sem flesta.

Cameron varaði við því að niðurstaðan væri endanleg. Hins vegar eru kosningarnar ekki bindandi heldur gæti þingið tekið ákvörðun um að hundsa niðurstöðuna. Það þykir þó afar ólíklegt. Þá ítrekaði Cameron ein helstu rök Evrópusinna: „Brexit myndi skapa gríðarlegan vanda fyrir Bretland og valda efnahag okkar meiri skaða en maður getur ímyndað sér. Störf myndu tapast og lífsgæði komandi kynslóða minnka.“

Johnson og aðrir liðsmenn Vote Leave, samtaka sem berjast fyrir Brexit, ítrekuðu hins vegar þá sýn að Bretland utan ESB hefði frelsi til að stýra sér sjálft, til að mynda í efnahagsmálum. „Það er kominn tími til að brjótast út úr hinu misheppnaða Evrópusambandi,“ sagði Johnson.

Þá fagnaði Nigel Farage, aðskilnaðarsinni og formaður Sjálfstæðisflokks (UKIP), því að loksins væri komið að kosningum. Hann sagði flokk sinn hafa barist fyrir aðskilnaði í tvo áratugi og að atkvæðagreiðslan hefði ekki verið möguleg án flokksins. „Stuðningsmenn okkar myndu skríða á glerbrotum til að fá að kjósa Brexit,“ sagði Farage.

### Niðurstöður í fyrramálið

Búist er við að fyrstu tölur berist um miðnætti en endanlegar niðurstöður liggi fyrir um klukkan sex í fyrramálið.

Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem The Financial Times tók saman munar einu prósentustigi. 45 myndu kjósa áframhaldandi veru í Evrópusambandinu en 44 prósent aðskilnað. BBC gefur sömu niðurstöðu á meðan meðaltalið sem Bloomberg tók saman sýnir öfuga niðurstöðu.

Vert er að hafa í huga að skoðanakannanir fyrir þingkosningar í Bretlandi í fyrra reyndust nærri allar rangar. **thorgnyr@frettabladid.is**






# Færri börn þurfa að leita til tannlæknis

**HEILBRIGÐISMÁL** Tannheilsa barna á Íslandi hefur batnað til muna á síðustu 15 árum.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa á árunum 2001 til 2015 tekið saman upplýsingar sem sýna fjölda barna sem leituðu til tannlæknis ár hvert ásamt hlutfallslegum fjölda viðgerðra tanna í hverju barni.

Samkvæmt upplýsingunum hefur hlutfall barna sem búa við það góða tannheilsu að ekki þarf að gera við neina tönn hækkað töluvert frá árinu 2001, eða úr rúmlega 56 prósentum í rúmlega 72 prósent á síðasta ári. Þetta hlutfall hefur aldrei verið hærra samkvæmt SÍ.

Þá hefur hlutfall viðgerðra tanna hjá börnum lækkað um nærri 60 prósent á sama tíma. Árið 2001 voru viðgerðar tennur að meðaltali 1,57 í hverju barni en á umræddu tímabili lækkaði hlutfallið niður í 0,65.

Samningur um gjaldfrjálsar tannlækningar barna tók gildi árið 2013. Markmiðið var bætt tannheilsa. **– þv**



Tannheilsa barna á Íslandi hefur batnað til muna á síðustu árum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Til hamingju strákar!

ÍSLAND Á EM

Við óskum íslenska karlalandsliðinu innilega til hamingju með að hafa tryggt sér þátttöku í 16 liða úrslitum á EM í Frakklandi. Frammistaða liðsins sannar að ekkert er ómögulegt. Við stöndum við bakið á strákunum okkar alla leið.

**Áfram Ísland!**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# NOTAÐIR BÍLAR TILBOÐ

BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN
BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!




MMC PAJERO INSTYLE
Nýskr. 12/10, ekinn 105 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 5.870.000

TILBOÐSVERÐ! 4.990 þús.




BMW X5 4.8is
Nýskr. 07/07, ekinn 99 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 5.480.000
Rnr.143233
TILBOÐ kr. 4.690 þús.




BMW 218d ACTIVE TOURER
Nýskr. 05/15, ekinn 1 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.580.000
Rnr. 131823
TILBOÐ kr. 3.990 þús.




RENAULT MEGANE SCENIC III
Nýskr. 08/14, ekinn 61 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.190.000
Rnr. 283307
TILBOÐ kr. 2.890 þús.




SUZUKI GRAND VITARA PREM.
Nýskr. 05/14, ekinn 81 þús km.
bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 3.890.000
Rnr. 152018
TILBOÐ kr. 2.890 þús.




BMW X3 3.0i
Nýskr. 01/05, ekinn 134 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.290.000
Rnr. 143277
TILBOÐ kr. 1.590 þús.




RENAULT MEGANE
Nýskr. 12/09, ekinn 85 þús km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 1.650.000
Rnr. 283302
TILBOÐ kr. 1.350 þús.

WWW.BÍLALAND.IS

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




## Kóraninn lesinn í frístundum



Ramadan stendur nú yfir og strangtrúaðir múslimar fasta og biðja á næturnar. Þessi Palestínumaður nýtti tímann fyrir framan verslun sína í borginni Hebron til þess að lesa Kóraninn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Tæplega helmingur segist styðja Guðna

**Þótt fylgi við Guðna Th. Jóhannesson haldi áfram að minnka hefur hann enn ríflegt forskot á aðra frambjóðendur. Halla Tómasdóttir bætir við sig 10 prósentum í nýrri könnun. Andri Snær og Davíð Oddsson eru nánast jafnir.**

FORSETAKOSNINGAR 2016

Guðni Th. Jóhannesson nýtur stuðnings 49 prósenta þeirra sem afstöðu taka í nýrri könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

Guðni tapar sjö prósentustigum frá könnun sem gerð var á mánudag í síðustu viku. Hann er þó enn með tæplega þrjátíu prósentustiga forskot á næsta frambjóðanda sem er Halla Tómasdóttir. Halla er með stuðning 19,6 prósenta þeirra sem afstöðu taka í könnuninni og bætir við sig tíu prósentustigum frá könnuninni í síðustu viku.

Þá segjast 12,9 prósent ætla að kjósa Andra Snæ Magnason og 12,4 prósent Davíð Oddsson. Samkvæmt könnuninni minnkar fylgi við Andra Snæ um 0,2 prósent milli vikna en það er innan vikmarka. Fylgi við Davíð minnkar um 3,7 prósent. Sturla Jónsson mælist núna með 2,5 prósent, en aðrir eru með minna fylgi.

Þegar svörin eru skoðuð í heild sést að átta prósent segjast myndu kjósa Andra Snæ, sjö prósent Davíð, 30 prósent Guðna, tólf prósent Höllu, eitt prósent Sturlu og aðrir frambjóðendur eru samtals með tvö prósent. Þá segjast fjögur prósent ekki ætla að kjósa eða skila auðu, 26 prósent vera óákveðin og 10 prósent neita að svara.

Könnunin var gerð á þriðjudag. Hringt var í 928 manns þar til náðist í 799 og svarhlutfall því 86,1%. Alls tóku 60,3 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. jonhakon@frettabladid.is

### Fylgi forsetaframbjóðendanna

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins 21. júní 2016




| Frambjóðandi | Fylgi | Vikmörk |
|---|---|---|
| Andri Snær Magnason | 12,9% | 2,3% |
| Ástþór Magnússon | 1,7% | 0,9% |
| Davíð Oddsson | 12,4% | 2,3% |
| Elísabet Jökulsdóttir | 1,50% | 0,80% |
| Guðni Th. Jóhannesson | 49,0% | 3,50% |
| Guðrún Margrét Pálsdóttir | 0,00% | 0,00% |
| Halla Tómasdóttir | 19,6% | 2,70% |
| Hildur Þórðardóttir | 0,00% | 0,00% |
| Sturla Jónsson | 2,50% | 1,10% |




KYNNING Á GIORGIO ARMANI ILMUM 23. - 29. JÚNÍ Í VERSLUNUM HAGKAUPS

GIORGIO ARMANI töskur fylgja öllum dömu og herrailmum.

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM**

GIORGIO ARMANI DÖMU OG HERRAILMUM.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



Hátt í tíu þúsund Íslendingar vermdu sætin í stúkunni á Stade de France leikvellinum í París í gær. Bláí herinn lét vel í sér heyra og stóð þétt við bakið á leikmönnum liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Engin ferðalok

Íslenska landsliðið vann frækinn sigur á því austurríska í gær og tryggði sér sæti í 16 liða úrslitum EM í knattspyrnu. Gleðin leyndi sér ekki hjá leikmönnum og stuðningsmönnum liðsins.



Mikið reyndi á vörn íslenska liðsins í leiknum í gær og sóttu Austurríkismenn afar stíft á markið. Þeir Hannes Þór Halldórsson markvörður og Kári Árnason miðvörður stóðu vaktina með prýði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hjarta miðjunnar, þeir Gylfi Þór Sigurðsson og fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson, voru í spennufalli eftir afar taugatrekkjandi lokamínútur. Sigurmarkið kom á síðustu mínútu uppbótartíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Stjörnuleikmennirnir Kolbeinn Sigþórsson og Gylfi Þór Sigurðsson fögnuðu ákaft þegar dómari leiksins flautaði til leiksloka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Pétur Fjeldsted
Hrafnhildur Gunnarsdóttir
Jóhanna Waagfjörð
Stefán Már Guðmundsson
Ragnheiður Jóna Jónsdóttir
Ylfa Rán Kjartansdóttir
Jónína Magnúsdóttir
Gaui M. Þorsteinsson
Halla Signý Kristjánsdóttir
Skorri Júlíusson
Anna Fríða Gísladóttir
Guðfinna S. Bjarnadóttir
Jóhannes Ingi Kolbeinsson
Margrét Kristmannsdóttir
Kristín Pétursdóttir
Erla Þuríður Pétursdóttir
Sólveig Þórarinsdóttir
María Másdóttir
Guðbjörg Alfreðsdóttir
Sigurður Hlöðversson
Árelía Eydís Guðmundsdóttir
Katrín Jónsdóttir
Lára B. Pétursdóttir
Rúna Didriksen
Kjartan Sigurðsson
Hera Björk
Jörgína Elínbjörg Jónsdóttir
Sigurjóna Sverrisdóttir
Birgir Tryggvason
Auður Björk Guðmundsdóttir
Hrund Rudolfsdóttir
Hannes Pétursson
Við kjósum Höllu
Helgi Ólafsson
Margrét Frímannsdóttir
Kolfinna Jóhannesdóttir
Katrín Anna Guðmundsdóttir
Jóhann Hjartarson
Guðrún Pétursdóttir
Jón Axel Ólafsson
Ingunn Svala Leifsdóttir
Ólína Freysteinsdóttir
Þorgils Völundarson
Agga Jónsdóttir
Þorsteinn Yngvi Guðmundsson
Rakel Sölvadóttir
Tómas Torfason
Guðjón Sigurðsson
Rannveig Guðmundsdóttir
Margrét Pála Ólafsdóttir
Þóranna Jónsdóttir
Hjálmar Bogi
Bára Kristinsdóttir
Viðja Karen Júlíusdóttir
Kristjana Björk Barðdal
Margrét Sanders
Sigurður Tómas Magnússon
Sigurborg Arnarsdóttir
Guðmundur Hrafnkelsson
Gerður Sigtryggsdóttir
Hjörtur Ingvi Jóhannsson
Benjamín Axel Árnason
Kristján Jóhannsson
Hjalti Vigfússon
Guðmundur Karl Brynjarsson
Vaka Njálsdóttir
María G. Maríusdóttir
Rakel Steinþórsdóttir
Anna Svava Sverrisdóttir
Sigurlaug G. Jóhannsdóttir
Daníel Örn Hinriksson
Rannveig Grétarsdóttir
Kristín María Erlendsdóttir
Kristmann Magnússon
Kristín Erna Arnardóttir
Valdís Arnarsdóttir
Þorvaldur Makan
Dýrunn Pála Skaftadóttir
Andrea Kristín Jónsdóttir
Kolbeinn Kolbeinsson
Birna Jónsdóttir
Halla
förum þangað
2016

# KSÍ átti að leggja fyrsta flokks gervigras

Sveitarfélög reka og eiga sparkvelli og því er það þeirra að skipta kurlinu út. KSÍ hafði það eina verkefni að leggja til fyrsta flokks gervigras. Mun kosta hundruð milljóna að skipta um á öllu landinu. Framkvæmdastjóri KSÍ segir ekkert rætt um að KSÍ taki þátt í að greiða.

**SAMFÉLAGSMÁL** Ekki hefur komið til tals að Knattspyrnusamband Íslands taki þátt í kostnaði við að skipta út dekkjakurli á sparkvöllum á landinu þrátt fyrir að það hafi verið eina verkefni þess við gerð sparkvallanna að leggja til fyrsta flokks gervigras á vellina. „Fyrir mína tíð,“ segir framkvæmdastjóri KSÍ.

KSÍ, í samstarfi við sveitarfélög vítt og breitt um landið, byggði upp 111 sparkvelli í sparkvallaátaki KSÍ sem hófst árið 2004. Hugmynd KSÍ var að semja við sveitarfélög í landinu um að gera sparkvelli. Knattspyrnusambandið átti að leggja til fyrsta flokks gervigras á vellina sem gerðir væru eftir fyrirframgefnum leiðbeiningum. Vellirnir urðu að endingu mun fleiri en áætlað var í upphafi og tók ríkissjóður því að sér að styrkja KSÍ enn frekar í uppbyggingunni. Sveitarfélög gerðu vellina á sinn kostnað en KSÍ átti einungis að setja niður fyrsta flokks gervigras eins og segir í samningum við sveitarfélögin. KSÍ fékk síðan að setja upp auglýsingar við hvern einasta sparkvöll.

Gúmmíkurlið er þekktur krabbameinsvaldur og hefur Læknafélag Íslands ályktað í tvígang um að þessum efnum þurfi að skipta út sem allra fyrst til að tryggja heilsu barna sem leika sér á þessum sparkvöllum. Hafnfirðingar áætla að kostnaðurinn við að skipta út þessum efnum nemi um 15 milljónum króna en átta svona vellir eru í bæjarfélaginu. Því má áætla að kostnaður við að skipta á öllum völlum landsins nemi á þriðja hundrað milljónum króna.

**Í samningunum sem gerðir voru við sveitarfélögin er ákvæði um að þegar framkvæmdum ljúki færist vellirnir í eigu bæjarins og hann sér um bæði umhirðu og rekstur á völlunum.**

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ



Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, segir sparkvallaátak sambandsins hafa hafist löngu fyrir sína tíð. Gerðir hafi verið samningar við öll þau sveitarfélög sem vildu gera sparkvelli við sína skóla. „Í samningunum sem gerðir voru við sveitarfélögin er ákvæði um að þegar framkvæmdum ljúki færist vellirnir í eigu bæjarins og hann sér um bæði umhirðu og rekstur á völlunum,“ segir Klara og segir það ekki hafa komið til tals að taka þátt í kostnaðinum. sveinn@frettabladid.is



Sparkvellir eru gríðarlega mikið notaðir um land allt og voru byggðir í námunda við skólastofnanir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK





Mercedes-Benz B-Class
Þægindi og öryggi í fyrirrúmi

Í Mercedes-Benz B-Class situr þú hærra en í flestum fólksbílum sem auðveldar aðgengi og bætir yfirsýn. Lágur mengunarstuðull tryggir lægri bifreiðagjöld og um leið frábært verð fyrir bifreið í þessum gæðaflokki og sparneytnin heldur rekstrarkostnaðinum í lágmarki. Þessi vinsæli bíll er framhjóladrifinn og er einnig fáanlegur með 4MATIC fjórhjóladrifi. Hann fæst sjálfskiptur eða beinskiptur og er í boði með bensín-, dísil- og metanvélum.

B 160 með 7 þrepa sjálfskiptingu
Verð frá 4.800.000 kr.
Eyðir frá 4,0 l/100 km í blönduðum akstri

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook




*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Finndu okkur á facebook

**OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD**

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

FORSETAKOSNINGAR 2016

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is





Björn Skúlason hefur ástríðu fyrir heilsusamlegri matargerð og langar að virkja íslensku þjóðina til að iðka heilbrigðara líferni en án allra öfga. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Með skýrri framtíðarsýn þjóðar má ná árangri

Björn Skúlason, eiginmaður Höllu Tómasdóttur forsetaframbjóðanda og framkvæmdastjóri, segir Höllu hafa ýtt sér út í að taka áhættur sem skila sér í meiri hamingju. Innbrot á heimili þeirra í Bretlandi setti strik í doktorsnám Höllu.

Halla Tómasdóttir forsetaframbjóðandi og eiginmaður hennar, Björn Skúlason, hafa búið í fjórum löndum á þeim sautján árum sem þau hafa verið par. Björn segir þau hjón finna jafnvægið í að staðna aldrei og leitast stöðugt við að læra meira og víkka út sjóndeildarhringinn.

„Hjá okkur hefur þetta alltaf verið spurning um jafnvægi. Þegar við erum farin að togast í einhverja eina átt þá erum við komin á skjön og þá líður okkur ekki vel. Þá gerum við eitthvað til að kippa okkur til baka, hvort sem það er að bæta við okkur þekkingu með námi eða að skipta um starf. Við erum óhrædd við að leita að jafnvæginu,“ segir hann.

Björn er menntaður viðskiptafræðingur, með mastersgráðu í stjórnunarsálfræði og síðast en ekki síst menntaður heilsukokkur. „Það þarf sama jafnvægi í mataræðið. Ég vil hætta öllum öfgum. Kannski þurfum við bara að stíga eitt skref til baka og fara að borða ferskari mat.“

**Heppnin með þeim og Íslandi**

Björn og Halla kynntust árið 1993 þegar hún var framkvæmdastjóri fótboltaliðs í háskóla í Alabama. „Hún fékk mig til að koma í skóla í Bandaríkjunum og spila fótbolta. Ég hafði spilað í úrvalsdeildinni með Grindavík og eitt ár með KR en komst á skólastyrk út af fótboltanum í Bandaríkjunum. Ég fór í skólann en hún var þá akkúrat að klára þannig að við kynntumst bara lauslega, þó ég hafi kynnst öllum vinum hennar.“

Leiðir þeirra áttu ekki eftir að liggja aftur saman fyrr en árið 1999. „Ég hitti hana í Eurovision-partíi árið 1999 þegar Selma söng All Out of Luck. Ég kem í partíið og labba beint til hennar og heilsa en hún mundi ekkert eftir mér. Ég þurfti sem sagt að rifja það upp fyrir henni en síðan þá höfum við verið saman. Við eigum Selmu og Eurovison mikið að þakka,“ segir Björn kíminn. Það kvöld var heppnin líka með Íslandi því það ár lönduðum við öðru sæti í Eurovision-keppninni í fyrsta sinn.

„Fljótlega eftir að við kynnumst fer Halla að byggja upp Háskólann í Reykjavík ásamt Guðfinnu Bjarnadóttur og fer af stað með verkefni sem heitir Auður í krafti kvenna. Þannig að hún hefur verið að berjast fyrir jafnréttismálum í gegnum árin. Fyrst fyrir konur en nú er það orðið að baráttumálinu jafnrétti fyrir alla.“

**Innbrot setti strik í reikninginn**

Árið 2005 fóru þau hjón út til Bretlands í nám. Halla í doktorsnám og Björn í meistaranám í stjórnunarsálfræði við háskólann í Essex. Þau höfðu eignast tvö börn í millitíðinni, Tómas Bjart árið 2001 og Auði Ínu árið 2003.

„Við ætluðum að vera áfram í Bretlandi en í desember 2005 er brotist inn til okkar á meðan við vorum sofandi og öllu stolið. Þar á meðal allri rannsóknarvinnunni hennar Höllu, öllum back-up diskum og tölvum. Sem betur fer höfðu börnin komið upp í til okkar um nóttina þannig að það kom ekkert fyrir þau en þetta var hræðilegt. Innbrotið setti stóran og ljótan blett á dvölina úti.“

Nokkrum dögum áður hafði kona komið í heimsókn til fjölskyldunnar til að selja þeim málverk. Björn og Halla versluðu við hana en fengu málverkin ekki afhent strax því konan sagði að kærasti hennar væri væntanlegur á næstu dögum til að ramma málverkin inn. Skömmu síðar voru öll þeirra verðmæti horfin og aldrei heyrðist í konunni með málverkin.

„Stór hluti af myndum af börnunum var tekinn sem var svona sárast. Við ákváðum bara að slaufa þessu þarna úti því Halla var búin að tapa allri sinni vinnu. Ég klára mitt nám en hún tekur við sem framkvæmdastjóri í Viðskiptaráði í mars 2006.“

**Aðrar hugmyndir um viðskipti**

Halla hefur verið gagnrýnd fyrir störf sín sem framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs á árunum 2006-2007, meðal annars fyrir skýrslur um efnahagslegan stöðugleika Íslands sem komu út á árunum skömmu fyrir hrun. „Halla kom með mikið af varnaðarorðum en það var ekki mikið hlustað á þau. Hún sá að það var ekki vettvangur fyrir sig svo hún stofnaði Auði Capital og sagði upp í Viðskiptaráði.“

Björn og Halla unnu saman í Auði Capital fram til ársins 2012. „Við höfum alla tíð unnið svo vel saman og erum miklir vinir. Ég held reyndar að við höfum séð hvort annað minna í vinnunni þá en við höfðum gert áður. Það var bara svo mikið að gera og mikill uppvöxtur í fyrirtækinu – en frábært að vinna saman. Ég þekki konuna mína að heiman en þarna sá ég hana í aksjón.“

Björn segir Höllu hafa haft skýra sýn á þau vinnubrögð sem ættu að vera við lýði hjá Auði Capital. „Þegar ákvörðun er tekin um að búa til einhverja fyrirtækjamenningu þá byrja allir að dansa í takt. Um leið og allir byrja að dansa í takt þá eru engin frávik. Við höfum stundum líkt þessu við það þegar Sigurður Ragnar Eyjólfsson tók við íslenska kvennalandsliðinu í fótbolta. Hann setti upp ramma fyrir landsliðið. Það sama gerir Lars Lagerbäck fyrir íslenska karlalandsliðið. Þá vita allir að hverju er að keppa. Það eru ákveðnar reglur og ef þú hagar þér þannig þá líður öllum miklu betur,“ segir Björn.

„Það er svo frábært þegar þú ert með sterka hugmyndafræði og sterk gildi að sjá hvað þú getur náð miklum árangri. En eins vel og gekk þá langaði mig ekki að vakna eftir þrjátíu ár og vinna í fjármálageiranum.“

> Sem þjóð erum við hálf brotin ef við erum alltaf að gera hluti sem gera okkur ekki glöð. Þess vegna vill hún hjálpa okkur að setja okkur framtíðarsýn þannig að það sé rammi og við getum sagt: „Ókei, við sem þjóð erum að fara þangað.“

**Breyttu alveg um stefnu**

Úr varð að fjölskyldan flutti árið 2012 til New York borgar í Bandaríkjunum svo Björn gæti lært að verða heilsukokkur. „Ég lærði vegan eldamennsku hjá Natural Gourmet Institute. Ég hafði mikinn áhuga á því að læra það því ég sá að það var orðin mikil tilhneiging í þá átt á Íslandi, bæði hvað varðar allt sem tengist glútenfríu, vegan og grænmetisfæði. Ég hef alltaf kunnað að elda lambakjöt og fisk en þetta kunni ég ekki, að elda baunir, grænmeti og grjón.“

Fjölskyldan dvaldi í tæpt ár í New York, sem Björn segir að sé uppáhaldsborgin sín af þeim sem þau hafa búið í erlendis. „Þetta var bara stórkostlegt. Það er svo mikil orka þarna.“

Árið 2013 flutti fjölskyldan svo til Kaupmannahafnar þar sem Björn stofnaði veisluþjónustu en þau komu heim einu og hálfu ári síðar þegar soninn var farið að langa heim til Íslands. „Við höfum alltaf haft fast heimili hér. Börnin okkar hafa þroskast gríðarlega mikið á þessu flakki en þau vita að þau eiga heimili, samastað og fjölskyldu á Íslandi. Við höfum samt verið að reyna að stækka heiminn fyrir þau með því að sýna þeim hvað er í boði. Þau eru bæði sterkari manneskjur fyrir vikið.

En maður gerir allt sem börnin vilja, og við erum auðvitað alveg sammála því að það sé best að búa á Íslandi. Við höfum verið að fara út til að þroskast sjálf og eigum mjög erfitt með að stoppa og staðna. Við viljum alltaf finna okkur verkefni þar sem við erum að þroskast og vaxa. Fyrir mig var augljóst að hún færi í þetta,“ segir Björn um forsetaframboð konu sinnar.

**Framtíðarsýn forseta**

Halla tilkynnti um framboð í mars síðastliðnum og var, þrátt fyrir tilkomumikla ferilskrá, nokkuð óþekkt. Í lok maí mældist hún með 1 prósent í skoðanakönnunum en nýjustu kannanir sýna hana með um og yfir tólf prósenta fylgi. Björn segist sjálfur hafa ýtt á hana að gefa kost á sér.

„Það var aldrei til umræðu að ég færi í framboð. Halla hefur svo einstakan hæfileika til að sjá hvar styrkleikar fólks liggja og getur tengt fólk saman og sameinað það. Þegar ég fer í mitt kokkanám er hún sú fyrsta sem hvetur mig áfram. Þó að ég hafi verið í frábæru starfi með fín laun þá er aldrei hræðsla við að synda á móti straumnum eða taka áhættu ef það verður til þess að þú finnir þinn rétta stað í lífinu. Ef ég hefði ekki fengið þennan stuðning frá henni þá væri ég væntanlega á stað sem mér liði ekki eins vel á,“ segir Björn.

„Halla gerir þetta sama við alla sem hún þekkir. Hún er alltaf til í að hjálpa og hvetja fólk til að taka smá áhættu ef það mun gera fólk hamingjusamt. Sem þjóð erum við hálf brotin ef við erum alltaf að gera hluti sem gera okkur ekki glöð. Þess vegna vill hún hjálpa okkur að setja okkur framtíðarsýn þannig að það sé rammi og við getum sagt: „Ókei, við sem þjóð erum að fara þangað.““

WWW.NISSAN.IS

NISSAN
Innovation that excites

# NISSAN X-TRAIL

## RÚMGÓÐUR OG SPARNEYTINN SPORTJEPPI
## FÁANLEGUR 7 SÆTA



ENNEMM / SÍA / NM75485

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

### TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.

### NISSAN X-TRAIL

**ACENTA, SJSK., DÍSIL**
Framhjóladrifinn

**Verð: 5.390.000 kr.**

Eyðsla 5,1 l /100 km*

### NISSAN X-TRAIL

**ACENTA, BSK., DÍSIL**
Fjórhjóladrifinn

**Verð: 5.790.000 kr.**

Eyðsla 5,3 l /100 km*

**ACENTA** 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls símabúnaður Bluetooth
**Nissan Connect kerfi**: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.



360° MYNDAVÉLATÆKNI




NISSAN CONNECT



ÖRYGGISHJÚPUR

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

## Kanarí

**Apartmentos Dorotea** ★★

FRÁ: **67.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í tveimur svefnherbergjum. Verð frá 82.700 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 29. júní
7 nætur

## Mallorca

**Vista Club** ★★★

FRÁ: **89.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 119.700 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 5. júlí
14 nætur

## Almeria

**Arena Center** ★★★★

FRÁ: **85.700 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi og hálfu fæði. Verð frá 105.700 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 14. júlí
7 nætur

## Kanarí

**IFA Buenaventura** ★★★

FRÁ: **79.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 91.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 29. júní
7 nætur

## Mallorca

**Lottó** ★★★

FRÁ: **74.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 85.700 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 28. júní
7 nætur

## Almeria

**Hotel Neptuno** ★★★★

FRÁ: **66.700 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 99.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 7. júlí
7 nætur

## Tenerife

**Lottó** ★★★

FRÁ: **69.900 kr.***

Sólarlottó á mann m.v. tvo fullorðna í tvíbýli.

Brottför: 25. júní
7 nætur

## Albír

**Albir Playa** ★★★★

FRÁ: **75.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í tvíbýli með morgunverði. Verð frá 89.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 5. júlí
5 nætur

## Benidorm

**Lottó** ★★★

FRÁ: **89.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi.

Brottför: 28. júní
7 nætur

Verð miðast við að bókað sé á netinu og aðeins með nýjum bókunum. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Flugsæti verð frá 9.900

innifalið; flug, skattar og taska á frábæru verði

**BROTTFÖR 24. JÚNÍ**

**KEF - Alicante**

Önnur leiðin með tösku

FRÁ: **14.900 kr.**

**BROTTFÖR 28. JÚNÍ**

**KEF - Alicante**

Önnur leiðin með tösku

FRÁ: **19.900 kr.**

Sólarpakkar í júní & júlí!

Ótrúlegt verð!

# SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur Plúsferða

Farðu í sólina á dúndurverði!

## Hefst í dag 23. júní kl. 12:00!

### Kanarí

**Roque Nublo** ★★

FRÁ: **65.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í einu svefnherbergi. Verð frá 79.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 6. júlí

7 nætur

### Benidorm

**Hotel Bali** ★★★★

FRÁ: **77.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 99.360 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 28. júní

8 nætur

### Almeria

**Pierre Vacances** ★★★

FRÁ: **69.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum. Verð frá 97.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 30. júní

7 nætur

BROTTFÖR 27. JÚNÍ

**KEF - Barcelona**

Önnur leiðin með tösku

FRÁ: **19.900 kr.**

BROTTFÖR 1. JÚLÍ

**KEF - Alicante**

Önnur leiðin með tösku

FRÁ: **19.900 kr.**

BROTTFÖR 12. JÚLÍ

**KEF - Alicante**

Önnur leiðin með tösku

FRÁ: **24.900 kr.**

# Kolefnishlutlaus Reykjavík árið 2040

Drög að uppfærðri loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar liggja fyrir. Markmiðin eru metnaðarfull og stefnan unnin í þverpólitísku samstarfi. Fjölbreytt aðgerðaáætlun til ársins 2020 er þegar á borðinu. Samgöngur verður að endurhugsa allt frá grunni.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Reykjavíkurborg setur sér það markmið að verða kolefnishlutlaus borg árið 2040, samkvæmt drögum að uppfærðri loftslagsstefnu. Horft er til Parísarsamkomulagsins í loftslagsmálum um framkvæmd. Þessu metnaðarfulla markmiði fylgja miklar breytingar, ekki síst í samgöngum sem er helsta matarholan til að ná árangri, samkvæmt stefnunni.

Drögin voru til umræðu í borgarstjórn á miðvikudag, en þau eru unnin í þverpólitískri sátt en stýrihópinn sem vann að málinu skipuðu oddvitar allra flokka í borgarstjórn undir formennsku Dags B. Eggertssonar borgarstjóra auk aðkomu fulltrúa umhverfis- og skipulagsráðs og embættis- og starfsmanna borgarinnar.

Stefnan sem nú er sett fram er í tveimur hlutum; lýtur að samfélaginu í Reykjavíkurborg, íbúum og atvinnulífi annars vegar, og hins vegar sérstaklega að rekstri Reykjavíkurborgar – bílaflota, vinnustaða borgarinnar og skráningu upplýsinga. Stefnt er að kolefnishlutleysi í báðum tilfellum – báðum hlutum stefnunnar fylgir aðgerðalisti til ársins 2020. Í anda Parísarsamkomulagsins er gert ráð fyrir endurskoðun aðgerða á fimm ára fresti. Árangur verður mældur á tveggja ára fresti miðað við stöðuna árið 2015.

Markmiðið sem sett er nú um að Reykjavíkurborg verði kolefnishlutlaus á sér nokkurn aðdraganda. Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar var fyrst mótuð árið 2009 og var borgin fyrsta sveitarfélag á Íslandi sem setti sér slíka stefnu. Markmiðið var að draga úr losun um 35 prósent fyrir árið 2020 og um 73 prósent fyrir árið 2050.

Fyrir liggur, ólíkt borgarsamfélögum víða annars staðar, að allt rafmagn og öll húshitun Reykjavíkurborgar er fengin með sjálfbærri grænni orku. Þess vegna er lögð sérstök áhersla á samgönguþáttinn í drögunum – sem er stærsta áskorun borgarinnar. Helstu áskoranir sem eru nefndar eru losun metans frá úrgangi og losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugstarfsemi. Stefna um kolefnishlutleysi felur í sér áfram að megináherslan verður á að draga úr losun – en það var megináherslan í stefnunni sem borgin setti sér árið 2009. Ólíkt því sem nú er voru engin áform um að binda þá losun sem ekki verður hægt að draga úr. Til að svara því, í stefnu sem gerir ráð fyrir kolefnishlutleysi, þarf því að binda kolefni með skógrækt, ræktun votlendis og kolefnisbindingu í jörð.

Fréttablaðið fjallaði á dögunum um mikilvægi þéttbýlis í ljósi loftslagsbaráttunnar. Vel á þriðja hundrað borgir, sem finna má í öllum heimsálfum, með um 440 milljónir íbúa hafa sett sér loftslagsmarkmið. Það er þar – hjá sveitarfélögum, sem sóknarfærin gætu helst legið við að ná þeim markmiðum sem þjóðir heims hafa sett sér og birtast í skuldbindingum þeirra í nýjum loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að það hafi verið hans tilfinning í umræðunum í París að borgir séu ekki síður hluti af lausninni en vandanum í loftslagsmálum.

„Þessar tillögur taka mjög mið af því. Skipulagsmál og samgöngumálin eru lykilatriði, auk góðrar samvinnu við atvinnulífið og íbúana. Við höfum í þessari vinnu stuðst við þekkingu sérfræðinga innanlands og horft til þeirrar stefnu, markmiða og aðgerða sem framsæknar borgir hafa verið að setja fram í aðdraganda og eftir Parísarfundinn,“ segir Dagur.



Samgöngumál er það sem þarf að einbeita sér að næstu áratugina til að ná metnaðarfullum markmiðum loftslagsstefnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Róttækra aðgerða er þörf*

### Samgöngur og orkunotkun

- Hlutdeild bílaumferðar verði 58% árið 2030, almenningssamgangna 12% og gangandi og hjólandi 30%.
- Bílaumferð og almenningssamgöngur verði laus við losun gróðurhúsalofttegunda árið 2040.
- Reykjavíkurborg beiti sér fyrir eflingu almenningssamgangna með hraðvögnum eða léttlestum, svokallaðri Borgarlínu, í samvinnu við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og samgönguyfirvöld.

### Landnotkun

- 90% nýrra íbúða verða innan þéttbýlismarka til að efla nærþjónustu og draga úr ferðaþörf.
- Unnin verði áætlun sem miðar að fækkun bensínstöðva. Markmiðið verði að dælur fyrir jarðefnaeldsneyti innan borgarmarkanna verði 50% færri árið 2030 og verði að mestu horfnar árið 2040.
- Gerð verður fýsileikakönnun fyrir vindmyllugarð innan borgarmarkanna í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur.

### Rekstur borgarinnar

- Grænar áherslur verði ekki val heldur skylda í öllum rekstri borgarinnar. Öll svið og starfsstaðir borgarinnar taki þátt í grænum skrefum borgarinnar eigi síðar en í árslok 2016.
- Árið 2025 munu 100% bílaflota Reykjavíkurborgar nota orkugjafa sem er laus við losun gróðurhúsalofttegunda.

**Fjölmargt á aðgerðalista uppfærðrar loftslagsstefnu vekur athygli – annað er kunnuglegra. Hér fylgja aðeins nokkur dæmi af aðgerðalista sem tiltekur 39 aðgerðir, misumfangsmiklar.*

**Við höfum í þessari vinnu stuðst við þekkingu sérfræðinga innanlands og horft til þeirrar stefnu, markmiða og aðgerða sem framsæknar borgir hafa verið að setja fram í aðdraganda og eftir Parísarfundinn.**

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri



# Tré í skógarlundi rakst í byggðalínu og olli skammhlaupi

**SAMGÖNGUMÁL** Blöndulína 1, sem er hluti af byggðalínu Landsnets, sló út í rúmar þrjár klukkustundir síðastliðinn sunnudag vegna þess að tré í Þórdísarlundi, sem stendur undir línunni slóst í hana og við það varð skammhlaup.

„Sýnir glögglega þörfina á betri tengingu og sterkari byggðalínu," segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets.

Útleysing línunnar, sem liggur milli virkjunar í Blöndu og spennistöðvar við Laxárvatn í Húnavatnssýslu, olli því að byggðalínan var aftengd og því raforkukerfið allt rekið á tveimur eyjum. Norðurland og Austurland í einni eyju og Suðvesturland í annarri eyju.

„Miklar tíðnisveiflur urðu á Suðvesturlandi sem urðu til þess að Ísal, Norðurál og Elkem ásamt skerðanlegum notendum á Vestfjörðum leystu út hluta af sínu álagi. Engar tilkynningar um skemmdir á búnaði hafa borist í kjölfar truflunarinnar," segir Steinunn.

Þessi útleysing sýnir, að mati Steinunnar, hversu mikil þörf sé á að endurbyggja byggðalínuna og efla raforkuflutningskerfið um allt land.

„Hún er allt of veik borið saman við þær einingar sem tengjast henni, þ.e. bæði álag og framleiðslu. Eðlilegt er að gera kröfu til þess að hringtengingar þoli truflun á einni einingu en byggðalínan þolir illa truflanir eins og staðan er í dag og ekki er hægt að tryggja nægjanlegt afhendingaröryggi,“ segir Steinunn.

Byggðalínan er þrjátíu ára gömul en undirbúningur að lagningu hennar hófst á fyrri hluta áttunda áratugarins og lauk verkefninu 1984. **– sa**



Brýnt er að efla enn frekar flutningskerfi raforku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Engar tilkynningar um skemmdir á búnaði hafa borist í kjölfar truflunarinnar.**

Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets



**Rúmlega þrjátíu ár eru liðin frá því að lagningu byggðalínunnar lauk.**

ÓB

# 23 KR.

## EM-AFSLÁTTUR Í DAG




### ISL 2–1 AUS

Strákarnir okkar voru svo sannarlega í stuði í gær. Tvö 5 króna mörk bæta tíkalli við EM-afsláttinn. Lykil- og korthafar ÓB og Olís fá því 23 króna afslátt af eldsneytislítranum í dag.

### AFSLÁTTUR

Daginn eftir leiki karlalandsliðs Íslands í knattspyrnu á EM í Frakklandi verður 13 kr. afsláttur af eldsneytis-lítranum og 5 kr. til viðbótar fyrir hvert mark sem Ísland skorar. Gildir fyrir lykil- og korthafa hjá ÓB og Olís.

### SÆKTU UM LYKIL Á OB.IS

Ef þú átt ekki ÓB-lykil geturðu sótt um hann á ob.is eða á næstu Olís-stöð.

PIPAR\TBWA • SÍA • 162684



**8,5%** mældist óleiðréttur kynbundinn launamunur.

## Segja launamun óbreyttan

Óleiðréttur kynbundinn launamunur félagsmanna aðildarfélaga BHM sem starfa hjá ríkinu var óbreyttur milli áranna 2014 og 2015, eða 8,5 prósent, að því er rauntölur úr launakerfi ríkisins sýna, segir í tilkynningu. Þetta eru aðrar niðurstöður en í nýrri könnun BHM.

Rauntölurnar eru aðrar en niðurstöður nýrrar könnunar BHM, þar sem tæp fjörutíu prósent félagsmanna tóku þátt, en þar kom fram að óleiðréttur launamunur ríkisstarfsmanna hefði farið úr 14 prósentum í 16 prósent milli áranna 2014 og 2015.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið birtir ársfjórðungslega upplýsingar úr launakerfi ríkisins um meðallaun starfsmanna ríkisins, greint eftir heildarsamtökum opinberra starfsmanna, stéttarfélögum og kyni. Þar má sjá hvernig launamunur kynjanna hefur þróast. Þess ber að geta að þar hefur ekki verið leiðrétt fyrir áhrifaþáttum eins og starfsaldri, menntun og ábyrgð. **– sg**

# Afnám hafta ennþá á áætlun

**Þrátt fyrir dræma þátttöku í aflandskrónaútboði Íslands er afnám fjármagnshafta á áætlun. Forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins segir þó kostnaðarsamt að halda úti stórum gjaldeyrisvaraforða.**

„Þetta er tvíbent, það væri vissulega heppilegra að sjá hærra þátttökuhlutfall í útboðinu, en ef maður lítur á hvað þessir stóru eigendur hafa tjáð sig um, þá var ekki mikillar þátttöku að vænta. Aðalatriðið finnst mér þó það að hægt sé að taka næstu skref við losun fjármagnshafta þrátt fyrir þetta þátttökuhlutfall,“ segir Hrafn Steinarsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, um niðurstöðu aflandskrónatútboðs Seðlabanka Íslands.

Í nýafstöðnu útboði nam fjárhæð samþykktra tilboða rúmlega 72 milljörðum króna af tæplega 178 milljörðum króna sem boðnar voru í útboðinu. „Þetta eru auðvitað vonbrigði, maður hefði viljað sjá að við værum að ná að losa fleiri aflandskrónur í gegnum þetta útboð, það er bæði lagaleg óvissa og svo er ljóst að það mun kosta okkur verulegan pening að halda í þennan stóra varagjaldeyrisforða á meðan,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.

Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands minnkar um rúmlega 47 milljarða í kjölfar útboðsins. Seðlabankinn býðst til að kaupa á útboðsgenginu 190 krónur á hverja evru aflandskrónaeignir sem ekki voru seldar í útboðinu.

Ásdís tekur undir með Hrafni Steinarssyni að niðurstaðan muni ekki hafa áhrif á losun hafta. „Það



**Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir afnám fjármagnshafta alveg tvímælalaust á áætlun.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það mun kosta okkur verulegan pening að halda í þennan stóra varagjaldeyrisforða á meðan.**
>
> Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA



er búið að girða fyrir þessa aflandskrónaeigendur og það lá alltaf fyrir að þó svo að þátttakan yrði ekki mikil myndi þetta ekki hafa áhrif á frekari losun hafta á innlenda aðila. En auðvitað hefði verið besti kosturinn að hafa betri þátttöku og við hefðum verið búin að leysa þennan vanda.“ Ásdís telur ólíklegt að annað útboð verði haldið.

Í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær sagði Bjarni afnám hafta tvímælalaust á áætlun og sagði að það mætti líta á það sem eins konar yfirlýsingu um töluverða trú á íslensku efnahagslífi inn í framtíðina að nokkrir stórir aðilar sitji eftir.

Næstu skref við afnám hafta snúa að innlenda markaðnum. „Eigendur aflandskrónaeigna eru sennilega aftastir í röðinni og það mun bara koma að þeim seinna meir,“ segir Hrafn Steinarsson. **saeunn@frettabladid.is**






**Frá fundi sendinefndar AGS í apríl síðastliðnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# AGS varar við hættu á ofhitnun hagkerfisins

**EFNAHAGSMÁL** Ofhitnun hagkerfisins er einn helsti áhættuþátturinn sem Ísland stendur frammi fyrir að mati sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Sjóðurinn sendi í gær frá sér reglubundna úttekt á efnahagsástandinu hér.

„Horfurnar eru jákvæðar. Vöxtur eykst á þessu ári og er búist við að hann verði meiri en 4,5 prósent,“ segir í tilkynningu AGS. Hagvöxtur ársins er sagður drifinn áfram af innlendri eftirspurn og hröðum uppgangi ferðaþjónustunnar. „Líklega hægir svo á vextinum í framhaldinu þegar taka að bíta aðgerðir til að slá á of mikla eftirspurn og verðbólguþrýsting.“

Bent er á að verðbólgu, sem var 1,7 prósent í maí, hafi verið haldið í skefjum af lækkandi verði innflutningsvara og styrkingu

**4,5%** hagvöxtur verður á árinu gangi spár eftir.

krónunnar. „Vegna mikilla launahækkana nýverið er því hins vegar spáð að verðbólga fari yfir 2,5 prósenta markið síðar á þessu ári og nái hámarki á næsta ári áður en við tekur hægfara hjöðnun hennar.“

Viðbúið er sagt að aukinn launakostnaður komi til með að hamla samkeppnishæfni þegar fram líða stundir um leið og stöðugt dragi úr afgangi af viðskiptum við útlönd. „Þessi þróun, sé henni ekki haldið í skefjum með stjórn efnahagsmála, gæti leitt til ofhitnunar hagkerfisins. Þar er hættan mest fyrir Ísland.“ **– óká**




# REYKJAVÍK » KÓPA~~VOGUR~~ SKER

## ÞÚ FINNUR EKKI FYRIR KÍLÓMETRUNUM

## CITROËN C4

Það er auðvelt að gleyma sér við akstur þegar maður er á liprum, sparneytnum og þægilegum Citroën C4. Hönnun hans er í senn hagnýt og grípandi. Ekki nóg með það heldur er hann búinn nýrri Puretech vél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn Vél ársins (International Engine of the Year). Margverðlaunaða Puretech vélin sameinar frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun. Citroën C4 er fáanlegur með nýrri sex þrepa sjálfskiptingu sem hefur fengið mikið lof.

Sérstaða Citroën C4 felst jafnframt í fjölmörgum smáatriðum sem hámarka þægindi ökumanns og farþega. Má þar nefna 7" snertiskjá í mælaborði, tölvustýrða miðstöð, fjölstillanleg sæti sem eru einstaklega þægileg, frábæra hljóðeinangrun, hraðastilli og nýja kynslóð LED ljósa.

VERÐ FRÁ EINUNGIS **2.990.000** KR.

Komdu í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

INTERNATIONAL engine of the year awards 2015
Presented by engine technology international magazine

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

citroen.is
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Áfram Ísland



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu vann sinn fyrsta sigur á stórmóti í gær og tryggði sér þar með sæti í sextán liða úrslitum. Liðið vann hið austurríska 2-1, eins og alþjóð veit, í ótrúlegum leik á Evrópumeistaramótinu og mætir því Englendingum á mánudag.

„Þetta var hreint út sagt ótrúlegt, strákarnir hættu ekki að berjast í dag og að gefa sig alla í þetta. Það voru allir með fulla einbeitingu og ég held að þú finnir hvergi annan leikmannahóp sem er jafn vel samstilltur,“ sagði Lars Lagerbäck, annar þjálfari íslenska landsliðsins, stuttu eftir leik.

Fyrir leikinn, og raunar þá tvo leiki sem liðið hafði þegar spilað á mótinu án taps, var það ótrúlegt afrek í sjálfu sér að komast á mótið. Flestir Íslendingar hefðu almennt ekki gert neinar kröfur til liðsins aðrar en að gera sitt besta og bera höfuðið hátt. Árangurinn vakti athygli út fyrir landsteinana, enda Ísland miðað við höfðatölu eins og smáþorp, í samanburði við önnur þátttökuríki í mótinu.

En strákarnir okkar, eins og þeir eru jafnan kallaðir, vilja ekki vinna neina höfðatölusigra. Þeir eru hreinir sigurvegarar. Þeir hafa sýnt heiminum hvað hægt er að gera þrátt fyrir mótlæti og litlar líkur.

Stærsta stjarnan á mótinu sem liðið hefur mætt hingað til er Portúgalinn Cristiano Ronaldo, en liðið gerði jafntefli við hið portúgalska í síðustu viku. Ronaldo var gagnrýndur töluvert fyrir hegðun sína eftir leikinn, en hann mun hafa neitað að taka í hönd íslensku leikmannanna, auk þess sem hann sagði eftir leikinn að fagnaðarlætin í Íslendingunum væru merki um lélegt hugarfar. Með orðum sínum sameinaði leikmaðurinn heimsbyggðina í lið með litla Íslandi.

Það er nefnilega þannig að fátt er betra en að sjá lítilmagnann verða ofan á. Sjá Davíð sigra Golíat.

Einn allra besti leikmaður heims, sem unnið hefur titla með bestu liðum heims og er súperstjarna langt út fyrir raðir knattspyrnuáhugamanna náði með athugasemdum sínum að sameina þá sem trúa á lítilmagnann. Þá sem sækjast eftir árangri umfram það sem hægt er að ætlast til.

Það er ekki annað hægt en að fyllast stolti þegar fylgst er með frammistöðu landsliðsins. Auðvitað hefur leikur þeirra verið bæði góður og slæmur, eins og svo oft í boltanum. En staðfestan, baráttan og leikgleðin skín úr andliti hvers einasta manns, frá fyrirliða til varamanna og þjálfara og árangurinn hefur verið eftir því.

Leikurinn á mánudag verður, eins og þeir sem liðið hefur leikið á mótinu hingað til, sá stærsti í sögunni. Enska landsliðið stendur Íslendingum nærri, enda enska knattspyrnudeildin afar vinsæl hér heima og margir góðkunningjar í liðinu sem skartar hverri stórstjörnunni á fætur annarri.

Sama hvernig fer geta strákarnir okkar gengið stoltir frá borði. Hver leikur héðan í frá er meira en hægt var að biðja um en samtímis nákvæmlega það sem við vonuðumst eftir og bjuggumst við. Áfram Ísland!

**Það er nefnilega þannig að fátt er betra en að sjá lítilmagnann verða ofan á. Sjá Davíð sigra Golíat.**






### Halldór




## Frá degi til dags

**Höfðatalan jarðsungin**

**Þjóðarstolt Íslendinga hefur ætíð verið mikið. Við erum og höfum verið hreykin af eigin afrekum á erlendri grundu og stutt samlanda okkar. Ef gengið hefur verið rysjótt þá höfum við samt sem áður unnið þótt við töpum og gjarnan minnst á höfðatölu. En nú hefur árangur strákanna okkar í íslenska landsliðinu gert það að verkum að þjóðarstolt okkar hefur náð áður ófyrirséðum hæðum. Við erum gjörsamlega að springa úr stolti. Litla eyríkið, lengst norður í Atlantshafi, hefur grýtt höfðatölunni út í hafsauga og stendur jafnfætis stórþjóðum. Til hamingju með það afrek.**

**Stade de France > Bessastaðir**

**Menn eru að skrifa sögu íslenskrar knattspyrnu í Frakklandi þetta sumarið. Þegar þessu ævintýri lýkur, þótt við vonum að því ljúki aldrei, mun öll sveitin koma heim, landsliðsmenn verða sæmdir orðum og vonandi verður hnýtt í Lars okkar elskaða æðsta orða sem hægt er að veita erlendum ríkisborgara. Össur Skarphéðinsson kallar eftir því einnig að honum verði veittur heiðursríkisborgararéttur ekki seinna en strax. Næsti leikur landsliðsins fer fram á mánudaginn. Áður en að honum kemur munum við velja okkur forseta. En íslensk þjóð virðist vera með hugann við allt annað.** sveinn@frettabladid.is

## Ísland njóti bestu kjara



Lilja Alfreðsdóttir
utanríkisráðherra

Bretar ákveða í þjóðaratkvæðagreiðslu í dag hvort þeir yfirgefi Evrópusambandið eða verði þar áfram. Viðhorfskannanir gefa til kynna að úrslitin verði tvísýn og þjóðin virðist skiptast í tvo jafn stóra hópa, þar sem annar vill aukið efnahagspólitískt sjálfstæði en hinn halda Evrópusamstarfinu áfram.

Bretland er eitt mikilvægasta viðskiptaland Íslands. Íslendingar fluttu út vörur og þjónustu til Bretlands fyrir meira en 120 milljarða króna á síðasta ári. Á móti fluttum við inn vörur og þjónustu frá Bretlandi fyrir 90 milljarða. Bretar eru um 19% erlendra ferðamanna á Íslandi og eru fjölmennastir í hópi þeirra sem sækja okkur heim. Flugferðir milli landanna voru um 6.400 talsins á síðasta ári og um 2.200 Íslendingar eru skráðir með lögheimili í Bretlandi.

**Grundvallast á EES–samningnum**

Samskipti Íslands og Bretlands grundvallast að miklu leyti á EES-samningnum. Hann kveður á um frelsi í viðskiptum og fjárfestingum, frjálsa búsetu fólks og samstarf á ýmsum sviðum. Samningurinn helst óbreyttur ef Bretar velja sér áframhaldandi veru í Evrópusambandinu. Ef Bretar segja skilið við sambandið munu þeir þurfa að semja um viðskiptakjör og ýmis samskipti sín við aðrar þjóðir, þar með taldar aðildarþjóðir EES-samningsins. Engar breytingar yrðu þó á samskiptum Íslands og Bretlands í a.m.k. tvö ár frá ákvörðun um úrsögn, samkvæmt sáttmálum ESB. Með samhljóða ákvörðun allra aðildarríkjanna má lengja þann tíma.

**Í startholunum**

Íslensk stjórnvöld hafa fylgst náið með þróun mála undanfarna mánuði og búið sig undir niðurstöðuna, hver sem hún kann að verða. Í báðum tilvikum er markmiðið það sama; að tryggja festu og stöðugleika í samskiptum landanna, að viðskiptakjör verði framvegis a.m.k. jafn góð og hingað til og frelsi íbúanna til ferða og búsetu í hvoru landi fyrir sig haldist óbreytt. Leiðirnar að því markmiði hafa verið kortlagðar og við erum í startholunum, ef á þarf að halda.

**Samskipti Íslands og Bretlands grundvallast að miklu leyti á EES-samningnum. Hann kveður á um frelsi í viðskiptum og fjárfestingum, frjálsa búsetu fólks og samstarf á ýmsum sviðum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Bretar kjósa um ESB

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Charles de Gaulle forseti Frakklands 1959-1969 efaðist um að Bretar ættu heima í ESB. Honum þóttu þeir sérlundaðir og hallir undir Bandaríkin og taldi ESB betur borgið án Breta. Þegar de Gaulle féll frá 1970 sagði eftirmaður hans, George Pompidou: Frakkland er ekkja. Tveim árum eftir fráfall de Gaulles var Bretum hleypt inn í ESB. Þá var við völd í Bretlandi ríkisstjórn Íhaldsflokksins undir forustu Edwards Heath forsætisráðherra. Þjóðaratkvæðagreiðsla um málið var haldin þrem árum síðar, 1975, þegar Verkamannaflokkurinn hafði tekið við landstjórninni undir forustu Harolds Wilson forsætisráðherra, og lýstu 67% kjósenda sig hlynnta inngöngunni eftir á.

**Friður og vörn gegn frekari hnignun**

Rökin fyrir inngöngu Breta í ESB voru tvíþætt. Í fyrsta lagi þótti Bretum rétt að eiga aðild að friðarsambandi sem var ætlað að binda Þjóðverja og aðrar Evrópuþjóðir svo traustum böndum að Þjóðverjar myndu aldrei aftur hefja stríð gegn grönnum sínum. Í annan stað hafði Bretland dregizt aftur úr öðrum þjóðum í efnahagslegu tilliti, ekki bara Bandaríkjunum heldur einnig Frakklandi og Þýzkalandi. Efnahagshnignun Bretlands var á allra vörum. Heimsveldið þar sem sólin hneig aldrei til viðar leið undir lok eftir heimsstyrjöldina síðari. Nýlendurnar í Afríku og Asíu tóku sér þá allar sjálfstæði, fyrst Indland 1947 og önnur Asíulönd, síðan Gana 1956 og önnur Afríkulönd.

Um hnignun Bretlands miðað við önnur Evrópulönd eftir stríð má hafa margt til marks. Hér skulum við skoða þjóðartekjur á hverja vinnustund, öðru nafni framleiðni vinnuafls, einn skásta lífskjarakvarða sem völ er á. Dragðu nú andann djúpt, lesandi góður, og búðu þig undir talnahríð. Heimildin er hagtölur hagfræðinga í Groningen-háskóla í Hollandi sem hafa sérhæft sig í slíkum tölum.

Árið 1950 voru tekjur á hverja vinnustund á Bretlandi 41% hærri en í Frakklandi og 85% hærri en í Þýzkalandi sem hafði tapað stríðinu. Brezka ljónið hafði líka komið laskað út úr styrjöldinni en bar samt af Frökkum og Þjóðverjum í efnahagslegu tilliti. Eftir 1950 drógust Bretar hratt aftur úr Frökkum og Þjóðverjum. Árið 1962 fóru tekjur á hverja vinnustund í Frakklandi fram úr Bretlandi og 1965 fóru tekjur á hverja vinnustund í Þýzkalandi einnig fram úr Bretlandi. Hnignunin vatt upp á sig. Þegar Bretar gengu inn í ESB 1973 voru tekjur á hverja brezka vinnustund komnar niður í 81% af tekjum á hverja franska vinnustund og niður í 90% af tekjum á hverja þýzka vinnustund. Tuttugu árum síðar, 1992, voru tekjur á hverja vinnustund á Bretlandi aðeins 76% af tekjum á hverja vinnustund í Frakklandi og Þýzkalandi. Hlutföllin hafa haldizt nær óhögguð frá þeim tíma.

**Margréti Thatcher að þakka? Nei**

Einhverjir kynnu að halda að ríkisstjórn Íhaldsflokksins undir forustu Margrétar Thatcher og Johns Major 1979-1997 hafi átt mestan þátt í að stöðva hnignun Bretlands, en hagtölur styðja ekki þá skoðun. Tölfræðiathuganir brasilíska hagfræðingsins Nauros Campos, prófessors í London, og samverkamanna hans tímasetja umskiptin um 1973 þegar Bretar gengu í ESB, ekki 1979 þegar Thatcher tók við landstjórninni. Campos og félagar miða við þjóðartekjur á mann frekar en vinnustund eins og ég geri að framan.

**Samanburður við Bandaríkin**

Árið 1950 voru tekjur á hverja brezka vinnustund 61% af tekjum á hverja vinnustund í Bandaríkjunum. Kaninn stóð með pálmann í höndunum eftir stríð. Þegar Bretar gengu í ESB 1973 hafði hlutfallið milli Bretlands og Bandaríkjanna mjakazt upp í 63%. Síðan þá hafa Bretar smám saman dregið á Bandaríkjamenn. Tekjur á hverja vinnustund á Bretlandi 2015 voru 75% af tekjum á hverja vinnustund í Bandaríkjunum líkt og 1992 og 78% af tekjum á hverja vinnustund í Frakklandi og Þýzkalandi. Hlutföllin milli Bretlands annars vegar og Bandaríkjanna, Frakklands og Þýzkalands hins vegar hafa því haldizt nær óbreytt í aldarfjórðung. Evrópa hefur eigi að síður dregið á Bandaríkin frá stríðslokum. Þjóðartekjur á hverja vinnustund í Frakklandi sem höfðu verið 43% af tekjum á hverja vinnustund í Bandaríkjunum 1950 voru t.d. orðnar jafnháar og í Bandaríkjunum 1988 og hafa verið hærri en þar vestra síðan þá ef allra síðustu ár sem hafa verið Evrópu erfið eru undan skilin (Frakkland liggur nú 4% undir Bandaríkjunum á þennan kvarða). ESB-löndin njóta skjóls hvert af öðru og hafa því flest tekið svipuðum framförum undangenginn aldarfjórðung.

> **Fari svo að Bretar kjósi í dag að ganga úr ESB munu Skotar varla una því að Englendingar dragi þá með sér út úr ESB. Norður-Írar munu einnig hugsa sinn gang. Ef England byrjar aftur að dragast aftur úr Frakklandi og Þýzkalandi, verður Norður-Írlandi þá ekki betur borgið ef það sameinast Írlandi til að geta verið áfram í ESB? Hvað gerir Wales þá?**

**Efnahagsmál eða stjórnmál?**

Yfirgnæfandi hluti brezkra hagfræðinga mun í dag greiða atkvæði gegn úrsögn Breta úr ESB í samræmi við túlkun hagsögunnar hér að framan. Fleira hangir þó á spýtunni en efnahagssjónarmið. Evrópa hefur undangengna áratugi tekið stakkaskiptum á flestum sviðum. Aukin viðskipti innan álfunnar fyrir tilstilli ESB bæta lífskjör á heildina litið. Fyrir tilstuðlan ESB hefur tekizt að leysa upp einokunarhringa sem einstök lönd réðu ekki við. Ferðalög og fólksflutningar ganga mun greiðar en áður. ESB-löndum hefur tekizt að halda friðinn. Stríður straumur flóttamanna til Evrópu vitnar um sterkt aðdráttarafl álfunnar en hefur einnig ýtt undir þjóðrembu og daður við fasisma. Fari svo að Bretar kjósi í dag að ganga úr ESB munu Skotar varla una því að Englendingar dragi þá með sér út úr ESB. Norður-Írar munu einnig hugsa sinn gang. Ef England byrjar aftur að dragast aftur úr Frakklandi og Þýzkalandi, verður Norður-Írlandi þá ekki betur borgið ef það sameinast Írlandi til að geta verið áfram í ESB? Hvað gerir Wales þá? Þessu þurfa brezkir kjósendur að velta fyrir sér og einnig hættunni á að úrsögn Bretlands úr ESB leiði til úrsagnar annarra landa. Fækkun aðildarlanda ESB myndi veikja Evrópu inn á við jafnt sem út á við og auka hættuna á ýfingum og jafnvel ófriði.

# Mannréttindamál í ólestri hér á landi



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Mannréttindamál eru í ólestri hér á landi. Ég hef bent á það í greinum mínum, að það sé brot á mannréttindum að skammta öldruðum og öryrkjum svo nauman lífeyri, að þeir geti ekki lifað af honum; þeim sem eingöngu hafa tekjur frá TR.

Nú hefur það verið staðfest af mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins, Nils Muiznieks, að Ísland stendur langt að baki grannlöndunum í mannréttindamálum. Hann var hér á ferð fyrir skömmu og gagnrýndi þá ástand mannréttindamála hér. Gagnrýndi hann, að Ísland hefði enn ekki fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra. Ísland undirritaði þennan samning fyrir níu árum. Nær öll grannríki okkar hafa fullgilt hann. 164 ríki hafa fullgilt samninginn.

Á meðan mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins dvaldist hér var rætt við Eygló Harðardóttur félagsmálaráðherra um það hvað liði fullgildingu samningsins um réttindi fatlaðra. Hún sagði, að unnið hefði verið að lagasetningu til undirbúnings fullgildingu. Ýmis ríki hefðu fyrst fullgilt samninginn en síðan sett nauðsynleg lög. Var að heyra á henni að fara mætti þá leið. Málið heyrði undir innanríkisráðherra.

**Getur enn dregist í langan tíma**

Haft er eftir Ólöfu Nordal innanríkisráðherra að unnið verði að setningu nauðsynlegra laga til þess að fullgilda í samning SÞ. Var ljóst, að hún mundi leggjast gegn því að fullgilda fyrst samninginn. Það þýðir, að enn getur það dregist í langan tíma, að samningur SÞ um réttindi fatlaðra verði fullgiltur hér. Ég tel að fara eigi þá leið, sem Eygló minntist á: Að fullgilda samninginn fyrst og setja síðan nauðsynleg lög.

Evrópusambandið og grannlönd okkar hafa lögfest samninga, sem banna hvers konar mismunun. Fyrir fjórum árum var hér mannréttindafulltrúi á ferð, sem lagði áherslu á, að lögfestur yrði sams konar samningur hér. Það hefur ekki verið gert enn.

> **Nú hefur það verið staðfest af mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins, Nils Muiznieks, að Ísland stendur langt að baki grannlöndunum í mannréttindamálum.**

**Mikil mismunun hér**

Mismunun er mikil hér og ekki síst gegn öldruðum og öryrkjum. Það er stöðugt verið að mismuna þeim á öllum sviðum, í heilbrigðisstofnunum, í starfsmannamálum, í kjaramálum og á fleiri sviðum. Aldraðir sæta afgangi í heilbrigðisstofnunum. Þeir yngri ganga fyrir þar. Aldraðir á hjúkrunarheimilum fá ekki alltaf sömu spítalameðferð og þeir, sem vistaðir eru á spítölum.

**Skilja aldraða eftir**

Í kjaramálum gera stjórnvöld sér lítið fyrir og skilja aldraða eftir þegar allir aðrir fá miklar kauphækkanir eins og gerðist árið 2015. Heita má, að allar stéttir og hópar nema aldraðir og öryrkjar hafi þá fengið 14-40 prósenta kauphækkun. Aldraðir og öryrkjar voru einir skildir eftir í átta mánuði. Það var hreint mannréttindabrot.



# Loftslagsvænn landbúnaður



Sigrún Magnúsdóttir
umhverfis- og auðlindaráðherra

Á dögunum skrifuðu undirrituð og Björn Þorsteinsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) á Hvanneyri, undir tvo samninga um verkefni sem eru hluti af sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum. Annar samningurinn snýr að því að fá yfirlit og upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu koldíoxíðs í gróðri og jarðvegi. Hinn samningurinn lýtur að útreikningum á kolefnislosun í landbúnaði. Upplýsingar og gögn frá þessum verkefnum munu gagnast við gerð vegvísis, þar sem stefna og markmið um að útfæra minnkun í losun frá landbúnaði er mótuð í samvinnu við Bændasamtökin.

Það skiptir miklu máli að bæta tölulegar upplýsingar varðandi þátt landbúnaðar og landnotkunar í kolefnislosun og -bindingu hér á landi. Samningarnir við LBHÍ eru þýðingarmikið skref í því að auka vísindaþekkingu innan skólans á þessu sviði um leið og þeir styrkja þessa mikilvægu stoð í stefnu Íslands í loftslagsmálum.

**Samvinna**

Sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er til þriggja ára og samanstendur af 16 fjölbreyttum verkefnum sem unnin verða í samstarfi við atvinnulífið og stofnanir. Ekki hefur áður verið lagt jafn mikið fé til sérstakra aðgerða í loftslagsmálum hérlendis. Sóknaráætlunin miðar að því að virkja atvinnulíf og stofnanir því loftslagsmál tengjast nær öllum atvinnugreinum. Því þarf samstillt átak til að takast á við þær áskoranir sem eru samfara þeim auk þess sem loftslagsmál hafa gríðarleg áhrif á efnahagslífið.

Mikilvægt er að allir beri ábyrgð í loftslagsmálum, en mikil vakning hefur orðið í samfélaginu um að finna raunhæfar lausnir. Til að vel megi takast og standa undir væntingum þeirra kynslóða sem á eftir okkur koma þarf því að örva og virkja samfélagið, fyrirtæki sem og einstaklinga til þátttöku og aukinnar vitundar. Sóknaráætlunin tekur mið af þess konar samvinnu og má nefna eflingu innviða fyrir rafbíla á landsvísu, átak gegn matarsóun, vegvísi í sjávarútvegi, endurheimt votlendis og loftslagsvænan landbúnað.

**Kolefnisútreikningar**

Landbúnaður og landnotkun hefur vissulega gríðarleg áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda en þar eru jafnframt tækifæri til að binda koldíoxíð úr andrúmslofti með skógrækt, landgræðslu og fleiri aðgerðum. Nauðsynlegt er að fá betri kortlagningu og útreikninga á hvernig losunin dreifist innan geirans og hvar tækifæri í bindingu liggja svo markmið og áætlanir um samdrátt í losun nái fram að ganga.



**Sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er til þriggja ára og samanstendur af 16 fjölbreyttum verkefnum sem unnin verða í samstarfi við atvinnulífið og stofnanir.**

**Bestu vörslumenn landsins**

Bændur gegna miklu hlutverki varðandi endurheimt landgæða og hafa verið ötulir talsmenn þess að græða landið frá fjöru til fjalla. Ríkisstjórnin hefur veitt aukið fjármagn til skógræktar, landgræðslu og endurheimtar votlendis. Fyrr í vor setti ég af stað verkefni um endurheimt votlendis í samræmi við sóknaráætlun í loftslagsmálum og fól Landgræðslu ríkisins framkvæmdina. Verkefnin verða unnin í náinni samvinnu við landeigendur en margir sjá aukna möguleika fyrir svæði sem ekki eru nýtt til búskapar og geta með endurheimt haft aukið útivistargildi, m.a. í fjölbreyttara fuglalífi og fiskgengd.

Þá er skógrækt viðurkennd mótvægisaðgerð gegn uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Margir bændur eiga land sem ekki nýtist við búskapinn og gæti hentað vel til skógræktar. Með skógræktaráætlun skapast möguleikar á nýrri skógarauðlind og sjálfbærni í nýtingu lands samhliða bættri ímynd.

**Minna kolefnisfótspor**

Fram undan eru áskoranir í loftslagsmálum sem þarf að mæta með breyttu og jákvæðu hugarfari. Fjöldi þeirra 175 ríkja sem skrifuðu undir Parísarsamkomulagið styrkir okkur í þeirri trú að þjóðir heims hafi tekið ákvörðun um að hefjast handa við að sporna gegn loftslagsbreytingum. Tillaga um fullgildingu samningsins af Íslands hálfu verður lögð fram á Alþingi að loknu sumarfríi – efndir munu fylgja orðum. Markmiðum Íslands verður fylgt eftir, kolefnisfótsporið þarf að minnka og stefna Íslands í loftslagsmálum leiða okkur að loftslagsvænum lausnum og nýsköpun.

# Samnefnarinn er hatur



Sigríður Pétursdóttir
dagskrárgerðarmaður

Breska þingkonan Jo Cox var myrt í hroðalegri árás 16. júní síðastliðinn og nokkrum dögum fyrr féll fjöldi fólks í skelfilegri skotárás í Orlando. Við hrökkvum við, fellum jafnvel tár, og hristum hausinn yfir grimmd og ósanngirni.

Í kjölfar hræðilegra atburða er vissulega mannlegt að reyna að finna einfaldar skýringar og ástæður. Í örvæntingu er leitast við að sýna fram á að árásarmennirnir hafi ekki verið eins og fólk er flest, í von um að flest séum við í lagi og flest séum við óhult. Ofbeldismennirnir séu hryðjuverkamenn eða einfarar með geðsjúkdóm. Það væri ábyggilega hægt að finna aðra samnefnara. Kannski ganga þeir allir í svipuðum sokkum.

Fátækt, kúgun, einelti, ofbeldi, trúarofstæki, og fáfræði. Víða kveljast hrjáðar sálir eftir að hafa horft upp á stríðsátök frá barnæsku. Víða leynast svangir munnar og buguð börn, sem horfa árum saman upp á að öðrum gangi betur í lífsbaráttunni, séu hressir, eigi góða vini, útskrifist úr virtum skólum eða eigi foreldra sem elska þá. Skiljanlega eru margir reiðir í veröldinni, og hafa ástæðu til. Flestir lifa með sársaukanum, en eðli málsins samkvæmt fara einhverjir út af sporinu.

Fólk með geðræn vandamál er alla jafna friðsælt og sama má segja um flesta múslima, flesta græneygða, og flesta arkitekta.

**Skortur á umburðarlyndi**

Samnefnarinn er ekki ein trúarbrögð, og heldur ekki geðræn vandamál. Samnefnarinn er hatur og ástæður þess að manneskjur hata eru fjölmargar. Fólk getur hatað þá sem eru öðruvísi; játa aðra trú, hafa aðra kynhneigð, eða líta öðruvísi út. Stundum er það hræðsla við hið ókunnuga. Alltaf er skortur á umburðarlyndi og samkennd. Við erum öll eins í grunninn og á það ættum við að einblína.

**Fólk getur hatað þá sem eru öðruvísi; játa aðra trú, hafa aðra kynhneigð, eða líta öðruvísi út. Stundum er það hræðsla við hið ókunnuga. Alltaf er skortur á umburðarlyndi og samkennd. Við erum öll eins í grunninn og á það ættum við að einblína.**

Hatur, skotárásir, hryðjuverk og ofbeldi er ekki nýtt af nálinni. Það kom ekki með netinu, kommentakerfum og myndum í beinni af fórnarlömbum voðaverka. Við sjáum bara allt fyrr núna; erum vitni. Það að eitthvað hafi alltaf verið til er heldur engin afsökun. Þvert á móti. Nú höfum við fleiri tækifæri til að láta raddir okkar heyrast og ættum að nýta þau vel. Við berum öll ábyrgð á að útrýma hatursumræðu eins og unnt er. Hún á ekkert skylt við málfrelsi eða eðlileg skoðanaskipti. Það verður sjálfsagt alltaf erfitt að dæma um hvar mörkin liggja, en svona getur þetta allavega ekki gengið lengur. Núna neita öfgasinnaðir þjóðernissinnar í Bretlandi t.d. að bera nokkra ábyrgð á morðinu á Jo Cox. Þó þeir hafi ekki haldið á vopninu bera þeir vissulega ábyrgð á stöðugum hatursáróðri og hvatningu til aðgerða. Orð hafa afleiðingar og þeim fylgir ábyrgð.

Okkur ber skylda til að afgreiða ekki þá sem fremja voðaverk ýmist sem skrímsli eða samtök sem séu bara svona vond. Þjóðfélagsumræða og allt umhverfi hefur áhrif á hvernig fólk hugsar. Ofsatrú, hatur á samkynhneigðum, rasismi, öfgafull þjóðernishyggja, og kvenhatur verður ekki til í tómarúmi.

Jo Cox barðist ötullega fyrir bættum heimi og nú ber okkur að bera boðskapinn áfram. Brendan, eiginmaður hennar, sagði að tvennt hefði hún viljað núna. Í fyrsta lagi að börnin þeirra tvö yrðu umvafin ást, og í öðru lagi að við sameinuðumst öll gegn hatrinu sem drap hana. Hatur fylgir ekki regluverki, kynþætti, eða trú. Það er eitrað.

# Takmörkun tjáningar til verndar lýðræði í samfélaginu



Eyrún Eyþórsdóttir
lögreglufulltrúi hatursglæpa

Tjáningarfrelsið er eitt af mikilvægustu stoðum hvers lýðræðissamfélags og skulu einstaklingar almennt vera frjálsir til að tjá skoðanir sínar á opinberum vettvangi. Í umræðum undanfarinna missera hefur sú röksemdafærsla verið áberandi að takmörkun á opinberri tjáningu fordóma feli í sér ólögmæta þöggunartilburði. Þessa hefur t.a.m. orðið vart í umræðum á samfélagsmiðlum um flóttafólk, fjölbreytni samfélaga, innflytjendur, múslima o.s.frv. Einstaklingar sem halda uppi slíkum málflutningi benda oftar en ekki á stjórnarskrárvarinn rétt sinn til að hafa skoðanir og tjá þær.

Vissulega er það svo að í 73. grein stjórnarskrár Íslands kemur fram að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ákvæðið heldur áfram og segir þar jafnframt: „en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi“. Í framhaldinu greinir frá því að tjáningarfrelsinu megi setja skorður með lögum „í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum“. Sé til viðbótar litið til greinar 233a í almennum hegningarlögum þá greinir þar frá því að: „Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.“ Í þessu samhengi má geta þess að grein 233a kom inn í almenn hegningarlög hérlendis eftir að Ísland varð aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis árið 1973. Bann ákvæðisins við tiltekinni tjáningu grundvallast þar af leiðandi á því að kynþáttafordómar eigi ekki að líðast í lýðræðissamfélagi.

Það er því ljóst að bæði samkvæmt stjórnarskrá Íslands og almennum hegningarlögum er heimilt að setja tjáningarfrelsinu skorður til að vernda mikilvæg réttindi annarra. Frelsi eins til að tjá sig er, samkvæmt því sem þar kemur fram, ekki hafið yfir rétt minnihlutahópa til að þurfa ekki að þola hatursfulla tjáningu. Hér eru skorður á tjáningarfrelsinu settar til að vernda hagsmuni tiltekinna einstaklinga og gengið er út frá því að ákveðin tjáning, eins og tjáning fordóma, brjóti gegn réttindum þeirra.

**Hluti af grunnstoðum lýðræðis**

Réttur einstaklinga til að þurfa ekki að umbera fordómafulla tjáningu er hluti af grunnstoðum lýðræðis. Fái sá réttur að standa óáreittur þá eykur það líkurnar á frjálsri aðkomu allra þjóðfélagsþegna að samfélaginu. Um leið spornar það gegn jaðarsetningu og þöggun minnihlutahópa. Þá er jafnframt talið að takmörkun á tjáningu fordóma í garð minnihlutahópa sporni gegn ofbeldi gagnvart þeim einstaklingum og hópum sem gjarnan verða fyrir slíkum fordómum. Takmörkun tjáningar fordóma er þannig bæði beitt til að vernda réttindi einstaklinga en ekki síður til að vernda almannahagsmuni þar sem að tjáning fordóma grefur undan samstöðu í samfélaginu.

Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofa (ODIHR) Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (OSCE) hefur í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á að lögreglan sinni hatursglæpum. Afstaða stofnunarinnar er sú að einmitt í lýðræðislegum tilgangi sé mikilvægt að sporna gegn hatursfullri tjáningu. Það sé nauðsynlegt til að koma í veg fyrir jaðarsetningu fólks, samfélagslega ósamstöðu og ofbeldisbrot. Vísað er til alvarlegra sálfræðilegra afleiðinga af hatursglæpum og eru sumir fræðimenn jafnvel farnir að tala um hatursglæpi í því tilliti sem heilsufarslegt vandamál. Evrópunefnd gegn kynþáttamismunun og umburðarleysi (ECRI) hefur sömuleiðis lagt áherslu á að lögreglan hafi jákvæðar skyldur til að hlúa að fjölbreytni samfélagsins, t.d. með því að taka á ofbeldi og tjáningu sem á rót sína að rekja til fordóma. Reyndin er sú að alls staðar á meginlandi Evrópu er lögreglan að leggja áherslu á að sporna gegn hatursglæpum og hatursfullri tjáningu og undirstrikar jafnframt að hatursáróður í garð minnihlutahópa nýtur ekki tjáningarfrelsisverndar mannréttindasáttmála Evrópu.

**Réttur einstaklinga til að þurfa ekki að umbera fordómafulla tjáningu er hluti af grunnstoðum lýðræðis. Fái sá réttur að standa óáreittur þá eykur það líkurnar á frjálsri aðkomu allra þjóðfélagsþegna að samfélaginu.**

Lögreglu ber að vinna gegn hatursáróðri í því skyni að vernda jafnt einstaklings- og almannahagsmuni. Þá fyrst og fremst með því að horfa til réttinda einstaklinga, sem tilheyra minnihlutahópum, til að þurfa ekki að þola hatursfulla tjáningu, sem beinist gegn þjóðerni þeirra, litarhætti, kynþætti, trúarbrögðum, kynhneigð og/eða kynvitund. Það er einfaldlega lagaleg skylda lögreglu og ákæruvalds samkvæmt grein 233a almennra hegningarlaga að bregðast við opinberri tjáningu af þeim toga. Þá með rannsókn og jafnvel saksókn, en að endingu er það í hvívetna hlutverk dómstóla að skera úr um lögmæti tjáningar sem sakamál kann að fjalla um.

**NÝTT KORTATÍMABIL**



**SUNDAY TUNGUSÓFI með færanlegri tungu**
**ÁÐUR 179.900,- NÚ 125.930,-**
Stærð: 268x90x144 cm.
Litir: ljós- og dökkgrár

30% AFSLÁTTUR



**GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS**

# 30% AFSLÁTTUR AF SUNDAY TUNGUSÓFA

**TILBOÐIÐ GILDIR EINGÖNGU 23.–26. JÚNÍ**



**HAAG TUNGUSÓFI**
**ÁÐUR 229.900,- NÚ 183.920,-**
Stærð: 325x143x210 cm.
Litir: svartur og brúnn

20% AFSLÁTTUR

## HAAG MEGASKEMILL AÐ VERÐMÆTI 39.900,-

**FYLGIR ÖLLUM HAAG SÓFUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**





**HAAG MEGASKEMILL**
Stærð: 138x68.5xH42.5 cm.

the PIER

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖÐRUM SÓFUM

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • www.pier.is

ANTON&BERGUR

# Landsnet: Stjórnendur í friðhelgi sérhagsmuna



Magnús Rannver Rafnsson
verkfræðingur

Árið 2012 kynnti nýsköpunarfyrirtækið Línudans ehf. (www.facebook.com/greengrids) Landsneti nýja mastursgerð sem byggir á nýrri hugmyndafræði um hönnun og þróun raforkuflutningskerfa (sjá mynd). Þetta er afrakstur Rannís-verkefnis sem fjármagnað var með íslensku skattfé. Fjöldi annarra íslenskra og erlendra aðila hefur fjárfest tíma og fjármuni í verkefni Línudans. Nýja mastursgerðin var kynnt nokkrum starfsmönnum Landsnets, þar á meðal þáverandi forstjóra, Þórði Guðmundssyni. Einnig fóru fram kynningar í ýmsum miðlum.

Á haustdögum 2015 kynnti núverandi forstjóri Landsnets, Guðmundur Ingi Ásmundsson, „nýja kynslóð háspennumastra“ í tímaritinu Sóknarfæri (sjá mynd). Svo vill til að þessi möstur hafa sömu ásýnd og Línudans-möstrin sem kynnt höfðu verið ríkisfyrirtækinu þremur árum fyrr. Fram að þessu hafa möstur Landsnets haft allt aðra ásýnd en eiga nú skyndilega að taka á sig sömu mynd – án samráðs við Línudans. Einnig vill svo merkilega til að Landsnet kaupir ráðgjöf um þessa svokölluðu nýju kynslóð háspennumastra af nýjum vinnuveitanda Þórðar Guðmundssonar – fyrrverandi forstjóra Landsnets.

Enn önnur „tilviljun“ lýsir sér í því að hin nýja mastursgerð Þórðar Guðmundssonar og félaga hefur fengið fastan stað í nýrri áætlun um flutningskerfi framtíðarinnar. Þannig er notkun í miklu magni nánast gulltryggð, sem ætti nú ekki að rýra gildi samninganna sem Þórður og félagar hafa gert við Landsnet. Hér kunna menn aldeilis til verka, enda bara rétt rúmt ár síðan Þórður Guðmundsson lét af störfum sem forstjóri Landsnets. Ennfremur er það ótrúleg tilviljun að Landsnets-mastursgerðin nýja – sem er eins og Línudans-mastursgerðin sem kynnt var Þórði Guðmundssyni þá sem forstjóra Landsnets – fær skírskotun í dansþema og heitir Ballerína. Línudans og Ballerína. Þetta hlýtur að vera merki um einstaklega frjótt ímyndunarafl hinna útvöldu ráðgjafa Landsnets, svona burtséð frá augljósum sameiginlegum útlitseinkennum.

Hann er aldeilis „heppinn“ hann Þórður Guðmundsson að fá svona fína samninga hjá Landsneti, í gegnum fyrirtæki félaga síns. Og það bara örstuttu eftir að hann hættir sem forstjóri Landsnets. Það hefur vafalaust ekki skaðað að núverandi forstjóri, Guðmundur Ingi Ásmundsson, var aðstoðarforstjóri í tíð Þórðar Guðmundssonar sem forstjóra. Hver þarf á samkeppni að halda þegar „góð tengslanet“ eru annars vegar?

Allt eru þetta hreint makalausar tilviljanir auðvitað, við hljótum öll að sjá það? Og ekki allt upptalið enn, því tímasetning samninganna svona rétt við upphaf stærstu fjárfestingarhrinu Íslandssögunnar á þessu sviði hefði ekki getað verið betri fyrir þá félaga; 100 milljarða uppbygging nýrra raforkuflutningskerfa á Íslandi. Gera má ráð fyrir að Þórður Guðmundsson hafi nú haft sitt að segja við innleiðingu þessarar risafjárfestingar ríkisfyrirtækisins sem forstjóri þess, hann er jú bara nýhættur sem slíkur. Og svo eins og fyrir kraftaverk er hann bara hinum megin við borðið að taka við verkefnum frá fyrrverandi aðstoðarmanni sínum, Guðmundi Inga Ásmundssyni – varðandi sömu risafjárfestingu. Aldeilis heppnir þeir félagar. Er ríkisábyrgð á nýju 100 milljarða kökunni sem þessir kappar eru búnir að malla saman? Án þess að sagt sé að þetta sé drullumall.





Myndir af umræddum möstrum: Vinstra megin er mynd af „nýrri kynslóð háspennumastra“, sem var kynnt haustið 2015 af forstjóra Landsnets, Guðmundi Inga Ásmundssyni. Hægra megin er mynd af Línudans-háspennumöstrum sem kynnt voru Landsneti 2012. Við vitum öll hvernig möstur Landsnets hafa litið út hingað til.

## Án útboðs og samkeppni

Við hin erum ekki eins „heppin“ og Þórður og vinir hans. En þrátt fyrir alla „heppnina“ setja þessir menn í krafti stöðu sinnar markvisst öðrum stólinn fyrir dyrnar – undir verndarvæng ráðherra nýsköpunar, Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. Við í Línudansi höfum þurft að berjast fyrir tilverurétti okkar allt frá árinu 2009 – vegna andstöðu Þórðar Guðmundssonar í tíð hans sem forstjóra. Jú, mikið rétt, enn ein tilviljunin. Hvað eru þetta þá orðnar margar tilviljanir? Undirstrikað skal hér að Landsnet er eini kaupandi vörunnar sem íslenska nýsköpunarfyrirtækið Línudans hefur varið átta árum í að þróa. Viðbrögð ráðherra nýsköpunar við þessari 100 milljarða fjárfestingu; fullkomið skilningsleysi.

Frá upphafi hefur Línudans komið að lokuðum dyrum hjá Landsneti. Tilviljun? Kannski ekki, eftir allt saman. Enda eru Þórður Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Landsnets, og vinur hans og nú vinnuveitandi, Árni Björn Jónasson, í dag í hópi „hinna útvöldu“; þeir völdu sig sjálfir til þess hlutverks að færa Íslendingum „nýja kynslóð háspennumastra“. Án útboðs og án samkeppni. Og með því að traðka á öðrum í leiðinni.

Ef þetta er ekki röð tilviljana, hvað er þetta þá? Bara „venjuleg spilling“? Eða verulega útpæld og skipulögð spilling á sérsviði sem hefur miklar og víðtækar afleiðingar fyrir umhverfi og efnahag Íslands? Getum við hin ekki líka valið okkur sjálf til stórverkefna og fengið vel greitt fyrir, óháð því hvort um sé að ræða góðar eða vondar tæknilegar lausnir?

Hvernig skilgreinir maður aftur spillingu? Ég veit það ekki lengur.



# Vesturblokkin og Sýrlandsstríðið



Þórarinn Hjartarson
stálsmiður

Alla 21. öld hefur Vesturblokkin stundað hernaðaríhlutanir í Miðausturlöndum og nærsveitum. Stríð í seríu: Afganistan, Írak, Líbíu, Sýrlandi, en valdaskiptaáformum í Íran hefur verið vikið til hliðar, rétt í bili.

**Stríðsmarkmið**

Að tryggja full yfirráð á þessu efnahagslega og hernaðarlega kjarnasvæði. Framantalin lönd höfðu af ólíkum ástæðum ekki látið nógu vel að stjórn USA og Vestursins, sem settu þess vegna „valdaskipti" þar á dagskrá. Þeirri dagskrá er fylgt fast þótt það kosti stríð, rústun ríkjanna og/eða sundurlimun.

**„Mannúðaríhlutun"**

Yfirskriftir styrjaldanna eru mismunandi. Yfirskrift innrásar í Afganistan var að „ná hryðjuverkamönnum" en í Írak að „finna gjöreyðingarvopn". Hvort tveggja er löngu afhjúpað sem uppspuni. Stríð NATO-velda í Líbíu hafði vandaða og söluvæna yfirskrift: „íhlutun í mannúðarskyni", vegna árása Gaddafís á þegna sína!

**En Sýrlandsstríðið?**

Afskipti Vestursins af Sýrlandi eru sett í flokk „mannúðaríhlutana". Sagan sem sögð er á Vesturlöndum er að misþyrmingar Assad-stjórnarinnar á eigin þegnum hafi kveikt „borgarastríð" – vestræna fréttaveitan malar þá frétt í sífellu, en talar líka stundum um átökin sem „trúardeilur". „Alþjóðasamfélagið" ku því hafa „verndarskyldu", ástandið kalli á íhlutun í mannúðarskyni. Þó yfirskriftir fyrri íhlutana hafi augljóslega reynst fals gengur furðu vel að selja stríðið með þessari yfirskrift. Vesturlönd standa þarna sameinuð, nema helst í afstöðunni til sýrlenskra flóttamanna. Íslensk pressa tekur svo vel undir söng Vestursins að aldrei heyrist mishljómur. Aldrei.

**Fjórskipt Strategía í Sýrlandi**

Aðferð Vestursins til að brjóta andstöðu Sýrlands er fjórskipt: Viðskiptabann, diplómatísk einangrun, stuðningur við „uppreisn", hernaðarinnrás.

**a)** Viðskiptabann. Bandaríkin lögðu viðskiptabann á Sýrland frá 2004 (hafa hert það síðan) en ESB gerði hið sama 2013. Þetta á stóran þátt í þjáningum Sýrlendinga og landflótta. Ísland gengur í sama takt og hefur engin viðskipti við Sýrland (en hefur t.d. veruleg viðskipti við Tyrkland, Sáda og Ísrael).

**b)** Diplómatísk einangrun. Íslenska vinstri stjórnin, líkt og Vesturblokkin öll, viðurkenndi árið 2012 „Þjóðareiningu" uppreisnarhópa – National Coalition – sem lögmætt stjórnvald Sýrlands. Þessi viðurkenning þýðir að Vestrið – Ísland með – stillir sér á bak við annan aðilann í sk. borgarastríði, gefur grænt ljós á uppreisn gegn stjórnvöldum sem viðurkennd eru af SÞ sem lögmæt. Þessi afstaða Íslands þýðir einnig að hjálparstarf héðan fer til uppreisnarafla og er því undir formerkjum „valdaskipta".



**Vesturlönd standa þarna sameinuð, nema helst í afstöðunni til sýrlenskra flóttamanna. Íslensk pressa tekur svo vel undir söng Vestursins að aldrei heyrist mishljómur. Aldrei.**

**c)** Stuðningur við uppreisn. Á pappírnum heitir það stuðningur við „hófsama uppreisnarmenn" en Joe Biden, varaforseti USA, sagði það skýrt: „Hófsöm miðja var aldrei til" í sýrlensku uppreisninni. Uppreisnin er frá byrjun borin uppi af trúarvígamönnum. „Borgarastríð" og „uppreisn" eru auk þess rangnefni, í fyrsta lagi af því að stór hluti andstöðunnar eru erlendir vígamenn (Wikipedia áætlar að þeir „may now number more than 11.000"). Í öðru lagi eru hryðjuverkaherirnir (og sk. uppreisn) fjármagnaðir utanlands frá, eru „staðgenglar" erlendra velda. Frá upphafi hefur NATO-landið Tyrkland lagt „uppreisninni" til aðflutningsleiðir og aðdrættina, ekki síst vopnasendingar, en Sádar og Persaflóaríkin sjá mest um fjármögnunina. Að baki stendur Vestrið, enda Sádar og Tyrkir (auk Ísraels) mikilvægustu bandamenn Vesturblokkarinnar í Miðausturlöndum.

**d)** „Alþjóðlega bandalagið gegn ISIS" hóf lofthernað yfir Sýrlandi (og Írak) í desember 2014, gegn vilja sýrlenskra stjórnvalda og þ.a.l. gegn alþjóðalögum. Aðilar bandalagsins eru Bandaríkin og Evrópustórveldin, ásamt helstu stuðningsríkjum ISIS, Tyrklandi og Persaflóaríkjum. Skal því ekki undra að þetta „stríð" hafði þveröfug áhrif í því að veikja ISIS. Ekki fyrr en Rússar mættu á svæðið til aðstoðar við sýrlenska herinn tók ISIS að láta undan síga. Viðbrögð Vestursins núna við sókn Sýrlandshers eru endurskipulagning: Styðja við sveitir Al Kaída/Al Nusra (sem reynt er að skíra „hófsama") og einnig sveitir Kúrda á ákveðnum svæðum jafnframt því að senda inn eigin sérsveitir, bandarískar, franskar, breskar og þýskar. Öll áhersla er lögð á að hindra að Sýrlandsher skeri á aðflutningsleiðir „uppreisnarinnar" frá Tyrklandi, einkum að hann nái aftur borginni Aleppo, sem gæti ráðið úrslitum í stríðinu. Stríðsmarkmið Vestursins eru þau sömu, hafa þó hliðrast frá „valdaskiptum" í Damaskus yfir í sundurlimun Sýrlands í a.m.k. þrennt eftir þjóðernis- og trúarlínum, líkt og Írak.




KRÓNAN
-25% af ferskjum og nektarínum
259 kr. pk.
Verð áður 349 kr. pk.
Ferskjur og nektarínur 500g, Spánn
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 26. JÚNÍ - AFGREIDSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN

Ódýrt




Vanilluís og súkkulaðiís 2L

**399** kr. pk.




Frosin bláber 250g - 996 kr.kg

**249** kr. pk.




Frosin hindber 300g - 930 kr.kg

**279** kr. pk.

Ódýrt




Frosin jarðarber 400g - 423 kr.kg

**169** kr. pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# KRÓNAN



-30%

Úrbeinaður grísahnakki

## Marinerað af kjötmeistara Krónunnar

#Grillsnilld
KRÓNAN

**1189 kr. kg**

Verð áður ~~1699~~ kr. kg

Úrbeinaður grísahnakki, Spánn. Ókryddaður eða með marineringu.

## Ferskur kjúklingur




**2698 kr. kg**

100% úrbeinuð kjúklingalæri




Nýtt..
• Ekki viðbætt vatn
• Engin aukaefni
• Hrein afurð
..og gott

**2395 kr. kg**

100% kjúklingabringur

# KRÓNAN







**1299 kr. pk.**

ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010

100% hágæða ungnautahamborgari, Brioche hamborgarabrauð, Fabrikkusósa og salt + pipar, 2 stk. í pakka

## 100% hamborgara-búðin þín

**90g - 449 kr. pk.**
**120g - 569 kr. pk.**
**175g - 849 kr. pk.**

★★★

**Steikarborgari 120g**
20% fita - góður á grillið
**569 kr. pk.**

★★★

**alltaf 2 stk. í pakka**




**2199 kr. kg**

Beibíbakk grísarif Fabrikkunnar




**169 kr. stk.**

Verð áður ~~199~~ kr. stk.

Whole Earth engifer öl, 33cl




**76 kr. stk.**

Kristall Mexíkó lime, 33cl



**499 kr. pk.**

Rösti kartöflur 6 stk.



**899 kr. pk.**

Grillborgarar með brauði 4stk.
Gott verð!



**649 kr. pk.**

Grillbakki maískólfar 4 stk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# Nýting sóknarfæra í laxeldi á Íslandi

Gunnar Davíðsson
sjávarútvegsfræðingur M. Sc. og deildarstjóri atvinnuþróunardeildar fylkisstjórnar Tromsfylkis í Norður-Noregi



**Aukið eldi á hentugum svæðum, svæðastýring, góður búnaður og virkt eftirlit eru góðar forsendur fyrir því að skapa arðbær störf á landsbyggðinni með atvinnugrein sem bæði er vistvæn og á sér mikla möguleika í framtíðinni.**

Framleiðsla á eldislaxi hefur verið ævintýri líkust í Noregi undanfarna áratugi. Framleiðslan hefur aukist um nærri 10% á ári að meðaltali síðastliðin 20 ár og fór yfir milljón tonn í fyrra. Iðnaðurinn skapar mikinn fjölda starfa um allan Noreg og eru þau sérstaklega kærkomin í mörgum minni samfélögum norður eftir allri og langri strönd landsins. Eðli laxeldis er nefnilega með þeim hætti að flest störf verða að vera þar sem framleiðslan á sér stað, nefnilega í strjálbýli á strandsvæðum. Á síðasta ári nam verðmæti eldisfisks í Noregi rúmlega 700 milljörðum íslenskra króna og fjöldi beinna starfa við matfisk- og seiðaeldið var 6.241. Eru þá ótalin öll þau störf sem skapast við fóðurframleiðslu, slátrun, flutninga ýmiss konar og aðra þjónustu sem eldið þarfnast.

Nú er svo komið að vöxturinn hefur minnkað vegna vandræða með sérstaklega laxalús sem hefur verið erfitt að halda í skefjum og hafa matvælayfirvöld látið slátra fiski þar sem vandræðin eru hvað mest og sett skorður við framleiðslu á einstöku svæðum. Norsk stjórnvöld eru samt staðráðin í að greinin haldi áfram að vaxa og er markið sett hátt. Ekki minna en 5 milljónir tonna af laxi er áætlað að framleiða árið 2050 – og byggist þessi spá á helmingi minni vexti en verið hefur undanfarin ár, „aðeins“ fimm prósent á ári. Til að ná þessum vexti er aðalatriðið fyrir Norðmenn að minnka áhrif laxalúsarinnar og eins að stuðla að rannsóknum og áframhaldandi þróunarvinnu á öllum sviðum eldis. Þegar eru komin fram svokölluð þróunarleyfi þar sem áhersla er lögð á nýjungar í framleiðslutækni og verða þau væntanlega mörg og margvísleg þegar fram líða stundir.

**Ólíkt umhverfi á Íslandi**
Íslensk strandsvæði eru að mörgu leyti hentug fyrir laxeldi á sama hátt og strandsvæði Noregs. Líffræðilegar forsendur eru góðar og þó að sjávarhiti sé hér lægri og vöxtur fisksins þar af leiðandi hægari, þá er sjávarhiti við Íslandsstrendur að jafnaði of lágur til þess að laxalúsin nái fótfestu og geti orðið til vandræða. Í Noregi er það aðallega villtur lax og ætluð áhrif eldislaxins á genamengi hans sem eru helsta áhyggjuefnið þegar rætt er um aukið eldi. Þess vegna hafa ákveðin svæði með fjörðum og flóum verið lokuð fyrir eldi. Samt eru það að verulegu leyti margar aðrar ástæður sem hafa staðið villta laxinum fyrir þrifum í Noregi, til dæmis vatnsaflsvirkjanir og áhrif þeirra ásamt súru regni og eyðileggingu gotsvæða í ánum af völdum flóða og mannvirkjagerða.

**Íslenska varúðarreglan**
Á Íslandi hafa stjórnvöld þegar lokað miklum meirihluta strandsvæða sem að óbreyttu þættu afar hentug til laxeldis. Þar má nefna fjölda flóa: Faxaflóa ásamt Breiðafirði, og mestallt Norðurland, svo sem Húnaflóa, Skagafjörð og Skálfanda. Á Austurlandi eru Þistilfjörður og svæðið frá Langanesi allt suður til Glettinganess einnig lokuð fyrir strandeldi. Íslendingar hafa gengið talsvert lengra með setningu strangra reglna en Norðmenn hafa gert til verndar villtum laxastofnum. Í raun er tilefni til að spyrja sig hvort íslenska leiðin sé það ströng að hún standi eðlilegum vexti greinarinnar fyrir þrifum. Um það má að sjálfsögðu deila, en af þeim sökum er þó afar mikilvægt að nýta sem best þau svæði hérlendis sem þó eru aðgengileg og henta vel til strandeldis, það er Vestfirði og Austfirði. Sé rétt á haldið munu frekari sóknarfæri skapast í atvinnugreininni á Íslandi.

**Langtímahvíld eldissvæðanna**
Það er eflaust til mikils láns fyrir íslensk eldisfyirtæki að norski búnaðarstaðallinn skuli hafa verið innleiddur fyrir eldiskvíar og tengdan búnað. Norski búnaðarstaðallinn dregur verulega úr líkum á slysasleppingum sem bæði er áhyggjuefni varðandi villtu stofnana og eins getur valdið umtalsverðu fjárhagstjóni fyrir eldisfyrirtækin. Einnig fá eldissvæðin hér á landi ákveðna langtímahvíld með reglulegu millibili á milli þess sem fiskur er í kvíunum, sem einnig er að norskri fyrirmynd og sem hefur gefist vel. Með þessu fær lífríki svæðanna tíma til að jafna sig að fullu hafi eldið haft áhrif sem ekki eru æskileg til lengri tíma litið. Aukið eldi á hentugum svæðum, svæðastýring, góður búnaður og virkt eftirlit eru góðar forsendur fyrir því að skapa arðbær störf á landsbyggðinni með atvinnugrein sem bæði er vistvæn og á sér mikla möguleika í framtíðinni. Sjá nánar fyrirlestur sem fluttur var nýlega á Ísafirði (smellið á „show all content“ þegar vafri biður um leyfi til að sjá kort): bit.ly/fiskelditroms.



# TVÖFÖLD VIRKNI – SEX SINNUM LENGRI ENDING

**Provision kynnir** Provision heildsala var stofnuð árið 2007. Fyrirtækið hefur það hlutverk að opna augu almennings fyrir augnheilbrigði. Nýjasta vara Provision eru augndropar með tvöfalda virkni. Vörurnar fást í apótekum.

„Provision heildsala var stofnuð árið 2007. Fyrirtækið hefur það hlutverk að opna augu almennings fyrir augnheilbrigði. Með það að leiðarljósi flytjum við inn vörur sem ekki bara stuðla að augnheilbrigði, heldur er markmið fyrirtækisins að létta fólki sem haldið er augnsjúkdómum lífið. Því er leitast við að finna vörur sem hafa eitthvað meira fram að færa en þær sem fyrir eru á markaðnum,“ útskýrir Guðný Rósa Hannesdóttir, markaðs- og vörustjóri Provision.

**Markmið Provision er að létta fólki sem haldið er augnsjúkdómum lífið.**



## NÝ VARA - NÁTTÚRULEG VÖRN GEGN AUGNÞURRKI

„Nýjasta varan hjá Provision eru augndropar með tvöfalda virkni, eins og nafnið Thealoz Duo gefur til kynna. Thealoz Duo er ný aðferð við meðhöndlun augnþurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar. Til þess að koma jafnvægi á tárafilmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa og hýalúronsýru sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.

Trehalósi er náttúrulegt efni sem finnst hjá mörgum jurtum og dýrum sem lifa í mjög þurru umhverfi. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar trehalósa gefa efninu verndandi, andoxandi og rakagefandi eiginleika. Þeir vernda og stuðla að jafnvægi í frumuhimnum með því að hindra skemmdir á próteinum og lípíðum, auk andoxunaráhrifa.

Hýalúronsýru er að finna í augunum og hún hefur einstaka getu til að binda vatn. Hjálpar til við að smyrja og viðhalda táravökvanum á yfirborði augans.“

## LANGVARANDI LAUSN

- Thealoz Duo styrkir tárafilmuna sexfalt lengur en hýalúronsýra ein og sér.
- Marktæk aukning verður á þykkt tárafilmunnar sem verndar augað.
- Áhrifin vara í 4 klukkustundir, samanborið við ca. 40 mínútur einungis með hýalúronsýru.




## SNJALLAR UMBÚÐIR

Handhæg fjölskammtaflaska sér til þess að augndroparnir eru sérlega mildir fyrir augun.

Þeir eru án rotvarnarefna og henta því vel þeim sem nota augnlinsur.

Nota má flöskuna í allt að 3 mánuði eftir opnun.

Síuhimna er í tappanum sem kemur í veg fyrir að bakteríur berist á milli.

**Gott er að setja dropa ávallt kvölds og morgna, síðan eftir þörfum yfir daginn.**

www.provision.is



# LAUSN VIÐ AUGNÞURRKI

Augnþurrkur er afar algengt vandamál. Líklegt er að u.þ.b. 15.000 Íslendingar þjáist af þurrum augum. Mörgum þykir einkennilegt að aukið táraflæði sé eitt algengasta einkenni þurra augna.

**Tölvunotkun**
Við blikkum um 40% sjaldnar þegar við horfum á tölvuskjá heldur en bók. Þetta veldur aukinni uppgufun tára. Viftur í tölvum geta einnig þurrkað upp andrúmsloftið í kringum tölvunotandann.

**Snertilinsur**
Valda oft þurrum augum vegna þess að linsurnar soga í sig tár og minnka aðgengi tára að hornhimnu.

**Lyf**
Mörg lyf valda þurrum augum, s.s. slímhúðarþurrkandi lyf (decongestants), mörg ofnæmislyf, þvagræsilyf, betablokkarar (háþrýstingslyf), ýmis svefnlyf, þunglyndislyf, verkjalyf. Þess má geta að alkóhól minnkar táraframleiðslu.

**Þurrt loft**
Einnig er mjög þurrt loft á Íslandi. Við erum mikið þar sem er loftræsting, t.d. á vinnustöðum, í skólum, í bílnum og á fleiri stöðum. Frjókornaofnæmi og annað ofnæmi ertir oft augun. Gjólan/rokið hér á landi veldur oft miklu táraflæði, það er merki (einkenni) um augnþurrk.

> Nýjasta varan hjá Provision eru augndropar með tvöfalda virkni. Thealoz Duo er ný aðferð við meðhöndlun augnþurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar.
>
> Guðný Rósa Hannesdóttir



provision

## VÖRUR PROVISION FÁST Í APÓTEKUM

Samspil augnheilbrigðisvara er vinna vel á hvarmabólgu og þurrum augum. Dauðhreinsaðir blautklútar (Blephaclean) til að hreinsa hvarma og svæðið kringum augun. Augndropar án rotvarnaefna (Thealoz/DUO) veita góðan raka og vernda.

Síðan er það Augnhvílan sem fyllt er með hörfræjum, hún hitar hvarmana sem er gott vegna stíflaðra fitukirtla. – Með tilkomu augnheilbrigðisvara er meðferðin orðin mýkri fyrir augun og húðina í kring en öflugri gegn bakteríunum.



FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Skv. prentmiðlakönnun Gallup, janúar–mars 2016



Allt sem þú þarft ...











Björn segist spá mikið í föt og er kominn á samning hjá Eskimo Models.

# GRÆNI BOMBERINN Í UPPÁHALDI

**Björn Boði Björnsson** er sautján ára fyrirsæta hjá Eskimo. Hann spáir mikið í föt og verslar mikið á netinu þegar hann bætir í fataskápinn. Í sumar ætlar hann að vinna eins og hestur og skemmta sér með vinum.

**Hvernig myndirðu lýsa eigin stíl?** „Basic street style“, myndi ég segja.

**Uppáhaldsflíkin?** Græni bomberjakkinn minn er í uppáhaldi akkúrat núna. Vegna þess að hann er klassískur og passar við flest allt. Ég spái mikið í föt.

**Hvar kaupirðu fötin?** Uppáhaldsbúðin mín er Zara því þar finn ég oftast eitthvað flott en svo versla ég líka mikið á netinu.

**Tískufyrirmynd?** Ég fylgist mikið með tísku á samfélagsmiðlum eins og Instagram og þar er örugglega uppáhalds Daniel Fox (Ig: magic_fox).

**Hvenær hófst fyrirsætuferillinn?** Rétt fyrir áramót var haft samband við mig frá Eskimo og mér var boðið að koma í „casting“ og sirka mánuði seinna fékk ég samning. Ég hef ekki fengið nein stór verkefni eins og er en ég hlakka til að fá eitthvað skemmtilegt að gera. Ég hef verið í myndböndum hjá Dansstúdíó World Class og hef æft dans þar í sirka 10 ár. Ég er reyndar að vinna í einu skemmtilegu verkefni núna, en ég má ekki segja frá því strax, því miður.

**Hvað ertu að læra?** Ég er á hugvísindabraut í Kvennaskólanum.

**Hvar ertu að vinna?** Ég vinn í afgreiðslunni í World Class Laugum.

**Hvernig verður sumarið?** Ég ætla bara að vinna eins og ég get og gera eitthvað skemmtilegt með vinum mínum.

# Flottar sumarvörur á 5000 kr



Kjóll st. 38-44
Verð 5.000 kr.



Kjóll st, 38-42
Verð 5.000 kr.



Kjóll st. 40-46
Verð 5.000 kr.



Túnika st. 38-44
Verð 5.000 kr.

FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**

Fleiri myndir á Facebook



Túnika st. 38-42
Verð 5.000 kr.



Skyrtur 38-44
Verð 5.000 kr.



Skyrtur 38-44
Verð 5.000 kr.



Toppur st. S-XL
Verð 5.000 kr.












Barbie sýnir tískuföt fyrir framan áhorfendur sem auðvitað eru í tískufötum. Barbie hefur alltaf fylgt tískunni.

# GLÆSILEG BARBIE-SÝNING Í PARÍS

Um þessar mundir er mikill fjöldi Íslendinga í París. Það væri ekki úr vegi að kíkja á franska listasafnið Musée des Arts Décoratifs en þar er í gangi mjög skemmtileg og fjölbreytt sýning um Barbie-dúkkuna.

Barbie-sýningin nefnist „Barbie, Life of an Icon“. Hún var sett upp þegar tískuvikan stóð yfir í París í mars en sýningin verður uppi fram til 18. september. Um sjö hundruð dúkkur eru á sýningunni, allt frá fyrstu eintökum sem komu fram á sjónarsviðið árið 1959. Sýningin þykir gríðarstór og yfirgripsmikil. Barbie-dúkkunni er sýndur mikill virðingarvottur á þessu fallega safni. Barbie er sjálf drottning tískunnar og hefur verið þar í fremstu röð í bráðum sex áratugi. Sannkölluð tískugyðja. Sýningin ber þess vott að Barbie hefur komið víða við á „lífsleiðinni“, hún hefur verið félagslynd, pólitísk, menningarleg og heimsborgari í senn.

Þetta er í fyrsta skipti sem Barbie hefur fengið þvílíkan virðingarvott frá frönsku listasafni. Á heimasíðu safnsins er skrifað að Barbie-dúkkan komi bæði við félagslega og menningarlega sögu leikfanga á 20. og 21. öld. Barbie fær 1.500 fermetra undir sig en jafnframt eru ýmis samtímaverk úr dagblöðum, myndum og myndböndum sem tengjast þessari sögufrægu dúkku. Á sýningunni má sjá teikningar frá skrifstofu hönnuðar Barbie en það er bandaríska fyrirtækið Mattel sem á heiðurinn af dúkkunni.

Á sýningunni má sjá hvernig Barbie hefur breyst í tímans rás, hvernig hún hefur lagað sig að ýmsum félagslegum og menningarlegum breytingum í heiminum. Tískuföt dúkkunnar eru margvísleg og má sjá stórt og mikið klæðasafn hennar á sýningunni. Sannarlega er stór og mikil tískusýning falin í þessum verðmætum.

Börn ættu að hafa gaman af þessari sýningu en ekki síður fullorðnir sem geta rifjað upp barnæskuna með Barbie, Ken og öðrum fjölskyldumeðlimum. Barbie hefur orðið fyrir töluverðri útlitslegri gagnrýni á sinni löngu ævi. Hún hefur þó alltaf staðið upp úr sem eftirlætisleikfang flestra ungra stúlkna.



Úr sjónvarpsþáttunum Mad Men. Barbie kemur víða við.



Eitthvað fyrir Barbie-aðdáendur. Um 700 dúkkur frá mismunandi tímum.



Barbie klædd eins og Scarlett O'Hara úr kvikmyndinni Á hverfanda hveli (Gone with the Wind).






## Allt innifalið í Alanya

Bon Apart Sealine ★★★ — Alanya - Tyrklandi

Á þessu hagkvæma fastagestahóteli býrðu miðsvæðis í Alanya og stutt er í allt það sem bærinn hefur upp á að bjóða. Þú dvelur í nútímalegum tveggja herbergja svítum og við líflegt sundlaugarsvæðið er lítil vatnsrennibraut.

✈ **29.júní 2016 frá Keflavík** — Allt innifalið í viku frá **49 599,-**

✈ **6.júlí 2016 frá Keflavík** — Allt innifalið í viku frá **59 599,-**



## 10.000 m² vatnaparadís

Pegasos World ★★★★★ — Side - Tyrklandi

Vinsælasta hótel Nazars! Hér færðu risastóran vatnsskemmtigarð, stærstu sundlaug Miðjarðarhafsins sem er 10 000 m², gyllta strönd, nýuppgerð herbergi fyrir allt að fimm manns, bragðgott „allt innifalið“ prógram og Nazars eigin barnaklúbba – og allt er þetta innifalið í verðinu!

✈ **29.júní 2016 frá Keflavík** — Allt innifalið í viku frá **99 599,-**

✈ **6.júlí 2016 frá Keflavík** — Allt innifalið í viku frá **105 599,-**

*Ekki bíða með að bóka - takmarkaður fjöldi sæta!*

World of TUI

allan sólarhringinn: **nazar.is** persónuleg þjónusta: **519 2777**

**nazar**





Sólsetrið á Garðskaga er einstök sjón og gerist ekki víða fegurra en við Garðskagavita.




# EITTHVAÐ FYRIR ALLA Á SÓLSETURSHÁTÍÐ

Allir geta fundið sér eitthvað til skemmtunar á Sólsetursháfíðinni sem haldin verður um helgina í Garði. Hátíðin er haldin á Garðskaga við góðar aðstæður, í fallegu umhverfi með fjölbreyttri dagskrá.

Sólsetursháfíðin í Garði hefst formlega í dag og stendur alla helgina en þetta verður í tólfta sinn sem hátíðin fer fram. Dagskráin verður fjölbreytt og skemmtileg og má þar nefna stuttar gönguferðir, menningar- og sögutengda fræðslu fyrir börn og fullorðna, fjöruferð fyrir börnin, leiki og leiktæki, tónlistaratriði, málverkasýningar og varðeldur kveiktur.

„Sólsetursháfíðin er fjölskylduhátíð sem við Garðbúar getum verið stolt af,“ segir Guðlaug Helga Sigurðardóttir, formaður Knattspyrnufélagsins Víðis sem sem sér um framkvæmd hátíðarinnar en Víðir fagnar einmitt áttatíu ára afmæli í ár. „Sólsetursháfíð var haldin í fyrsta skipti árið 2005 en þetta er sjötta árið í röð sem við stöndum að framkvæmd hennar. Hátíðin hefur farið stækkandi og er þetta þriðja árið í röð sem við erum með dagskrá alla vikuna en á mánudag var karlakvöld í sundlauginni, í fyrrakvöld var kvennakvöld þar og í gærkvöld var farin fróðleiksganga um Garðinn með Herði Gíslasyni frá Sólbakka.“


Það verður margt um að vera á Sólsetursháfíðinni í Garði og allir ættu að finna sér þar eitthvað til skemmtunar.

**HVERFIN SKREYTT**

Bærinn verður settur í hátíðarbúning af íbúum í hverri götu og honum skipt upp í hverfi. Hvert hverfi skreytir svo í sínum lit, Rauða hverfið, Gula hverfið, Appelsínugula hverfið og Græna hverfið, og verða veitt verðlaun fyrir best skreytta húsið. „Íbúar hverfanna eru hvattir til að gera þetta saman. Þetta er skemmtilegt og samkenndin í bænum eykst. Á laugardaginn hittast síðan allir bæjarbúar í götugrilli og hafa gaman saman,“ segir Guðlaug.


Guðlaug Helga Sigurðardóttir, formaður Knattspyrnufélagsins Víðis, ásamt nöfnu sinni.

**EITTHVAÐ FYRIR ALLA**

Dagskráin heldur svo áfram í dag við íþróttahúsið þar sem Brúðubíllinn kemur meðal annars, boccia-mót fyrir fjölskylduna verður haldið og Sólsetursháfíðar-spinning. „Á hátíðinni verður líka golfmót og blakmót fyrir bæði vana og byrjendur, miðnæturmessa sem alltaf er vel mætt í og ýmislegt fleira. Aðalhátíðin verður á laugardag þar sem byrjað verður strax klukkan tíu með Sólsetursháfíðarhlaupi. Svo verður dagskrá úti við Garðskagann frá klukkan tvö yfir allan daginn og aftur klukkan hálf níu um kvöldið þar sem koma fram meðal annarra Bjartmar Guðlaugsson, Ingó Veðurguð, Hljómsveitin Valdimar, Herra Hnetusmjör og Eldeyjarkórinn sem er kór eldri borgara á Suðurnesjum. Þetta er mjög vegleg og fjölbreytt dagskrá hjá okkur og við reynum að hafa hana þannig að hún höfði til allra aldurshópa,“ útskýrir Guðlaug.

**EINSTÖK SÓLSETUR**

Á Garðskaga er góð aðstaða fyrir tjöld, tjaldvagna og húsbíla. „Við höfum verið svo ótrúlega heppin með veður síðustu ár, það hafa komið á milli tvö og þrjú þúsund manns að heimsækja okkur og alltaf bætist við fjölda þeirra sem gista.“

Sólsetrið á Garðskaga er einstök sjón og gerist ekki víða fegurra en við Garðskagavita. Tímasetning hátíðarinnar er vel við hæfi þar sem sumarsólstöður eru nýafstaðnar og sólsetrið gyllir hafið á meðan. „Það er algjörlega ómissandi fyrir alla að sjá sólsetrið hér, það er algjört sjónarspil hérna stundum,“ segir Guðlaug og brosir.

liljabjork@365.is




TRI
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
KENDA
SHIMANO
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
LITENING C:62 PRO
Shimano Ultegra Di2
ParkTool
CUBE HYBRID
CUBE RACE
CUBE 29"
Vegna hagstæðari samninga og styrkingu krónunnar
höfum við lækkað verðin á CUBE reiðhjólunum!
WWW.TRI.IS
drink it... feel it...
Xenofit
www.xenofit.de
#cube_your_life!
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 - 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00



Elle í hvítum blúndukjól úr siffoni ásamt leikstjóra myndarinnar The Neon Demon, Nicolas Winding Refn, í Róm á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY




Elle vakti mikla athygli þegar hún mætti í gegnsæjum síðkjól frá Elie Saab á rauða dregilinn við forsýninguThe Neon Demon í London.

# ÓAÐFINNANLEGUR STÍLL

**Stíll leikkonunnar Elle Fanning þykir vera klassískur en um leið smart. Frá því hún steig fyrst fram í sviðsljósið hefur hún varla gert mistök í fatavali.**

Stjarna bandarísku leikkonunnar ungu Elle Fanning skín skærar með hverju árinu. Kvikmyndin The Neon Demon þar sem hún fer með aðalhlutverkið verður frumsýnd í Bandaríkjunum á morgun. Þar leikur hún unga konu sem kemur til Los Angeles til að verða fyrirsæta. Elle sjálf er orðin nokkurs konar uppáhald tískuiðnaðarins. Hún hefur ekki aðeins starfað sem fyrirsæta fyrir þekkt vörumerki eins og Miu Miu og Marc by Marc Jacobs heldur hefur hún vart slegið feilnótu í klæðavali, hvort heldur sem er á rauða dreglinum eða á förnum vegi. Hvort sem hún skartar Chanel-kvöldkjól eða gallabuxum og bol þykir hún vera bæði fáguð og töff eins og sjá má af þessum myndum.



Bæði dökkklædd og dökkhærð sem er ekki mjög algeng sjón.

Elle vakti hrifningu í þessum ævintýralega kjól frá Zuhair Murad á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

Elle litrík og ljómandi í stíl sjöunda áratugarins.

Í rauðum kjól frá Lanvin sem sækir innblástur í þriðja áratuginn og á háhæluðum skóm frá Christian Louboutin við.

Falleg og frískleg í bláum kjól frá Prada.

SUMARSPRENGJA



40% afsláttur af öllum vörum

COSMO
Kringlunni

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16.

OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í SUMAR 10-14





**Einarsson** eru ein allra bestu fluguhjólin á markaðnum í dag.

Hjólin eru framleidd á Íslandi og gríðarlega vönduð.

5 litir í boði og 5 stærðir .
Þetta er lífstíðar eign

Flugulína fylgir frítt öllum seldum **Einarsson** hjólum meðan byrgðir endast

**verð. frá 59.900 kr**

Vorum að fá ný módel af **Sage** stöngum s.s. **Bolt** og **Pulse**

Vönduðustu stangir í heimi fást nú í Veiðiportinu

ONE FLY RODS



**Verð frá 59.900 kr** og lífstíðar ábyrgð sama hvernig hún brotnar

SAGE

NÝ VEFSÍÐA
VEIDIPORTID.IS



Pakkað fluguborð
Laxaflugur **390 kr**
Silungaflugur **275 kr**





**Aquaz** vöðlur með rennilás eða mittis.
Bestu vöðlur sem við höfum verið með .
Verð á mittisvöðlum
**39.000 kr**
með rennilás
**69.000 kr**



**Scott** flugustangir í úrvali.
Ef þú vilt stöng með karakter frá einum virtasta flugustangarfyrirtæki heims þá færð þú þér Scott.
Það eiga allir Sage
en þeir sem eru "spes" eiga Scott

**Verð frá .69.000 kr** og lífstíðar ábyrgð sama hvernig hún brotnar !



**Aquaz** 3 laga vöðlujakki.
Þessi heldur þér þurrum allan daginn sama hversu mikið rignir.
Vatnsheldir rennilásar ,stroff á ermum ,stórir góðir vasar og góð hetta !!
**Verð 46.900 kr**

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
Alhliða málningarþjónusta. Upplýsingar í síma 776-0000

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD FASTEIGNA**
JÁ IÐNAÐARMENN
Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til sölu

mýranaut
Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**JÁRNA-BAKKAR**
Framleiðum allar gerðir af járnabökkum og tengingum fyrir kambstál.
Varist eftirapanir kennitöluflakkara.
www.bindir.is

## Til sölu

STIGA

**Stiga Estate 3084 H**
Sjálfskiptur sláttutraktór
B&S 3130 AVS mótor
Notendavænt sæti og stýri
240 lítra graskassi
Frábær traktór í meðalstór svæði
VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

Lítill lager af barnafatnaði til sölu. Uppl. í s. 897 7432

## Hljóðfæri



**HYUNDAI PÍANÓ + LEÐUR STÓLL**
HYUNDAI píanó til sölu, ásamt bólstruðum leður stól. Verð 220þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313 / 863 4291

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Sumarbústaðir


Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús- einbýlishús Fjölbreytt úrval- gott verð.
Upplýsingar hjá **ghalldor@simnet.is**

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**ÞJÓRSÁ, HVÍTÁ OG ÖLFUS**
Nýju netin tilbúin. Heimavík ehf, Höfðabakki 1, S. 555 6090 www.heimavik.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**GAMLA SMIÐJAN, PRASTALUNDI,**

**801 SELFOSS**
Óskar eftir starfsfólki til starfa. Vönum pizzabökurum í fullt starf og hlutastarf einnig afgreiðslufólki í fullt starf, kvöld og helgar vinnu.

Nánari upplýsingar sverrir@brimhotel.is

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

Vantar þitt fyrirræki góð þrif? Er með margra ára reynslu og er að leita eftir fyrirtækjum til ræstinga. nyjath@outlook.com

Vantar þitt fyritæki góð þrif? Er með margra ára reynslu og er að leita eftir fyrirtækjum til ræstinga. nyjath@outlook.com

Endalaust 365
ENDALAUST NET
1817 | 365.is
365

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
Hjólbarða Grafarvogs verkstæði
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

sauna.is
Fjárfesting í vellíðan
TYLÖ

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

BLIKK
Rör ● Tengiefni ● Viftur ● Loftræsting
Heildsala ● Smásala
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

EYJALIND
Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# NÝTT OG BETRA APP

FBL

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum

App Store · Google Play · Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland


## Leikskólakennari

Leikskólakennari óskast til starfa á leikskóladeild Laugargerðisskóla, Eyja- og Miklaholtshrepp.

Starfað er í nánu samstarfi við grunnskólann undir stjórn skólastjóra Laugargerðisskóla. Starfshlutfallið er 80% 4 daga vikunnar. Starfstíminn er frá 15. ágúst 2016 -31.maí 2017.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist til Kristinar Bjarkar Guðmundsdóttur skólastjóra á laugarg@ismennt.is, hreint sakavottorð þarf að fylgja.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 8944600

**Umsóknarfrestur er til 15 júlí.**

---

# EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Mánatún 17 105 Rvk. íbúð merkt 03-12.

OPIÐ HÚS



Ný og glæsileg 2ja herb. 91,4 fm. íbúð á 3. hæð í Mánatúni 17, auk stæðis í bílageymslu. Mjög góð staðsetning í húsinu. Myndavéladyrasími, vandaðar flísar, Kronotex harðparket frá Birgisson og Gorenje eldhústæki. Svalir snúa í austur og suður. **V. 44,7 millj.**

**EIGNIN VERÐUR SÝND FIMMTUDAGINN 23.JÚNÍ FRÁ 17:00 TIL 17:30.**

**Nánari upplýsingar veitir**
**Hilmar Þór Hafsteinsson**
lögg. fasteignasali
sími 824 9098
hilmar@eignamidlun.is



588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

---

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Starengi 18. 4ra herb. endaíbúð með sérinngangi.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**

OPIÐ HÚS



102,0 fm. endaíbúð með gluggum í þrjár áttir, sér inngangi og stórri afgirtri verönd til suðurs á jarðhæð í litlu fjölbýlishúsi við Starengi. Rúmgóð stofa. Eldhús opið við stofu að hluta. Þrju herbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. **Verð 34,9 millj. Verið velkomin.**

## Efstilundur 11- Garðabæ. Endaraðhús.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**

OPIÐ HÚS



Vel skipulagt 6 herbergja 178,2 fm. endaraðhús á einni hæð með innbyggðum 32,0 fm. bílskúr á fallegum útsýnisstað við óbyggt svæði rétt við golfvöll GKG í Garðabæ. Húsið er í góðu ástandi að utan og þakkantur er nýlega endurnýjaður. Samliggjandi stofur og fjögur herbergi. Skjólsæl lóð til suðurs. **Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 54,9 millj. Verið velkomin.**

---

Ísafjarðarbær

## Tillaga að deiliskipulagi við munna Dýrafjarðarganga, við Dranga og Rauðsstaði, Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 16. júní síðastliðinn að auglýsa tillögu að deiliskipulagi við munna Dýrafjarðarganga, annarsvegar við Dranga og hinsvegar við Rauðsstaði skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisskýrslu, skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Markmið deiliskipulagsins er að heimila nauðsynlega aðstöðu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við jarðgöngin.

Fyrirhugað skipulagssvæði mun taka til vinnubúða, vinnusvæðis með skrifstofu, geymslum o.þ.h. og haugsvæðis. Að framkvæmdum loknum verða vinnubúðirnar fjarlægðar og gengið frá svæðinu þannig að ásýnd þess verði sem líkust því sem var fyrir framkvæmdirnar. Framkvæmdasvæðið er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

Deiliskipulagstillögurnar ásamt umhverfisskýrslu, verða til sýnis á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar Hafnarstræti 1 á Ísafirði, á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is **frá 23. júní 2016 til og með 4. ágúst 2016.**

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar til 04.08.2016.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður eða á netfangið: axelov@isafjordur.is

*Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi*

---

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

## Hverfisgata-suðurhlið, nr. 4- 62, Laugavegur við Hlemm

*Endurskilgreining götuhliða. Starfsemiskvótar*

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 26. maí 2016 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að ákvæði um lágmarkshlutfall smásöluverslunar á jarðhæðum lækkar úr 50% í 30% við viðkomandi götuhliðar. Jafnframt er kveðið á um að engin ein starfsemi má taka yfir meira en 50% jarðhæðanna, nema smásöluverslun. Breytingartillagan nær annarsvegar til götuhliða við suðurhluta Hverfisgötu, nr. 4-62 og hinsvegar götuhliða við Laugaveg, milli Snorrabrautar og Rauðarárstígs.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 23. júní 2016 til og með 4. ágúst 2016.** Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 3. hæð. Tillöguna má nálgast á reykjavik.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 4. ágúst 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is




Kári Árnason, besti leikmaður Íslands í sigrinum á Austurríki á Stade de France í gær, fagnar hér eftir leik með því að veifa íslenska fánanum fyrir framan tíu þúsund syngjandi Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sigurlaunin sæt á Stade de France í gær

**Íslenska landsliðið í fótbolta komst í 16 liða úrslit á Evrópumótinu í gær þegar strákarnir okkar unnu Austurríki, 2-1, á Stade de France. Eftir erfiðan leik voru það varamennirnir sem innsigluðu sigurinn í stærsta leik liðsins frá upphafi. Loksins mætir Ísland Englandi.**

EM2016

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

FÓTBOLTI „Ég mun muna eftir þessari stundu þangað til ég dey,“ sagði Aron Einar Gunnarsson, landsliðsfyrirliði Íslands í fótbolta, um fögnuðinn með 10.000 stuðningsmönnum Íslands eftir sigurinn á Austurríki, 2-1, á Stade de France í gærkvöldi. Stund í sögu þjóðar sem mun svo sannarlega aldrei gleymast. Sigurinn kom Íslandi í 16 liða úrslit EM í frumraun liðsins á stórmóti.

Eftir að komast yfir með marki Jóns Daða Böðvarssonar á 18. mínútu fékk íslenska liðið á sig jöfnunarmark í seinni hálfleik þegar það, einu sinni sem oftar á mótinu, bakkaði of aftarlega og bauð hættunni heim. Eins og alltaf varðist íslenska liðið vel og Hannes var meira og minna frábær í markinu fyrir utan ein sprellitilþrif sem kostuðu næstum mark. En í gær var stundin okkar, stund strákanna, stund íslensku þjóðarinnar.

Þegar Arnór Ingvi Traustason skoraði sigurmarkið í uppbótartíma eftir sendingu frá Theodór Elmari Bjarnasyni ætlaði allt um koll að keyra hjá íslensku stuðningsmönnunum. Fullorðið fólk bókstaflega grét í stúkunni og ekki hættu tárin að flæða þegar pólski dómarinn flautaði til leiksloka. Litla Ísland komið áfram og það með sigri þegar jafntefli var nóg. Strákarnir unnu fyrir þessu, sköpuðu sér sína eigin heppni og skrifuðu enn og aftur nýjan kafla í íslenska fótboltasögu.

## Skipta um þjóðhátíðardag

„Strákarnir börðust fyrir sigurmarkinu. Við vorum heppnir á köflum en sýndum frábært hugarfar út leikinn. Það voru margir þreyttir í lokin enda höfum við spilað nánast á sama liðinu í keppninni. En, eins og við höfum alltaf sagt, við erum stoltir af leikmönnunum okkar,“ sagði Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfara Íslands, eftir leikinn.

Heimir og Lars gerðu enga breytingu á liðinu sem var búið að koma Íslandi í þessa stöðu. Þetta sama lið byrjaði leikinn aftur á móti mun betur en síðustu leiki og greinilegt að menn voru orðnir langþreyttir á að gera ekkert nema verjast. Jóhann Berg Guðmundsson var hársbreidd frá því að skora eitt af mörkum mótsins eftir nokkrar sekúndur.

> Ég man ekki neitt. Svo eftir leikinn fer maður og fagnar með fólkinu og sér þar í stúkunni litla frænda sinn, besta vin, mömmu og bróður. Þetta er nákvæmlega það sem maður vill.
>
> Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska landsliðsins



Saga íslenska liðsins er einstök og ekki að ástæðulausu að kastljós heimsins er á strákunum okkar. Sagan er stór og litlu sögurnar í stóru bókinni svo magnaðar. Fyrra markið í gær skoraði Jón Daði Böðvarsson. Selfyssingurinn sem átti ekki fyrir æfingagjöldum þegar hann var lítill og féll með Selfossi fyrir aðeins fjórum árum úr Pepsi-deildinni skoraði fyrir Ísland í stærsta leik liðsins frá upphafi á Stade de France. Einstakur strákur í einstöku liði. Fyrir utan það var Jón, ásamt Kára Árnasyni, besti maður vallarins.

„Ég held að þýðing þessa sigurs fyrir íslensku þjóðina sé örugglega að nú sé vilji til þess að breyta þjóðhátíðardeginum úr 17. júní í 22. júní,“ sagði Heimir Hallgrímsson eftir leikinn.

## England, Nice

„Þegar við skoruðum sigurmarkið fór ég bara í eitthvað „zone“. Ég man ekki neitt. Svo eftir leikinn fer maður og fagnar með fólkinu og sér þar í stúkunni litla frænda sinn, besta vin, mömmu og bróður. Þetta er nákvæmlega það sem maður vill,“ sagði Aron Einar við blaðamenn eftir leik en fyrirliðinn, sem er að spila meiddur og fórna sér fyrir liðið, var enn í geðshræringu þegar hann reyndi að útskýra líðan sína.

Ekki nóg með að Ísland hafi komist áfram heldur eru sigurlaunin eins sæt og þau verða. Í fyrsta sinn í sögunni mætir Ísland stórliði Englands með allar sínar stjörnur úr ensku úrvalsdeildinni. Í hvert sinn sem dregið er til undankeppni HM eða EM vonast íslenska þjóðin eftir að að mæta Englandi. Fyrst biðin er búin að vera svona löng var um að gera að gera þetta með stæl og mæta Englandi bara á stórmóti.

## Sérstaklega gaman

„Það horfa allir Íslendingar á ensku úrvalsdeildina. Það er okkar deild og það þekkja allir þessa leikmenn sem við erum að fara að spila við. Það verður sérstaklega gaman að mæta Englandi á stórmóti því ég hef aldrei spilað á móti Englandi,“ sagði Aron Einar Gunnarsson.

FASTEIGNAKAUP
verð 9,9 millj.
OPIÐ HÚS

Ögn – fallegt sumarhús við Breiðafjörðinn
Við Krossá, Skarðströnd í Dölum
Gulli Long verður með heitt á könnunni, laugardaginn 25. júní
Uppl. og bókun á skoðun í síma 690-1586

Erna Valsdóttir
lögg. fasteignasali
s. 892-4717
Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is

## Stjarna gærdagsins á EM 2016

Robbie Brady, leikmaður Norwich City, tryggði Írum 1-0 sigur á Ítölum og sæti í sextán liða úrslitunum þegar hann skoraði sigurmarkið á 84. mínútu. Brady skallaði boltann framhjá Salvatore Sirigu, varamarkverði Ítala, eftir fyrirgjöf frá Wes Hoolahan. Það kom á síðustu stundu og þegar stefndi í það að Írarnir væru á leiðinni heim.

Írland náði þökk sé þessu marki Bradys að vera ein af fjórum þjóðum sem komust áfram með bestan árangur úr 3. sætinu en hinar eru Slóvakía, Portúgal og Norður-Írland. Írar voru þar með fjórða besta árangurinn en Tyrkir og Albanir eru því á leiðinni heim.

Brady þurfti að sætta sig við að falla úr ensku úrvalsdeildinni með Norwich City í vetur en hann mun aldrei gleyma þessu marki sínu í gær.



**EM 2016 í Frakklandi í gær**

### E-riðill

**Ítalía - Írland 0-1**
0-1 Robbie Brady (85.)

**Svíþjóð - Belgía 0-1**
0-1 Radja Nainggolan (84.).

**Lokastaðan í E-riðlinum:** Ítalía 6 (+2), Belgía 6 (+2), Írland 4 (-2), Svíþjóð 1 (-2).

### F-riðill

**Ísland - Austurríki 2-1**
1-0 Jón Daði Böðvarsson (18.), 1-1 Alessandro Schöpf (60.), 2-1 Arnór Ingvi Traustason (90.+4).

**Ungverjaland - Portúgal 3-3**
1-0 Zoltán Gera (19.), 1-1 Nani (42.), 2-1 Balázs Dzsudzsák (47.), 2-2 Cristiano Ronaldo (50.), 3-2 Balázs Dzsudzsák (55.) 3-3 Cristiano Ronaldo (62.).

**Lokastaðan í F-riðlinum:** Ungverjaland 5 (+2), Ísland 5 (+1), Portúgal 3 (0), Austurríki 1 (-3).

### Bestu liðin í þriðja sæti

| | |
|---|---|
| Slóvakía (B-riðill) | 4 stig (Markatala 3-3) |
| Írland (E-riðill) | 4 stig (2-4) |
| Portúgal (F-riðill) | 3 stig (4-4) |
| Norður-Írland (C-riðill) | 3 stig (2-2) |
| --------- Þessi komust ekki áfram | ------------ |
| Tyrkland (D-riðill) | 3 stig (2-4) |
| Albaína (A-riðill) | 3 stig (1-3) |

## EM 16 liða

**Laugardagur 25. júní**
13.00 Sviss - Pólland
16.00 Wales - Norður-Írland
19.00 Króatía - Portúgal

**Sunnudagur 26. júní**
13.00 Frakkland - Írland
16.00 Þýskaland - Slóvakía
19.00 Ungverjaland - Belgía

**Mánudagur 27. júní**
16.00 Ítalía - Spánn
19.00 England - Ísland

## Í dag

| | |
|---|---|
| 17.30 Stjarnan - ÍBV | Sport |
| 19.05 KR - ÍA | Sport |
| 22.00 Sumarmessan | Sport |
| 18.00 Stjarnan - ÍBV | Stjörnuv. |
| 19.15 KR - ÍA | KR-völlur |

# Arnór: Leyfum þjóðinni að dreyma aðeins lengur

**FÓTBOLTI** Arnór Ingvi Traustason innsiglaði sigur íslenska liðsins á Austurríki í gær með marki í uppbótartíma. Eftir orrahríð að marki íslenska liðsins afgreiddu okkar menn þetta með skyndisókn sem Arnór batt endahnútinn á.

„Ég sá boltann frekar seint í netinu en að sjá boltann inni var alveg ótrúlegt. Maður er enn þá með hroll eftir þetta allt saman,“ sagði Arnór Ingvi við Fréttablaðið eftir leikinn.

„Þetta er það stærsta sem Ísland hefur gert núna í knattspyrnu. Við erum enn að skrifa söguna og áfram leyfum við okkur að dreyma. Við erum líka að leyfa þjóðinni að dreyma aðeins lengur.“

Tölfræði Arnórs Ingva með landsliðinu er svakaleg en hann hefur svo sannarlega nýtt spiltíma sinn með liðinu síðan hann kom inn í það eftir undankeppnina. Markið í gær var hans fjórða í átta leikjum með Íslandi.

„Ég hef alveg trú á sjálfum mér og veit hvað ég get. Ef ég fæ einhverjar mínútur reyni ég að nýta þær eins vel og ég get. Mér finnst ég nýta minn spiltíma vel. Þetta féll fyrir okkur í dag sem er frábært,“ sagði Arnór Ingvi sem hlakkar auðvitað til að mæta Englandi í 16 liða úrslitunum.

> **Við erum enn að skrifa söguna og áfram leyfum við okkur að dreyma.**
>
> Arnór Ingvi Traustason



„Það verður frábært að mæta Englandi en það sem er mikilvægt er að fá tvo aukadaga til að hvíla. Það er mikilvægt fyrir þá stráka sem hafa spilað. Nú verðum við að setja lappirnar á jörðina og fara að einbeita okkur að Englandi,“ sagði Arnór Ingvi Traustason. **– tom**











99 íbúðir til sölu á Bifröst

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI Í FERÐAÞJÓNUSTU

Til sölu eru 99 íbúðir að Hamragörðum 1 og við Sjónarhól á Bifröst sem seldar verða í einu lagi til sama aðila, auk möguleika á að kaupa rekstrarfélag Hótels Bifrastar.

Bifrastarsvæðið er vel staðsett og umkringt friðsælli og fallegri náttúru í vaxandi ferðaþjónustuhéraði. Hótelreksturinn er í góðri sátt við Háskólann á Bifröst og er m.a. í samstarfi við skólann um ráðstefnuhald.

**Nánari upplýsingar um eignirnar veita neðangreindar fasteignasölur.**

HÖFÐI FASTEIGNASALA
**Runólfur Gunnlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
892 7798
runolfur@hofdi.is

EIGNAMIÐLUN
**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
824 9093
kjartan@eignamidlun.is

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
**Magnús Leópoldsson**
Löggiltur fasteignasali
550 3000 | 892 6000
magnus@fasteignamidstodin.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG
**Ólafur Finnbogason**
Löggiltur fasteignasali
822 2307
olafur@miklaborg.is

# Arnór Ingvi skorar sögulegt sigurmark á Stade de France í gær




**Nýtti fyrstu mínúturnar sínar á EM frábærlega** Arnór Ingvi Traustason fékk ekkert að spila í fyrstu tveimur leikjum Íslands á EM í Frakklandi en hann kom inn á á 80. mínútu í gær og átti heldur betur eftir að gera góða hluti. Hér á myndinni sést þegar Arnór Ingvi hefur sent boltann í mark Austurríkis og tryggt Íslandi 2-1 sigur og 2. sætið í riðlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Maður leiksins**

## 14 Kári Árnason

**Stoðsendingar:** 1
**Sendingar:** 23/32
**Unnin skallaeinvígi:** 7
**Einkunn:** 9

Kári sýndi mikilvægi sitt svo um munaði. Hann lagði upp markið hans Jóns Daða og bjargaði marki í seinni hálfleik þegar Alaba var í dauðafæri. Kári var öruggur í öllum sínum aðgerðum og algjör klettur í íslenska vörninni. Hann vann meðal annars sjö skallaeinvígi og átti næstflestar heppnaðar sendingar hjá íslenska liðinu í þessum leik.

### Einkunnir leikamanna íslenska landsliðsins

**Hannes Þór Halldórsson 8**
Hársbreidd frá því að gera afdrifarík mistök snemma leiks en náði sjálfur að bjarga. Var öruggur í öðrum aðgerðum. Varði úr dauðafæri í síðari hálfleik á mikilvægu augnabliki.

**Birkir Már Sævarsson 7**
Skynsamur í sínum ákvörðunum, kom lítið út úr honum fram á við en varðist vel.

**Ragnar Sigurðsson 8**
Batt vörnina saman með Kára og reyndi að halda boltanum aftast eins og hægt var. Var með 9 heppnaðar hreinsanir í leiknum.

**Ari Freyr Skúlason 6**
Gaf víti með óþarfa broti í fyrri hálfleik og heppinn að fá ekki dæmt á sig annað víti í seinni hálfleik. Stóð stundum tæpt.

**Gylfi Þór Sigurðsson 8**
Sinnti mikilli varnarvinnu en gekk lítið að koma honum í boltann í sóknarleiknum.

**Jóhann Berg Guðmundsson 7**
Opnaði leikinn á þrumuskoti í samskeytin og var líflegur á hægri kantinum. Þræddi frábæra sendingu á Birki Bjarna sem var hársbreidd fyrir innan. Lítið í boltanum í seinni hálfleik.

**Aron Einar Gunnarsson 8**
Kom sér betur í spilið en í undanförnum leikjum snemma leiks sem gaf tóninn og skapaði öryggi hjá okkar mönnum fram á við í fyrri hálfleik.

**Birkir Bjarnason 7**
Lítið áberandi í fyrri hálfleiknum en hann komst betur í takt við leikinn í þeim síðari og var líklega mest ógnandi leikmaður Íslands fram á við.

**Jón Daði Böðvarsson 8**
Vanmetnasti leikmaður liðsins, sýndi frábær tilþrif og kom Íslandi yfir með marki af harðfylgi á 18. mínútu.

**Kolbeinn Sigþórsson 7**
Hélt áfram háloftavinnu sinni en gekk illa að koma sér í spil. Örþreyttur í seinni hálfleik og okkar mönnum gekk illa að finna hann.

**Theodór Elmar Bjarnason 7**
Kom inn á fyrir Jón Daða Böðvarsson á 71. mínútu leiksins. Kom öflugur inn af bekknum og var viljugur til að halda boltanum sem þurfti. Varðist vel og lagði upp sigurmarkið.

**Arnór Ingvi Traustason -**
Kom inn á fyrir Kolbein Sigþórsson á 80. mínútu leiksins. Kom ferskur inn og var sallarólegur þrátt fyrir að vera að koma inn á í fyrsta sinn á mótinu. Vann mikilvægar sekúndur fyrir íslenska liðið og skoraði sigurmarkið.

**Sverrir Ingi Ingason -**
Kom inn á fyrir Jóhann Berg á 86. mínútu.

**2** (Ísland) — **Mörk**
1-0 Jón Daði Böðvarsson (18.),
2-1 Arnór Ingvi Traustason (90.+4)

**1** (Austurríki) — **Mörk**
1-1 Alessandro Schöpf (60.)



**Heppnaðar sendingar**

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson | 26 |
| Kári Árnason | 23 |
| Ari Freyr Skúlason | 23 |
| Aron Einar Gunnarsson | 22 |

**Snertingar á boltann**

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson | 54 |
| Kári Árnason | 51 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 48 |
| Ari Freyr Skúlason | 47 |

**Sköpuð skotfæri**

| | |
|---|---|
| Kári Árnason | 2 (1 stoðs.) |
| Jóhann Berg Guðmunds. | 2 |
| Theódór Elmar Bjarna. | 1 (1) |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 1 |

**Með boltann**




**Skot**




**Skot á mark**




**Unnar tæklingar**

| | |
|---|---|
| Kolbeinn Sigþórsson | 4 |
| Theódór Elmar Bjarnason | 2 |
| Birkir Bjarnason | 2 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 2 |

**Heppnaðar hreinsanir**

| | |
|---|---|
| Ragnar Sigurðsson | 9 |
| Kári Árnason | 5 |
| Ari Freyr Skúlason | 4 |
| Sverrir Ingi Ingason | 3 |

**Unnin skallaeinvígi**

| | |
|---|---|
| Kári Árnason | 7 |
| Kolbeinn Sigþórsson | 5 |
| Jón Daði Böðvarsson | 4 |
| Theódór Elmar Bjarnas. | 2 |



**Hlupu mest** (Ísland)

| | | |
|---|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 11,38 km | 12 km |
| Aron Einar Gunnarsson | 10,59 km | 12 km |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 10,24 km | 12 km |

**Hlupu mest** (Austurríki)

| | | |
|---|---|---|
| Julian Baumgartlinger | 11,14 km | 12 km |
| David Alaba | 10,49 km | 12 km |
| Florian Klein | 10,17 km | 12 km |

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins
Mánatún 17 105 Rvk. íbúð merkt 03-12.


Ný og glæsileg 2ja herb. 91,4 fm. íbúð á 3. hæð í Mánatúni 17, auk stæðis í bílageymslu. Mjög góð staðsetning í húsinu. Myndavéladyrasími, vandaðar flísar, Kronotex harðparket frá Birgisson og Gorenje eldhústæki. Svalir snúa í austur og suður. V. 44,7 millj.
EIGNIN VERÐUR SÝND FIMMTUDAGINN 23.JÚNÍ FRÁ 17:00 TIL 17:30.
Nánari upplýsingar veitir
Hilmar Þór Hafsteinsson
lögg. fasteignasali
sími 824 9098
hilmar@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# 20-50% AFSLÁTTUR AF SUMARVÖRUM FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

## Sumarleikföng
Verð frá:
**99 kr.**
-50%*



## Fjölskylduspil
-20%




## Litabækur
Verð frá:
**559 kr.**
-20%



## Minnisspil
-20%




## Ferðaspil
**550 kr.**
Verð áður: 1100 kr.
-50%*




## Ravensburger púsl
Verð frá:
**319 kr.**
-20%




## Fjölskylduspil
-20%




## Litabækur fyrir fullorðna
-20%




## Spilablanda 100 spil
**2.399 kr.**
Verð áður: 2.999 kr.
-20%




ÁRNASYNIR

*Gildir fyrir meðlimi í A4 klúbbnum til 3. júlí 2016. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Athugið að vöruframboð er breytilegt á milli verslana.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

## Merkisatburðir

**168** f.Kr. Rómverjar sigra Makedóníumenn í orrustunni við Pydna.
**1372** Englendingar bíða ósigur fyrir sameinuðum flota Frakka og Kastilíumanna í orrustunni við La Rochelle.
**1636** Herstjóraveldið í Japan bannar allar ferðir Japana til og frá landinu. Bannið gildir til ársins 1853.
**1939** Hitamet er sett á Teigarhorni í Berufirði: Mesti mældur hiti á Íslandi frá upphafi mælinga, 30,5°C.
**1941** Þýskaland hefur innrás í Sovétríkin.
**1977** Hópferðabíll veltur í Biskupstungum og liggur við stórslysi. Í bílnum eru 46 farþegar af skemmtiferðaskipi og meiðast margir þeirra en enginn alvarlega.
**1991** Á Snæfellsjökli falla hjón niður í alldjúpa sprungu en er bjargað.

# Stolt 101 Reykjavíkur heldur uppskeruhátíð

**Uppskeruveisla knattspyrnufélagsins Mjaðmarinnar, Bjúddarinn, verður haldin í kvöld á skemmtistaðnum Húrra. Þar munu koma fram hinir ýmsu listamenn úr miðbænum.**

Knattspyrnufélagið Mjöðmin spilar í Gulldeildinni og er „íþróttastolt 101 Reykjavíkur“. Í liðinu hefur gegnum tíðina spilað rjóminn af lista- og menningarliði miðbæjarins. Í kvöld heldur liðið upp á viðburðinn Bjúddarann á skemmtistaðnum Húrra í Naustunum, en það er ákaflega viðeigandi samastaður fyrir skemmtun skipulagða af þessu „hipstera“-liði enda þeirra helsta afdrep í miðbænum.

Á Bjúddarann er sjálfsögðu opið fyrir almenning enda eru ansi margir liðsmenn Mjaðmarinnar starfandi skemmtikraftar og því tilvalið að sameina liðsskemmtunina og eitt allsherjar dansiball. Meðal þeirra listamanna sem spila eða hafa spilað með liðinu á einhverjum tímapunkti má nefna sem dæmi DJ Margeir, Arnór Dan úr Agent Fresco og Sturlu Atlas. Búningur liðsins var hannaður af engum öðrum en Guðmundi Jörundssyni.

„Bjúddarinn er í rauninni uppskeruhátíð Mjaðmarinnar. Þar er sýnt brot af því besta úr því starfi sem hefur átt sér stað hjá leikmönnunum fyrir utan við stórkostlegan árangur liðsins. Við unnum náttúrulega B-deildina í Gulldeildinni, það náttúrulega vita það allir. Við erum að sýna hina hliðina líka. Þetta er allsherjar tónlistar- og listahátíð. Þetta er í grunninn styrktarhátíð fyrir félagsgjöldum og þátttökugjöldum í knattspyrnudeildum víðsvegar um heiminn. Ég er búinn að spila þrjú tímabil með Mjöðminni. Mjöðmin hefur gegnum árin verið svona tónlistar- og listatengt fótboltalið. Mikið grasrótar-indí-dót sem hefur komið upp úr þessu fótboltaliði,“ segir Jóhann Kristófer Stefánsson. leikmaður Mjaðmarinnar og einn af 101 Boys, hljómsveitinni hans Sturlu Atlas sem mun troða upp á Bjúddaranum.

Ásamt Sturlu Atlas munu koma fram Högni Egilsson, best þekktur sem Högni í Hjaltalín, Gunnar Ragnarsson sem hefur gert garðinn frægan í hljómsveitinni Grísalappalísu – en hann er sagður til alls líklegur – Hilmar Guðjónsson leikari mun kynna herlegheitin og síðan verður DJ Margeir á svæðinu til að þeyta skífum í hvert sinn sem þess þarf, en þó er líklegt að aðrir liðsmenn Mjaðmarinnar verði tilbúnir til að stökkva á spilarana.

Verðið mun vera 1.500 krónur við dyr og allur ágóðinn rennur eins og áður segir í starf liðsins sem, að minnsta kosti að sögn Jóhanns, fer fram um allan heim. **stefanthor@frettabladid.is**




**Jóhann Kristófer Stefánsson hefur spilað með Mjöðminni í heil þrjú tímabil og hann mun ásamt Sturlu Atlas og hinum meðlimum 101 Boys troða upp á Bjúddaranum í kvöld.**
FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA




**„Mjöðmin hefur gegnum árin verið svona tónlistar- og listatengt fótboltalið. Mikið grasrótar-indí-dót sem hefur komið upp úr þessu fótboltaliði.“**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýndan hlýhug og vinsemd við andlát og útför

**Kristjönu Jónatansdóttur**
frá Nípá.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Hvammi Húsavík fyrir einstaka hlýju og góða umönnun.

**Friðbjörn Jónatansson og aðstandendur.**



†

Elskuleg móðir okkar og amma,

**Aðalbjörg Gunnlaugsdóttir**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 16. júní sl.

Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sólveig Róbertsdóttir**
**Unnur Óskarsdóttir**
**Þrúður Óskarsdóttir**
**Snædís Lilja Ingadóttir, Aðalbjörn Unnar Jóhannsson, Andrea Eir Almqvist og Daniel Hugo Almqvist**



†

Innilegar þakkir til allra, sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför hjartkærs eiginmanns míns, föður, afa og langafa,

**Sigurðar Jóelssonar**
kennara,
Fögrubrekku 38, Kópavogi,

sem lést 20. maí á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær Karlakórinn Fóstbræður, stjórnandi hans Árni Harðarson og Þorgeir Andrésson einsöngvari fyrir yndislegan söng, sem gerði útförina einstaka.

Guð blessi ykkur öll.

**Jóna Sveinsdóttir**
**Edda Björk Sigurðardóttir**
**Arndís Jóna Vigfúsdóttir** **Hafþór Már Hjartarson**
**Steina Dögg Vigfúsdóttir** **Steinn Anton Kastbjerg**
**Sigurður Jóel Vigfússon** **Halla Björk Vigfúsdóttir**



†

Innilegar þakkir þeim sem sýndu okkur hlýhug og alúð við andlát og útför elskulega föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og bróður,

**Guðvarðar Elíassonar**
Strikinu 3,
Hjúkrunarheimilinu Ísafold.

Þökkum starfsfólki Sólvangsvegi 1, heimahjúkrunar Hafnarfjarðar og starfsfólki Ísafoldar fyrir alúð og hlýju við umönnun í veikindum hans. Einnig fá Kiwanis-félagar í Eldborg þakkir.

**Hulda Guðvarðardóttir** **Björn Guðmundsson**
**Elías Guðvarðarson** **Eva Bracola**
**Ívar Már Arnbjörnsson** **Camilla Andersson**
**Elva Elíasdóttir**
**Hulda Fríða Björnsdóttir** **Jóhannes H. Hauksson**
**Sigrún Elíasdóttir**
**Hanna Elíasdóttir** **Ingvar Sveinsson**
**langafabörn og aðrir aðstandendur.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Jónasdóttir**
(Dúna)
Trönuhjalla 13, Kópavogi,

sem lést 18. júní verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 30. júní kl. 15.

**Steinar Júlíusson**
**Jónas Þór Steinarsson** **Þórey Morthens**
**Ragna Steinarsdóttir** **Þorsteinn G. Þórhallsson**
**Júlíus Steinarsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Eyvindur Steinarsson**
**Gunnar Kristinn Steinarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Lísa Einarsdóttir Sandholt**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði 13. júní síðastliðinn.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jóhanna Bertha Sandholt** **Hallur Kristjánsson**
**Hjörtur Sandholt** **Árdís Jónasdóttir**
**Kolbrún Jónsdóttir Sandholt** **Sigurður Axelsson**
**Jón Arnar Sandholt** **Linda María Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

17
2017

VIÐ BJÓÐUM

# Morgunverð

ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN

MORGUNVERÐ GILDA Á VÖLDUM STÖÐUM ÚT JÚNÍ 2016




kl. 8-11
Morgunverð
KR. 7.710
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA Í EINKAEIGN

FRUMHERJI BÝÐUR „MORGUNVERÐ"
Á MILLI KLUKKAN 8-11 VIRKA MORGNA.
AÐALSKOÐUN FYRIR KR. 7.710.
GÆÐA KAFFI OG FRÍTT
WI-FI Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.

ATH. MORGUNVERÐ GILDA Á EFTIRFARANDI SKOÐUNARSTÖÐVUM FRUMHERJA ÚT JÚNÍ 2016

**REYKJAVÍK**
Hesthálsi 6-8, 110 Reykjavík
Grandi, Hólmaslóð 2, 104 Rvk.
Sund, Klettagörðum 11, 104 Rvk.
Skeifan, Grensásvegi 7, bakhús, 108 Rvk.
Grafarvogur, Gylfaflöt 19, 112 Rvk.

**KÓPAVOGUR**
Dalvegi 22, 200 Kópavogur

**HAFNARFJÖRÐUR**
Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður

**GARÐABÆR**
Litlatúni 1, 210 Garðabær

**REYKJANESBÆR**
Njarðarbraut 7, 260 Reykjanesbær

**SELFOSS**
Hrísmýri 9, 800 Selfossi

**AKUREYRI**
Frostagötu 3a. 603 Akureyri

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is




*- örugg bifreiðaskoðun um allt land*

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Í dag er útlit fyrir ágætis veður á landinu, þurrt og víða sólskin en skýjað og sums staðar þokuloft við suður- og vesturströndina. Hiti yfirleitt 12 til 20 stig, einna hlýjast í innsveitum fyrir norðan.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 11° | 17° |
| ↑9 | ↗15 | ↗5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 18° | 17° | 10° |
| ↖7 | ↗6 | ↑10 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 16° |
| ↑3 | ↗6 | ↗8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 17° | 11° | 7° |
| ↓1 | ↖2 | ↑8 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. krukka
6. kraðak
8. arinn
9. lærir
11. 49
12. umfang
14. íshroði
16. utan
17. siða
18. vefnaðarvara
20. tvíhljóði
21. handa

**LÓÐRÉTT**
1. kaups
3. í röð
4. tjaldferð
5. sunna
7. námskeið
10. skilaboð
13. geislahjúpur
15. laun
16. beita
19. kringum

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. krús, 6. ös, 8. stó, 9. les, 11. il, 12. ummál, 14. ísrek, 16. án, 17. aga, 18. tau, 20. au, 21. arma. **LÓÐRÉTT:** 1. sölu, 3. rs, 4. útilega, 5. sól, 7. seminar, 10. sms, 13. ára, 15. kaup, 16. áta, 19. um.

## Skák Gunnar Björnsson

Pirogov átti leik gegn Belinki í Moskvu árið 1958.

**Svartur á leik**

**1...He1!! Glæsilegur leikur. 2. Hxe1 er svarað með 2...Dg2# og 2. Dxe1 er svarað með 2...Dh5#. Hvítur gafst því upp.**

**www.skak.is** Nýjustu skákfréttirnar.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | 7 | | 9 | 2 |
| 7 | 9 | | | 1 | | | | 6 |
| | | 6 | | 3 | | | | |
| | 3 | 2 | 1 | | | | | 8 |
| 6 | 4 | | | | 9 | | | |
| 9 | 1 | | 2 | | 3 | | | 4 |
| 2 | 5 | | | | 8 | 3 | | |
| | | 1 | 4 | | | 6 | | |
| 8 | | | | 9 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 6 | 7 | | 8 | | 3 |
| 2 | | 6 | | 1 | | | | 7 |
| | 8 | | | 4 | 5 | | 2 | |
| | | 8 | | | 6 | | | 9 |
| 6 | 1 | | | | | 3 | | |
| | | | | 2 | 1 | | 4 | |
| | | 7 | | | 4 | | | |
| | | | 2 | 8 | | | | 4 |
| 3 | 6 | | | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 4 | | | 3 | | 2 |
| | 2 | | 1 | 3 | | 4 | 6 | |
| | | | | | | | | |
| | | | | | 7 | 8 | | 4 |
| | | | 8 | 9 | | | 2 | 6 |
| | | 7 | | | | | 5 | |
| | | | | 2 | | | 9 | |
| | 6 | | | 1 | | 2 | | 5 |
| 9 | | | | 5 | | 6 | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 9 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 |
| 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 2 | 4 | 7 | 1 | 3 |
| 8 | 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 |
| 2 | 6 | 5 | 4 | 7 | 3 | 1 | 8 | 9 |
| 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 5 | 7 | 9 | 6 | 3 | 1 |
| 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 |
| 9 | 3 | 5 | 6 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 |
| 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 9 |
| 7 | 5 | 4 | 9 | 1 | 8 | 3 | 2 | 6 |
| 3 | 1 | 9 | 2 | 5 | 6 | 8 | 7 | 4 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 9 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 4 | 9 | 1 | 8 | 6 | 2 |
| 6 | 8 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 4 | 2 | 7 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 |
| 2 | 1 | 7 | 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 9 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 |
| 8 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 | 4 | 9 | 7 |
| 1 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 6 | 5 | 8 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







ÁFRAM ÍSLAND
VIÐ ÓSKUM STRÁKUNUM OKKAR TIL HAMINGJU MEÐ SIGURINN!
4BLS
NÝR SJÓÐHEITUR SUMARBÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SNILLD :)
75% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEYRNARTÓLUM
ÓTRÚLEGT ÚRVAL!
CREATIVE
KOSS
SENNHEISER
plantronics
TRUST GAMING
ÚTSÖLUPARTÝ:)
Partýið er byrjað, heyrnartól í miklu úrvali á allt að 75% afslætti, öllu helstu merkin.
ALLT AÐ 75%
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
50% LÆKKUN
ALLT AÐ 50% LÆKKUN AF ÖLLUM MINNISKORTUM
ÓTRÚLEGT ÚRVAL!
MINNISKORT
Nú er sannarlega rétti tíminn til að næla sér í minniskort á frábæru verði, allt að 50% lækkun:)
ALLT AÐ 50%
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
48"
20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 119.990
4K
ULTRA HD 3840x2160
SNJALLARA 48" SJÓNVARP MEÐ INNBYGGÐU 4K NETFLIX
99.990
NETFLIX
dlna CERTIFIED
1000Hz cmp
A Energy Class
SALORA
3 LITIR
Trust
FERÐAHÁTALARI
Stórlæsilegur Bluetooth hátalari með 8 tíma rafhlöðuendingu. Tilvalin í ferðalagið eða bústaðinn.
4.990
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
23. Júní 2016 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:00
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
HRAÐSENDUM 500KR ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*









**1.** Lilja Óladóttir, Guðný Halla Sóllilja og Hallur Gunnarsson spjalla við heimalningana í Sænautaseli. **2.** Páll Pálsson er sjálfmenntaður fræðimaður sem unir sér hvergi betur en á æskuheimilinu Aðalbóli. **3.** Linda Björg Kjartansdóttir í Teigaseli og maður hennar, Jón Björgvin Vernharðsson, ásamt dætrum sínum tveimur, Heiðdísi Jöklu og Snærúnu Hrefnu. **4.** Feðgarnir Jón Helgason á Refshöfða og Helgi Hrafn Jónsson í vélaskemmunni. MYNDIR/RAGNHILDUR

MOSFELLSBÆR

**Tilkynning frá Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar**

Kjörstaður vegna forsetakjörs sem fram fer þann 25. júní 2016 er í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð og stendur kjörfundur kl. 9 - 22. Kjósendur eru minntir á að koma með persónuskilríki á kjörstað.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag verður á sama stað, sími 525-9200.

**Mosfellsbæ 20. júní 2016.**

**Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar**
**Þorbjörg I. Jónsdóttir formaður**
**Haraldur Sigurðsson**
**Valur Oddsson**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# Sannar sögur á sýningu um **Jökuldælinga**

## Lífsreynsla, umhyggja, íhygli og rósemd birtast í andlitum Jökuldælinga sem Ragnhildur Aðalsteinsdóttir hefur myndað. Sýning hennar, Bændur á Jökuldal, er á Skjöldólfsstöðum.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Mig er búið að dreyma um það lengi að mynda alla Jökuldælinga og gera sýningu úr því. Í huganum var það kannski minna mál en það var í raun. Samt voru langflestir til í það," segir Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, blaðamaður og ljósmyndari, sem hefur sett upp ljósmyndasýninguna Bændur á Jökuldal í ferðaþjónustustöðinni Á hreindýraslóðum, sem er veitingastaður, gisting og gallerí að Skjöldólfsstöðum á Jökuldal.

„Ég byrjaði fyrir ári, í sauðburði, þá var ég í viku, tók síðan tvo mánuði í verkefnið í fyrrasumar, fór í réttir í fyrrahaust og var svo í eina viku núna í vetur. Ég er með rúmlega sextíu myndir á sýningunni, þær eru frá öllum bæjum og af flestum einstaklingum sveitarinnar, bæði börnum og fullorðnum."



**„Ég dvaldi hjá gömlum sveitungum og fangaði augnablikin í daglegu lífi þeirra," segir Ragnhildur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ragnhildur kveðst líka hafa myndað þá sem eru hættir búskap, nefnir Ragnar og Birnu á Hákonarstöðum sem dæmi. „Sumir Jökuldælingar eru að vinna á Egilsstöðum með búskapnum, aðrir eru fluttir þangað vegna aldurs og ég er ekki að búa neitt til, þetta eru allt sannar sögur. Sumar myndirnar eru úr fjárhúsum og hesthúsum en ég tók líka myndir inni í kaffi og af konum að prjóna. Reyndi að hafa efnið sem fjölbreyttast," segir hún og tekur fram að myndirnar séu prentaðar hjá Héraðsprenti á Egilsstöðum.

Ragnhildur ólst upp á Vaðbrekku í Hrafnkelsdal, þar býr nú bróðursonur hennar, Aðalsteinn Sigurðsson. „Ég er Jökuldælingur því Hrafnkelsdalur gengur inn úr Jökuldal og telst til sömu sveitar," segir hún og kveðst hafa haft áhuga á ljósmyndun frá því hún var tíu ára og fékk fyrstu myndavélina.

Sérstaklega aðhyllist hún heimildaljósmyndun og hana hafi hún meðal annars lært úti í Kanada. Ragnhildur er nú blaðamaður á Vikunni og ljósmyndari í lausamennsku og var með tvær myndir úr Jökuldælaseríunni á sýningu Blaðamannafélagsins í Gerðarsafni í vor.

# ÚTSKRIFTARGJAFIRNAR FÁST Í A4


**Kopar hnattlíkan**
8.499 kr.
Verð áður: 16.999 kr.
-50%*



**American Tourister cabin taska**
Til í nokkrum litum.
8.999 kr.
Verð áður: 11.999 kr.
-25%*



**House Doctor**
2.299 kr.



**Samsonite snyrtitaska**
7.999 kr.



**Pioneer heyrnartól**
7.999 kr.



**Fujifilm myndavél**
15.900 kr.



**Samsonite Base Hits**
Til í nokkrum litum.
17.993 kr.
Verð áður: 23.990 kr.
-25%*



**Umbra skartgripastandur**
4.199 kr.
Verð áður: 6.999 kr.
-40%



**Samsonite fartölvubakpoki**
Fyrir allt að 15-16" tölvur
8.990 kr.



*Gildir fyrir meðlimi í A4 klúbbnum, til 26. júní 2016. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Einungis þessar 2 tegundir af ferðatöskum með afslætti. Athugið að vöruframboð er breytilegt á milli verslana.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

ÁRNASYNIR

# Bæði klassík og nýsköpun á tónleikum á Klaustri

Söngur ljóða-, kvikmynda- og söngleikjatónlistar verður í öndvegi á Kammertónleikum austur á Klaustri um helgina. Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzosópransöngkona er þar hæstráðandi og hefur með sér úrvalslið.

„Hátíðin hefst á metnaðarfullan hátt þegar Benedikt Kristjánsson tenórsöngvari og Bjarni Frímann Bjarnason píanóleikari flytja ljóðaflokkinn Malarastúlkuna fögru eftir Schubert. Hann er meðal stærstu verka söngbókmenntanna og hér í íslenskri þýðingu Daníels Á Daníelssonar.“ Þannig lýsir Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir mezzosópran upphafi Kammertónleika – sönghátíðar á Kirkjubæjarklaustri sem hefst annað kvöld og stendur fram á sunnudag í samkomuhúsinu Kirkjuhvoli þar sem Guðrún Jóhanna segir öndvegisflygil vera til staðar.

Guðrún Jóhanna hefur búið í Madrid frá aldamótum en heldur tryggð við Ísland, meðal annars Klaustur, þar sem hún hefur haldið tónlistarhátíð síðan 2006. „Ég tók við af Eddu Erlendsdóttur sem stofnaði hátíðina 1991 en vægi söngtónlistar hefur aukist eftir að ég tók við. Ég hef líka fengið tónskáld til að semja ný verk og í ár er það Hildigunnur Rúnarsdóttir.“



Tónlistarfólkið Guðrún Jóhanna, Hrönn Þráinsdóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Valgerður Guðnadóttir og Francisco Javier Jáuregui. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Auk Benedikts og Bjarna eru Valgerður Guðnadóttir söngleikjastjarna, Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari og Francisco Javier Jáuregui gítarleikari flytjendur tónlistarinnar með Guðrúnu Jóhönnu. Þau verða með lög úr þekktum kvikmyndum eins og The Shawshank Redemption og Disneymyndunum Frozen og Litlu hafmeyjunni. Einnig ástsæl lög úr söngleikjum og má þar nefna Söngvaseið.

Einnig verður Þórdís Heiða Kristjánsdóttir tónlistarkennari með skapandi tónlistarsmiðju fyrir tveggja til tólf ára börn. „Mér finnst mikilvægt að börn fái að njóta tónlistar og tækifæra til að vera flytjendur á sviði,“ segir Guðrún Jóhanna og bætir við: „Ég legg líka mikið upp úr að í dagskránni sé litið til fortíðar og nútíðar til að gera hátíðina aðgengilega öllum.“

Dagskrána má finna á kammertonleikar.is. **gun@frettabladid.is**




## Norðurljósin í Norðurljósum

**TÓNLIST**

★★★★★

**Verk eftir** Takemitsu, Saariaho, Ravel og Skúla Sverrisson á Reykjavík Midsummer Music.
**Flytjendur:** Viktoria Mullova, Víkingur Heiðar Ólafsson, Bjarni Frímann Bjarnason, Katie Buckley, Matthew Barley og fleiri.
**Norðurljós í Hörpu**
fimmtudaginn 16. júní

Ég var kominn út í geim á upphafstónleikum Reykjavík Midsummer Music í Norðurljósum í Hörpu á fimmtudagskvöldið. Nokkur verkanna á efnisskránni voru innblásin af himinhvolfinu. Það lá við að fólk lyftist úr sætum sínum og svifi um; þannig var stemningin.

Óríon fyrir selló og píanó eftir Toru Takemitsu var eitt af þessum verkum. Óríon er stjörnumerki og eins og svo oft með stjörnurnar, þá tengist því goðsögn. Nafnið kemur úr grískri goðafræði; Óríon var veiðimaður sem storkaði guðunum. Það var eitthvað fallega tímalaust við tónsmíð Takemitsu. Framrás tónanna var óræð, hljómarnir myrkir, laglínurnar leitandi.

Matthew Barley lék einkar fallega á sellóið, ómurinn var safaríkur og stefin fagurlega mótuð. Píanóleikur Bjarna Frímanns Bjarnasonar var ekki síðri. Ásláttur hans var einstaklega mjúkur og hlýlegur, hver einasti hljómur var unaðslegur áheyrnar. Bjarni Frímann er altmuligmand, hann spilar á píanó og fiðlu, og stjórnar hljómsveit. Geri aðrir betur!

Önnur geim-tónsmíð var Lichtbogen eftir finnskt samtímatónskáld, Kaija Saariaho. Þar voru norðurljósin tónsett, ef svo má segja. Síbreytilegir, risavaxnir logar á endalausri ferð um himinhvolfið birtust manni í fíngerðu tónmálinu, sem oftar en ekki var mjög ofarlega á tónsviðinu. Tónlistin var bæði svört eins og geimurinn, en líka skær og lýsandi björt inn á milli. Hún var leikin af níu hljóðfæraleikurum undir stjórn Bjarna Frímanns. Flutningurinn var nákvæmur og agaður. Tónlistin varð þó fyrst áhrifamikil þegar rafhljóð tóku að blandast við hana. Hvílík fegurð!

Síðasta geim-verkið var Miranda eftir Skúla Sverrisson. Það var fyrir píanó og var frumflutt af Víkingi Heiðari Ólafssyni á tónleikunum.



**„Mullova var mögnuð, leikur hennar var sérlega grípandi; hárnákvæmur og kröftugur í senn,“ segir í dómnum.**

Miranda er minnsta tungl Úranusar. Tónmálið var annarlegt, byggðist á mínimalískum hendingum sem voru endurteknar í sífellu en tóku smám saman breytingum. Stemningin í tónlistinni var heillandi, og leikur Víkings var einkar ljúfur áheyrnar.

Fyrir utan geiminn voru tvö önnur verk, bæði eftir Ravel, á dagskránni. Fyrst var Introduction et allegro fyrir hörpu og nokkur önnur hljóðfæri. Harpan var í aðalhlutverki, þetta var einskonar hörpukonsert. Katie Buckley lék á hörpuna og gerði það meistaralega. Spilamennskan var blæbirgðarík, þétt og fókuseruð.

Í Tríói fyrir fiðlu, selló og píanó bættist engin önnur en Viktoria Mullova, heimsfrægur fiðluleikari, í hóp þeirra Barleys og Víkings. Tónlistin spannaði mjög vítt svið, allt frá innhverfum, hugleiðslukenndum hljómum og dreymnum laglínum yfir í ofsafengna, ástríðuþrungna hápunkta. Mullova var mögnuð, leikur hennar var sérlega grípandi; hárnákvæmur og kröftugur í senn. Sellóleikurinn var líka pottþéttur og píanóleikurinn aðdáunarverður; samspilið var prýðilegt. Þetta var magnað. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Glæsilegir tónleikar með snilldarlegum hljóðfæraleik og krassandi tónlist.

# NÝ OG ENDURBÆTT ÚTGÁFA!

*Hafsjór af fróðleik um land og þjóð*




- Vegakort
- Þéttbýliskort
- Ítarlegur hálendiskafli
- 24 síðna kortabók
- Vegahandbókar App
- Þjóðsögur



- Heitar laugar



Stöðug uppfærsla í meira en **40 ár**




## FULLT VERÐ 5.490 KR

**1.500 kr. afsláttur ef þú kemur með gömlu bókina**

**Einungis** hægt að skipta í **bókabúðum (ekki á bensínstöðvum)**

*Farið með svarið í ferðalagið*

Vegahandbókin • Sundaborg 9 • Sími 562 2600

# TIL HAMINGJU MEÐ ÚTSKRIFTINA!










**Cross Tripenni**
Vildarverð: 8.399.-
Fullt verð: 11.199.-

**Fallegur hnöttur með ljósi**
Vildarverð: 6.999.-
Fullt verð: 9.999.-

**Eames House Bird**
Vildarverð: 19.900.-
Fullt verð: 21.900.-

## 25% VILDARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐATÖSKUM!
## TILVALIÐ FYRIR NÝÚTSKRIFAÐA HÁSKÓLANEMA




VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum




## Lífríki Íslands
**Vildarverð: 14.999.-**
Fullt verð: 17.999.-




## Perlur Laxness
**Vildarverð: 2.599.-**
Fullt verð: 2.999.-




## Heimsljós
**Tilboðsverð: 6.299.-**
Fullt verð: 7.810.-




## Fjallabókin
**Vildarverð: 4.999.-**
Fullt verð: 5.699.-




## Ljóðasafn - Davíð Stefánsson
**Vildarverð: 4.999 .-**
Fullt verð: 6.223.-




## Saga tónlistarinnar
**Vildarverð: 10.999.-**
Fullt verð: 12.999.-




## Fallegar gjafabækur
**Vildarverð: 3.299.-**
Fullt verð: 3.999,-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn @penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda 23 júní, til og með 26. júní. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# BÍÓ



Körfuboltastjarna, skóhönnuður og leikari. Micheal Jordan var á toppi ferilsins árið 1996.



Micheal Jordan er sannkallaður konungur og ekki hefur Space Jam skemmt fyrir.

# Space Jam verður 20 ára á þessu ári

Körfuboltamyndin vinsæla kom út árið 1996. Með aðalhlutverk fara Michael Jordan, sem á þessum tíma var vinsælasti íþróttamaður Bandaríkjanna, ásamt Looney Tunes karakterum.

Á þessu ári verður stórmyndin Space Jam tuttugu ára. Myndin er enn tekjuhæsta körfuboltakvikmynd sem hefur verið gerð, en hún hefur aflað 230 milljóna dollara í gegnum tíðina. Hún er þriðja tekjuhæsta íþróttakvikmynd allra tíma, á eftir Rocky IV og The Blind Side.

Körfuboltastjarnan Micheal Jordan fer með aðalhlutverkið í myndinni ásamt helstu teiknimyndakarakterum Looney Tunes, sem Warner Brothers framleiðir. Þrátt fyrir að kvikmyndin sé fyrst og fremst ætluð börnum þá er hún í miklu upphaldi hjá fullorðnum.

Í kvikmyndinni er mikið af skemmtilegum karakterum, leiknum og teiknuðum, sem hafa þótt heldur eftirminnilegir. Bill Murray kemur fram í myndinni sem og margir af frægustu körfuboltaleikmönnum þess tíma, eins og Larry Bird, Muggsy Bogues og Patrick Ewing. Swackhammer, eigandi Moron Mountain skemmtigarðsins í kvikmyndinni, var leikinn af Danny DeVito.

Myndin fjallar um Micheal Jordan sem ætlar sér að hætta í körfubolta og snúa sér að hafnabolta. Á meðan hann skiptir um starfsvettvang er ýmislegt í gangi í skemmtigarðinum Moron Mountain sem er úti í geimi. Stjórnandi garðsins, Swackhammer, skipar fylgisveinum sínum að fara til jarðar til þess að sækja Kalla kanínu og Looney Tunes vini hans þar sem hann ætlar að nota þá sem nýjasta aðdráttaraflið fyrir skemmtigarðinn.

Í kjölfar ýmissa viðburða hittir Jordan Looney Tunes persónurnar í teiknimyndaheimi í miðju jarðar. Þar keppa þeir við vondu verurnar úr geimnum í æsispennandi leik en fyrir leikinn stela verurnar körfuboltahæfileikum ýmissa frægra NBA-leikmanna.



Bugs Bunny og Daffy Duck eru með stjörnuleik í myndinni Space Jam.

## Frumsýningar

### THE BFG




Ævintýramynd
Aðalhlutverk: Bill Hader, Rebecca Hall og Ólafur Darri Ólafsson
Frumsýnd: 1. júlí
IMDb: 7,8

### THE PURGE



### ELECTION YEAR

Spennumynd
Aðalhlutverk: Frank Gillo, Elizabeth Mitchell og Mykelti Williamson
Frumsýnd: 1. júlí

### GOODNIGHT MOMMY



Drama, Hrollvekja
Aðalhlutverk: Lukar Schwarz, Elias Schwarsz og Susanne Wuest
Frumsýnd: 1. júlí
IMDb: 6,7




markhönnun ehf

# netto Grillbúðin fín

## Lambakjöt á grillið í miklu úrvali




-25%

KINDAFILLE
MARINERAÐ, FERSKT
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
**2.999 KR**




-20%

SIRLOINSNEIÐAR
VILLIKRYDDAÐAR
ÁÐUR: 1.998 KR/KG
**1.598 KR**



-31%

FERSKT LAMBA FILLET
M. FITU - GOTT Á GRILLIÐ
ÁÐUR: 5.719 KR/KG
**3.946 KR**

## Pylsupartý




MORGUNVERÐARPYLSUR - 180 G
ÁÐUR: 495 KR/PK
**446 KR**

OSTA GRILLPYLSUR - 300 G
ÁÐUR: 593 KR/PK
**534 KR**

KALKÚNAPYLSUR - 10 STK
ÁÐUR: 1.798 KR/PK
**1.259 KR**

BRATWURSTE GRILLPYLSUR - 360 G
ÁÐUR: 1.798 KR/PK
**1.259 KR**

## Nauta Rib-eye



-34%

NAUTA RIB EYE
LÍTIL STYKKI
ÁÐUR: 2.998 KR/KG
**1.979 KR**

## Prófaðu eitthvað nýtt á grillið! Hrefnukjöt, kengúrufillet og kalkúnasneiðar.



-34%

KALKÚNASNEIÐAR
RED SALSA MARINERAÐAR
ÁÐUR: 2.998 KR/KG
**1.979 KR**



-30%

KENGÚRU FILLET
ÁÐUR: 1.698 KR/KG
**1.189 KR**



-40%

HREFNUKJÖT
KRYDDLEGIÐ/FERSKT
ÁÐUR: 2.591 KR/KG
**1.555 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 23. – 26. júní 2016**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| ME BEFORE YOU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ME BEFORE YOU VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| FINDING DORY (ENSKA 2D) | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 9 - 10:30 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 2D) | KL. 3:20 - 5:40 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 3D) | KL. 4:20 - 6:40 |
| THE CONJURING 2 | KL. 8 - 10:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 3 - 5:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 10:40 |
| MOTHER'S DAY | KL. 8 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 3:10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| ME BEFORE YOU | KL. 6 - 8 - 9 - 10:20 |
| FINDING DORY (ENSKA) | KL. 8 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 2D) | KL. 5:40 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 3D) | KL. 5:40 |
| THE CONJURING 2 | KL. 10:20 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| INDEPENDENCE DAY: RESURGENCE (3D) | 5:30-8 -10:30 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 2D) | KL. 5:30 |
| CENTRAL INTELLIGENCE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| THE CONJURING 2 | KL. 7:40 - 10:20 |
| TMNT 2 2D | KL. 10:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 5:30 - 8 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| INDEPENDENCE DAY: RESURGENCE (3D) | 8 -10:40 |
| ME BEFORE YOU | KL. 8 |
| CENTRAL INTELLIGENCE | KL. 10:40 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| ME BEFORE YOU | KL. 8 - 10:20 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 3D) | KL. 5:40 |
| FINDING DORY (ENSKA 2D) | KL. 8 |
| THE CONJURING 2 | KL. 10:20 |
| TMNT 2 2D | KL. 5:30 |










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| INDEPENDENCE DAY 2 | 5:30, 8, 10:30(P) |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL.TAL | 3:30, 5:45 |
| CENTRAL INTELLIGENCE | 8, 10:25 |
| WARCRAFT | 8, 10:30 |
| FLORENCE FOSTER JENKINS | 5 |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 3:30 |


# Hvað? Hvenær? Hvar?

# Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 23. JÚNÍ 2016

## Listamannaspjall

**Hvað?** Listamannaspjall
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Listamennirnir Bjarki Bragason og Sirra Sigrún Sigurðardóttir ræða við gesti um varðveislu og skrásetningu á hverfandi gróðri í tengslum við sýninguna RÍKI – flóra, fána, fabúla í Hafnarhúsi. Plöntur sem teljast í útrýmingarhættu koma fyrir í verkum þeirra á sýningunni með mismunandi hætti. Á sýningunni eru valin verk listamanna sem nota ríki náttúrunnar sem grundvöll sköpunar og listrænnar könnunar. Verkin birta marghljóma viðhorf og hugmyndir um flóru og fánu þar sem vísindaleg eða tilbúin flokkun birtir gestum ríki náttúrunnar í gegnum skapandi heim myndlistar. Aðgöngumiði á safnið gildir.

## Jónsmessa

**Hvað?** Jónsmessuhátíð
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Seltjarnarnes
Andi fortíðar og sköpunarkraftur nútíðar mætast á Jónsmessuhátíð Seltirninga sem haldin verður í dag. Fjölskyldufólk er sérstaklega boðið velkomið á þessa frumlegu og fjölbreyttu hátíð. Meðal þess sem í boði verður er Hákarlahjallinn við Norðurströnd, Galdrastál við Bygggarða, Vinnustofuheimsókn, Brjóstdropar á Nesstofu og Snældusnúður og Sunnyside Road í Lækningaminjasafni. Léttur vatnsúði sér til þess að börn og fullorðnir geti baðað sig á döggvotum grasbalanum vestan við safnið áður en haldið er heim á leið.

**Hvað?** Jónsmessunæturganga Árbæjarsafns
**Hvenær?** 22.30
**Hvar?** Árbæjarsafn
Í tilefni Jónsmessunætur mun Borgarsögusafn Reykjavíkur bjóða upp á skemmtilega menningar- og náttúrugöngu. Gengið verður frá Árbæjarsafni í kvöld. Gengið



Orgelsumarið verður í hádeginu á fimmtudögum í sumar í Hallgrímskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verður um Elliðaárdal, staldrað við á völdum stöðum og fjallað um íslenska þjóðtrú og sögu svæðisins. Sigurlaugur Ingólfsson sagnfræðingur leiðir gönguna og litið verður í heimsókn til Jóns Sveinbjörnssonar prófessors sem leiða mun göngufólk um falda perlu í borgarlandinu. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Hvað?** Sólarhringsopnun í Listasafninu á Akureyri
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Í tilefni af Jónsmessu verður opið allan sólarhringinn í Listasafninu á Akureyri. Að venju verður opnað kl. 10 að morgni fimmtudagsins 23. júní en safninu ekki lokað fyrr en kl. 17 föstudaginn 24. júní. Eftir miðnætti kl. 01 verður boðið upp á vasaljósaleiðsögn um sýninguna Nautn / Conspiracy of Pleasure. Hlynur Hallsson safnstjóri gengur með gestum um sýninguna í rökkri vopnaður vasaljósi og segir frá einstaka verkum og listamönnunum. Vasaljós verða í boði fyrir gesti. Gestum er velkomið að gista í Listasafninu og áhugasamir hvattir til þess að taka með sér létta dýnu, svefnpoka eða sæng og njóta þess að sofa vært í sýningunni. Morguninn eftir kl. 09-10 verður dögurður í Listagilinu á grasflötinni milli Listasafnsbyggingarinnar og Ketilhússins. Gott er að taka með sér kaffi á brúsa, teppi og nesti og sitja í sólinni með góðum vinum og fuglasöng. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis.



Svavar Knútur kemur fram í kvöld í Borgarnesi ásamt Kristjönu Stefánsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Jónsmessugleði
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Strandstígurinn, Garðabæ
Í kvöld fer fram Jónsmessugleði Grósku, fjölmenn útilistasýning og útilistahátíð, haldin í áttunda sinn við Strandstíginn í Sjálandshverfi í Garðabæjar. Gestir sem ganga Strandstíginn þetta kvöld hafa myndlist og listhandverk á aðra hönd og hafið á hina en listaverkin verða til sýnis milli staura meðfram Strandstígnum og geta gestir því notið sumarsólstaða til jafns við fjölbreytta list. Einnig eru fjölmörg önnur listatriði frá ólíku listafólki á dagskrá en að venju verður mikið um að vera á Jónsmessugleði Grósku. Allir velkomnir.

## Tónlist

**Hvað?** Grímsey
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Hljómsveitin Grímsey var stofnuð í fyrravetur í Helsinki þegar finnsk-íslenski gítarleikarinn Matti Saarinen var í ársleyfi úti í Finnlandi. Hljómsveitin spilar tónlist eftir Matta og var að gefa út tónlistina á vegum Warén Music nú í júní. Hljómsveitina skipa Matti Saarinen á gítar, Jarno Lappalainen á bassa og Joonas Leppänen á trommur. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

**Hvað?** Orgelsumar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkju
Á orgelsumrinu eru ávallt orgeltónleikar í hádeginu á fimmtudögum og er það Guðmundur Sigurðsson, organisti Hafnarfjarðarkirkju, sem leikur í dag. Guðmundur leikur spennandi blöndu af íslenskri, þýskri, breskri og auður-amerískri orgeltónlist. Allir velkomnir.

**Hvað?** Sumartónleikaferð Svavars Knúts og Kristjönu Stefáns
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Söguloftið á Landnámssetrinu í Borgarnesi
Vinirnir og söngvaskáldin Svavar Knútur og Kristjana Stefáns koma aftur saman á sinni árlegu sumartónleikaferð. Munu þau fara um allt land og spila. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Trúbador Hreimur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** American Bar
Hreimur situr trúbadoravaktina á American Bar. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Dj Silja Glömmi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bar Ananas
Dj Silja Glömmi ætlar að hrista upp í gestum Bar Ananas í kvöld þar sem allir geta dansað. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Mick Hargan
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dillon
Mick Hargan er ástríðufullur tónlistarmaður og hann ætlar að láta til sín taka á Dillon í kvöld.

## Leikhús

**Hvað?** Dracula's Pack
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Sýning með listamönnum frá fimm löndum. Samin og heimsfrumsýnd á Íslandi í leikhúsinu Tjarnarbíói í kvöld. Kjartan Darri Kristjánsson og Arnþór Þorsteinsson leika. Aðeins er um fjórar sýningar að ræða. Miðaverð 3.900 krónur.

## Önnur afþreying

**Hvað?** Lummudagar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Lóð Árskóla, Skagafirði
Setningarhátíð Lummudaga er í dag klukkan 17.00 og markar þar með upphaf skemmtilegrar helgi í Skagafirði. Verður mikið um dýrðir og þéttskipuð dagskrá. Allir velkomnir.

**Hvað?** Dark Deeds/ Ensk bókmenntaganga
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Grófinni
Í dag líkt og alla fimmtudaga í júní, júlí og ágúst er boðið upp á bókmenntagöngur á ensku. Gangan hverfist að mestu um glæpi og drungalega atburði í bókmenntum sem tengjast Reykjavík. Gengið er frá Grófinni og tekur gangan níutíu mínútur. Allir velkomnir.

**Hvað?** Myrkraverk um hábjarta nótt, bókmenntaganga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Grófinni
Gengið er milli sögusviða og áhrifastaða, þar sem hin ýmsu myrkraverk hafa átt að eiga sér stað í íslenskum bókmenntum. Lesið er upp úr glæpasögum, sögulegum skáldsögum og draugasögum meðal annars. Gönguna leiða Björn Unnar Valsson og Sunna Dís Másdóttir. Allir hjartanlega velkomnir með.

**Hvað?** Prjónakaffi fyrir bandóða
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Bókasafnið, Árbæ
Vikulegt prjónakaffi fer fram í dag. Gott úrval handavinnubóka og blaða. Þá er heitt á könnunni. Allir velkomnir.




## SALOU




**Stökktu** ☺☺+

**Frá kr. 44.995 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 44.995 m.v.
2 + 1 í íbúð/herbergi/stúdíói.
Netverð á mann frá kr. 49.995 m.v.
2 fullorðna í íbúð/herbergi/stúdíói.

24. júní í 7 nætur.

## KRÍT




**Porto Platanias Village** ☺☺☺☺

**Frá kr. 99.095 m/allt innifalið.**

Netverð á mann frá kr. 99.095 m.v.
2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 144.995 m.v.
2 fullorðna í stúdíó.

27. júní í 10 nætur.

## KRÍT




**Sirios Village** ☺☺☺☺

**Frá kr. 99.820 m/allt innifalið.**

Netverð á mann frá kr. 99.820 m.v.
2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 145.895 m.v.
2 fullorðna í íbúð.

27. júní í 10 nætur.

## MALLORCA




**Ola Tomir Aparthotel** ☺☺

**Frá kr. 49.995 m/hálft fæði innf.**

Netverð á mann frá kr. 49.995 m.v. 2
fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2
fullorðna í íbúð.

28. júní í 7 nætur.

## MALLORCA




**Ola Tomir Aparthotel** ☺☺+

**Frá kr. 92.595 m/hálft fæði innf.**

Netverð á mann frá kr. 92.595 m.v. 2
fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 104.995 m.v. 2
fullorðna í íbúð.

28. júní í 14 nætur.

## TENERIFE




**Tamaimo Tropical** ☺☺☺

**Frá kr. 99.795 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 99.745 m.v.
2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 102.695 m.v.
2 fullorðna í íbúð.

29. júní í 7 nætur.

## COSTA DEL SOL




**Aguamarina Aparthotel** ☺☺☺

**Frá kr. 72.795 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 72.795 m.v.
2 fullorðna og 1 barn í stúdíó.
Netverð á mann frá kr. 98.295 m.v.
2 fullorðna í stúdíó.

30. júní í 11 nætur.

## COSTA DEL SOL




**Stökktu** ☺☺+

**Frá kr. 54.995 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 54.995 m.v.
2 + 1 í íbúð/herbergi/stúdíói.
Netverð á mann frá kr. 59.995 m.v.
2 fullorðna í íbúð/herbergi/stúdíói.

30. júní í 11 nætur.

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA • NM76056




19:08
FORSETAKOSNINGAR 2016
Stóra stundin nálgast og Lillý Valgerður Pétursdóttir og Höskuldur Kári Schram fara yfir málefni forsetaframbjóðenda í spennandi kappræðuþætti í beinni útsendingu á Stöð 2.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365




20:00
ÞAÐ ER LEIKUR AÐ ELDA
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem Eva Laufey fær í hverjum þætti til sín unga og hressa krakka sem eiga það sameiginlegt að elska að búa til mat og eru afburðakokkar í þokkabót.

20:35
RESTAURANT STARTUP
Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með venjulegu fólki leggja allt í sölurnar þegar það eltist við drauma sína um að opna veitingastað.



21:20
PERSON OF INTEREST
Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður taka saman höndum um að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.



22:05
CONTAINMENT
Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er settur í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** **Simpson-fjölskyldan**
**07.25** **Kalli kanína og félagar**
**07.50** **Tommi og Jenni**
**08.10** **The Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.15** **Jamie's 30 Minute Meals**
**10.40** **Höfðingjar heim að sækja**
**10.55** **Gulli byggir**
**11.35** **Lífsstíll**
**12.00** **Um land allt**
**12.15** **Heimsókn**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **The Crimson Field**
**13.55** **Boyhood**
**16.35** **Frikki Dór og félagar**
**16.55** **Simpson-fjölskyldan**
**17.15** **Bold and the Beautiful**
**17.40** **Nágrannar**
**18.05** **Friends**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.50** **Íþróttir**
**19.08** **Forsetakosningar 2016** Umræðuþáttur þar sem Lillý Valgerður Pétursdóttir og Þorbjörn Þórðarson fara yfir málefni forsetaframbjóðenda í beinni útsendingu á Stöð 2.
**20.00** **Það er leikur að elda**
**20.35** **Restaurant Startup**
**21.20** **Person of Interest**
**22.05** **Containment**
**22.35** **Lucifer**
**23.20** **Peaky Blinders**
**00.15** **X-Company (5.10)**
**01.00** **Ghetto betur**
**01.25** **NCIS. New Orleans**
**02.10** **The Food Guide to Love** Rómantísk gamanmynd sem segir frá matargagnrýnandanum og piparsveininum Oliver Byrne sem býr og starfar í Dublin á Írlandi. Honum gengur ekki beinlínis vel þegar kemur að ástarmálum og á langa sögu af misheppnuðum samböndum og stefnumótum. Dag einn kynnist hann spænskri blómarós sem fær hann til að hugsa hlutina upp á nýtt. Mun það duga til að breyta hinum alræmda piparsveini eða er hann enn við sama heygarðshornið?
**03.40** **Boyhood**

## SPORT

**07.15** **Sumarmessan**
**08.15** **Útsending frá leik Kólumbíu gegn Chile í undanúrslitum Copa America.**
**10.05** **Sumarmótin 2016** Sýndar svipmyndir frá Norðurálsmótinu á Akranesi þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar láta ljós sitt skína. Umsjónarmaður þáttarins er Guðjón Guðmundsson.
**10.40** **Sumarmessan** Allt það helsta úr heimi knattspyrnunnar krufið til mergjar af íþróttafréttamönnum 365 ásamt góðum gestum. Copa America og EM í Frakklandi verða í brennidepli.
**11.40** **Útsending frá leik Kólumbíu gegn Chile í undanúrslitum Copa America.**
**13.30** **Útsending frá leik Juventus og Sampdoria í ítölsku úrvalsdeildinni.**
**15.40** **Útsending frá leik Vals og FH í Pepsí deild karla.**
**17.30** **Bein útsending frá leik Stjörnunnar og ÍBV í Pepsí-deild karla.**
**20.00** **Sumarmótin 2016**
**20.40** **Sumarmessan**
**21.40** **Premier League World 2015/2016** Skemmtilegur þáttur um leikmennina og liðin í ensku úrvalsdeildinni.
**22.10** **Útsending frá leik Kólumbíu gegn Chile í undanúrslitum Copa America.**
**00.00** **Útsending frá leik KR og ÍA í Pepsí deild karla.**

## STÖÐ 3

**17.50** **Raising Hope**
**18.15** **The Big Bang Theory**
**18.35** **Modern Family**
**19.00** **Fóstbræður**
**19.25** **Entourage**
**19.55** **Margra barna mæður**
**20.30** **Hið blómlega bú**
**21.05** **Burn Notice**
**21.50** **Legit**
**22.15** **NCIS: New Orleans (1.24)**
**23.00** **Tyrant**
**23.40** **Tyrant**
**00.30** **Fóstbræður**
**00.55** **Entourage**
**01.25** **Margra barna mæður**
**01.55** **Hið blómlega bú**
**02.30** **Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** **Brunabílarnir**
**07.25** **Strumparnir**
**07.47** **Mæja býfluga**
**08.00** **Dóra könnuður**
**08.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47** **Víkingurinn Viggó**
**09.00** **Áfram Diego, áfram!**
**09.24** **Svampur Sveins**
**09.49** **Lalli**
**09.55** **UKI**
**10.00** **Skógardýrið Húgó**
**10.25** **Latibær**
**10.48** **Hvellur keppnisbíll**
**11.00** **Brunabílarnir**
**11.25** **Strumparnir**
**11.47** **Mæja býfluga**
**12.00** **Dóra könnuður**
**12.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47** **Víkingurinn Viggó**
**13.00** **Áfram Diego, áfram!**
**13.24** **Svampur Sveins**
**13.49** **Lalli**
**13.55** **UKI**
**14.00** **Skógardýrið Húgó**
**14.25** **Latibær**
**14.48** **Hvellur keppnisbíll**
**15.00** **Brunabílarnir**
**15.25** **Strumparnir**
**15.47** **Mæja býfluga**
**16.00** **Dóra könnuður**
**16.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47** **Víkingurinn Viggó**
**17.00** **Áfram Diego, áfram!**
**17.24** **Svampur Sveins**
**17.49** **Lalli**
**17.55** **UKI**
**18.00** **Skógardýrið Húgó**
**18.25** **Latibær**
**18.48** **Hvellur keppnisbíll**
**19.00** **Robots**



Latibær
18.25

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** **Inside the PGA Tour 2016**
**08.35** **PGA Tour 2014. Imprints**
**09.25** **US Open 2016**
**12.35** **Golfing World 2016**
**13.25** **KPMG Women's PGA Championship**
**18.15** **Golfing World 2016**
**19.05** **Inside the PGA Tour 2016**
**19.30** **Quickens Loans National**
**22.30** **Inside the PGA Tour 2016**
**22.55** **PGA Tour 2016. Delivering a Decade of Champions**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.55** **Dodgeball: A True Underdog Story**
**13.30** **Mr. Holmes**
**15.15** **Eragon**
**16.55** **Dodgeball: A True Underdog Story** Óborganleg gamanmynd með Ben Stiller og Vince Vaughn. Hér er gert stólpagrín að íþróttamyndum þar sem nýja æðið er skotbolti – íþrótt fyrir þá sem ekkert kunna í íþróttum. Vaughn og Stiller leika erkifjendur og keppinauta. Vaughn er hálfgerður tapari sem setur saman skotboltalið og mætir í æsilegri keppni íþróttafríkinni og kaupsýslumanninum sjálfumglaða White Goodman, með kostulegri útkomu.
**18.30** **Mr. Holmes**
**20.15** **Eragon** Bráðfjörug ævintýramynd í anda Lord of the Rings og Harry Potter myndanna fyrir alla fjölskylduna. Myndin er byggð á samnefndum metsölubókum hins bráðunga Christopher Paolini sem selst hafa í milljónum eintaka um allan heim, þ.á m. hér á landi. Sagan segir frá ungum bóndasyni sem skyndilega stendur frammi fyrir því að vera sá útvaldi,
**22.00** **The Future**
**23.30** **A Haunted House 2**
**00.55** **Taken 3**
**02.45** **The Future**

## RÚV

**16.35** **Baráttan um Bessastaði**
**17.05** **Violetta**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Eðlukrúttin**
**18.15** **Best í flestu**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Vinur í raun**
**20.00** **Lottóhópurinn**
**21.00** **Hamarinn**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Glæpahneigð**
**23.05** **Indian Summers**
**23.50** **Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**00.40** **Wicked City**
**01.25** **The Catch**
**02.10** **Satisfaction**
**02.55** **The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**03.35** **The Late Late Show with James Corden**
**04.15** **Pepsi MAX tónlist**
**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Rules of Engagement**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **America's Next Top Model**
**09.45** **Survivor**
**10.20** **Pepsi MAX tónlist**
**11.15** **EM 2016 á 30 mínútum**
**11.50** **The Biggest Loser - Ísland**
**12.45** **Can't Buy Me Love**
**14.20** **Definitely, Maybe**
**16.15** **The Millers**
**16.35** **The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15** **The Late Late Show with James Corden**
**17.55** **Dr. Phil**
**18.35** **Everybody Loves Raymond**
**19.00** **King of Queens**
**19.25** **How I Met Your Mother**
**19.50** **Life in Pieces**
**20.15** **Grandfathered**
**20.40** **The Grinder**
**21.00** **The Catch**
**21.45** **How to Get Away with Murder**
**22.30** **The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.10** **The Late Late Show with James Corden**
**23.50** **Billions**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


Sumarvörur í Múrbúðinni
MÚRBÚÐARVERÐ
20% AFSLÁTTUR
Kaliber PREMIUM GRILL
Kailber KG-1503 gasgrill
3 x 3KW brennarar,
grillflötur 2520 cm2, 9KW
35.120
verð áður kr. 43.900
CE/GS VOTTUN
34.392
verð áður kr. 42.990
MOWER CJ18
Sláttubreidd 46cm. BS 3,5hp mótor, rúmtak 158 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-85mm/8
BRIGGS & STRATTON
53.592
verð áður kr. 66.990
MOWER CJ20
Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp mótor, sláttubreidd 51cm. Rúmtak 190 CC, skurðarvídd 51cm/20", sjálfknúin 3,6 km/h, safnpoki að aftan 65 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 75mm/8
20% AFSLÁTTUR
11.992
verð áður kr. 14.990
Lavor One Plus 130 háþrýstidæla
130 Max bar
420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar, sápubrúsi & Turbóstútur.
20% AFSLÁTTUR
DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
7.490
Weber Gróf Múrblanda
25 kg 1.690
Weber Milligróf múrblanda
25 kg 1.890
Mei-9993150
Upptínslutól 60cm
1.595
LuTool Fjölnota sög 600W fyrir málm, við, flísar og steypu, 3 blöð fylgja
13.990
LuTool Pússivél 560W m/hjámiðju snúning
11.990
LuTool
LuTool fjölnota hjakktæki til viðhalds - þráðlaus með 12V LioIon rafhlöðu
8.990
20% AFSLÁTTUR
SAN-SM-CLE206
Fjölnota pallur/trappa
14.392
áður kr. 17.990
pallur fylgir
LuTool 7 blaða sett
2.490
LuTool fjölnota hjakktæki til viðhalds - rafmagnstæki 300W.
7.890
LuTool 32mm blað í fjölnota tæki
390
LuTool 12 blaða sett
4.990
Proflex Nitril vinnuhanskar
395
Cibon Strákústur 45cm
1.690
einnig til 60 cm á kr. 1.895
ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 3 l.
4.390
Hjólbörur 80L
8.590
Cibon #1630 Hellubursti framlengjanlegt skaft
1.695
Verkfærakista & stóll í garðinn
4.792
áður kr. 5.990
20% AFSLÁTTUR
Gróðurmold 20 l
490 kr
Tilboð: Kaupir 4 poka, greiðir fyrir 3
Bio Kleen pallahreinsir
895
5 lítrar kr. 3.295
15 metra rafmagnssnúra
3.190
Kapalkefli 10 mtr
2.990
Kapalkefli 3FG1,5 25 mtr
6.190
Tunnubali á hjólum
4.990
Steypugljái á stéttina í sumar
Tia - Garðverkfæri
590 pr stk
20% AFSLÁTTUR
Meister jarðvegsdúkur 9961360 5x1,5 meter
795
Flextub 15 lítra
990
42lítra kr. 1.590
Mesto 3232R 5 lítra í garðinn
4.792
áður kr. 5.990
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Superseal og Clear Guard steypugjái
Steypugljáinn sem endist!
MÚRBÚÐIN
Reykjavík Klettháls 7 Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8-18
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

**HELGAR-TILBOÐ**

# ÖLL

**LÁGT VERÐ ALLA DAGA**
síðan 1962

# VIÐARVÖRN OG PALLAOLÍA

**-25%**




**gildir til 27. júní**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda frá 23. - 27. júní eða á meðan birgðir endast.



málning

**STEINTEX,** útimálning, vatnsþynnanleg akrýlplastmálning fyrir múr og steinsteypta fleti þar sem krafist er lútarþols, mikils veðrunarþols og rakagegnstreymis, 10 l.

**9.875kr.**

86647583
Almennt verð: 13.165 kr.

-33%




**Athugið að tilboð gildir aðeins fyrir hvíta liti.**

**STEINVARI 2000** er terpentínuþynnanleg akrýlbundin málning, sem hefur þá einstöku eiginleika að vera þétt gegn vatni í fljótandi ástandi, en hleypa raka í loftkenndu ástandi vel í gegnum sig eða um tvöfalt betur en hefðbundin plastmálning, 4 l. margir litir.

**10.965kr.**

86270040




**STEINAKRÝL** er terpentínuþynnanleg akrýlmálning sem þornar eingöngu við uppgufun leysiefna og hefur frábært alkalíþol og viðloðun við stein. Sérstaklega hönnuð til notkunar á múr og steinsteypta fleti utanhúss við íslenskar aðstæður, 4 l. margir litir.

**7.895kr.**

86290140







**ÚTIMÁLNING,** gæða útimálning, gljástig 6, litur hvítt, 10 l.

**8.395kr.**

85551083

**ÞOL ÞAKMÁLNING** hefur mikið veðrunarþol og er einkum ætlað til notkunar á bárujárnsþök og aðra málmfleti utanhúss þar sem mikið mæðir á og óskað er hálfgljáandi áferðar. 4 l. margir litir.

**4.475kr.**

86790040
Almennt verð: 5.965 kr.

-25%




**AKRÝLÞOL** er vatnsþynnt, hálfgljáandi akrýlmálning sem er létt í notkun og myndar filmu með mjög gott veðrunarþol og góða gljáheldni. Einkum ætlað á bárujárn, ýmsar gerðir af klæðningum og aðra málmfleti utanhúss þar sem mikið mæðir á og óskað er hálfgljáandi áferðar, 4 l. margir litir.

**7.965kr.**

86800140






**PENSLAR** fyrir skaft, 100, 120 eða 130 mm.

Verð frá:

**1.545kr.**

83037540/48/52



**XTRA-PENSILL** 120 mm.

**2.495kr.**

58365522



**MÁLNINGARÚLLA** og skaft, 25 cm.

**1.995kr.**

84100150



**PENSLAR** 25, 38, 50 eða 75mm.

Verð frá:

**495kr.**

83020210-30



**MÁLNINGAFATA** 12 l.

**595kr.**

58761012



**FIA** rúlla og bakki 25cm.

**995kr.**

84100160



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til og með 24. júní eða á meðan birgðir endast.

# ALLT EFNI FYRIR GARÐINN OG PALLINN

*fjölmörg tilboð!*

## LÁGT VERÐ ALLA DAGA

síðan 1962

### FURA, GRÆN, ALHEFLUÐ OG GAGNVARIN

| | | |
|---|---|---|
| AB-gagnvarin 22x95 mm. | Vnr. 0058254 | 185 kr./lm* |
| AB-gagnvarin 22x120 mm. | Vnr. 0058255 | 247 kr./lm |
| AB-gagnvarin 27x95 mm. | Vnr. 0058324 | 215 kr./lm* |
| AB-gagnvarin, 27x145 mm. | Vnr. 0058326 | 325 kr./lm* |
| AB-gagnvarin 45x95 mm. | Vnr. 0058504 | 295 kr./lm* |
| AB-gagnvarin 45x145 mm. | Vnr. 0058506 | 485 kr./lm* |
| A-gagnvarin 95x95 mm. | Vnr. 0059954 | 715 kr./lm* |

*4,5 m og styttra.



-19%

**GIRÐINGAREINING**
massíf, 180x180 cm
**12.995 kr.**
0291378
Almennt verð: 15.995 kr.



**GIRÐINGAREINING**
Salvia Espale 180x180 cm.
**15.995 kr.**
0291412



**GIRÐINGAREINING**
Salvia Espale 90x180 cm.
**9.995 kr.**
0291397



**STIKLUR**
60x60 cm (furustiklur).
**1.295 kr./stk.**
0291480

**TRÖPPU-KJÁLKI**
þriggja, fimm eða sjö þrepa.
Verð frá:
**1.895 kr.**
0291530/1/2





**BLÓMABEÐSKANTUR**
60 eða 100 cm langur.
60 cm: **385 kr.** 0291597
100 cm: **1.195 kr.** 0291598



Einhell®
**SLÍPIVÉL**
Delta, 180W
**3.495 kr.**
74801040
Almennt verð: 4.995 kr.

-30%

Einhell®
**HJÓLSÖG**
1200W, blaðstærð 160 mm.
**6.995 kr.**
74802055
Almennt verð: 9.995 kr.



-30%

Einhell®
**RAFHLÖÐU-BORVÉL**
Tvær 18V rafhlöður fylgja.
**5.735 kr.**
74804118
Almennt verð: 8.195 kr.



-30%

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND



**GARÐBEKKUR**
tveggja sæta.
**29.995kr.**
0291473



**GARÐBEKKUR**
þriggja sæta.
**32.995kr.**
0291474



**GARÐBORÐ,**
gagnvarin fura,
154x177x71 cm.
**12.995kr.**
0291451
Almennt verð: 15.995 kr.
-19%



32,5x56x65 cm.
27,5x43x50 cm.

**BLÓMAKER**
gagnvarin fura.
Verð frá:
**4.995kr.**
0291460/2



**BLÓMA-POTTUR**
tveggja eða þriggja þrepa.
Verð frá:
**12.995kr.**
0291706/8

**SANDKASSI**
með sætum,
150x150 cm.
**14.995kr.**
0291468



**SORPTUNNU-GEYMSLA**



Tvöföld:
**39.995kr.**
0291700
Almennt verð: 48.995 kr.
-18%

Einföld
**19.995kr.**
0291701
Almennt verð: 24.595 kr.
-19%



-18%
**RÆKTUNARKASSI**
80x120x40 cm.
**13.995kr.**
0291790
Almennt verð: 16.995 kr.



**BLÓMAPOTTUR**
40x40x35 cm.
**5.395kr.**
0291716

**ÓSAMSETT**



-13%
Styrkingar:
15.995 kr.
Festingar:
4.995 kr.

**BARNAHÚS**
3,8 m2
**129.995kr.**
0291821
Almennt verð: 149.995kr.



**FÁNASTÖNG**
6 m löng með sökkulfestingum.
**62.995kr.**
0297060



**NÝTT**
-30%
**PALLA- OG HELLUBURSTI**
500W.
**24.995kr.**
55530201
Almennt verð: 34.995kr.

-30%



**BOSCH**
**HÁÞRÝSTIDÆLA**
AQT, 130 bör
**23.995kr.**
74810237
Almennt verð: 34.595 kr.

**FLOTT SETT**



-17%
**BOSCH**
**SLÁTTUORF OG RAFHLÖÐUBORVÉL,**
2 rafhlöður 18V.
**24.995kr.**
74890350
Almennt verð: 29.995 kr.

-30%
**KÄRCHER**
**HÁÞRÝSTIDÆLA**
K2 Compact.
**15.995kr.**
59680123
Almennt verð: 22.795 kr.



FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Ber er hver að baki nema sér bróður eigi

Kosningabaráttan um forsetaembættið er harður slagur og í slíkum bardögum er að sjálfsögðu ómetanlegt að eiga góða stuðningsmenn. Fréttablaðið fór á stúfana og heyrði hljóðið í yfirlýstum stuðningsmönnum og vinum nokkurra frambjóðendanna sem þar takast á.



## Elísabet Jökulsdóttir

Kött Grá Pjé rappari og skáld er ekki mikill aðdáandi forsetaembættisins en hann hefur þó ekki farið leynt með aðdáun sína á kollega sínum í skáldskapnum.

„Mér finnst Andri afbragðsfínn náungi og hafði gaman af sögutímunum hjá Guðna þokulúðri Jó en Elísabet er bara svo mögnuð týpa, kjaftfor, fyndin og óútpæld. Skáld og sprellari. Svo er manifestóið hennar stórfallegt plagg. Manneskjulegt og blátt áfram. Í sem skemmstu máli finnst mér hún æði.“

Þau þekkjast ekki persónulega en hann segir mér þó að þau hafi eitt sinn verið stödd á sama stað á sama tíma og að hann hafi ekki þorað að heilsa henni, verið „starstruck“ – svo mikil er sú aðdáun.



Kött Grá Pjé hefur dálæti á Elísabetu Jökulsdóttur en er feiminn við að heilsa henni.



## Andri Snær Magnason

Unnsteinn Manuel Stefánsson tónlistamaður er eitilharður stuðningsmaður Andra Snæs.

„Ég hitti Andra fyrst fyrir 10 árum, þá vorum við nokkur í Austurbæjarskóla áhugasöm um aktívisma. Við vorum nýbúin að lesa Draumalandið og við fengum hann til að flytja smá fyrirlestur fyrir okkur um náttúruvernd og framtíðina.

Íslendingum hefur sjaldan staðið til boða jafn hugmyndaríkur og nýsköpunarsinnaður maður í þetta embætti. Ég á erfitt með að ímynda mér annan frambjóðanda sem hefur jafn mikið nýtt fram að færa fyrir Bessastaði. Hann hefur verið ómaklega gagnrýndur fyrir að vera á listamannalaunum og fyrir að hafa skoðanir á náttúrunni. Ef það væri ekki fyrir fólk hér á landi sem tileinkar líf sitt ritlistinni þá væri ég ekki að hylla Andra Snæ í þessu töluðu orðum á íslensku.

Ef við getum ekki kosið eitthvað nýtt og ferskt á Bessastaði, til hvers þá að halda þessu embætti gangandi?“



Unnsteinn Manuel hefur lengi dáðst að Andra Snæ.



## Guðni Th. Jóhannesson

Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikkona er yfirlýst stuðningskona Guðna og það er alls ekki að ástæðulausu.

Þekkist þið Guðni persónulega?

„Ég er búin að þekkja hann alla ævi, við erum nágrannar og ég var með honum í skóla og ég þekki hann bara að góðu. Mér finnst hann hógvær og klár ... ég gæti haldið alveg endalaust áfram.“



Jóhanna Vigdís Arnardóttir hefur þekkt Guðna Th. í mörg ár.



## Halla Tómasdóttir

Svavar Örn Svavarsson, hárgreiðslumaður og tískulögga, er aðdáandi Höllu Tómasdóttur enda hefur hann klippt á henni hárið síðastliðin 20 ár.

„Það eru mjög margir frambærilegir þarna en þetta er persónuleg vinátta líka sem ræður svolítið mikið för. Það sem hún hefur verið að gera – þessi Ted-fyrirlestur, að hafa verið með V-ráðstefnu á síðasta ári, þjóðfundurinn – allt þetta. Hún er búin að vera að vinna að þessum málefnum sem prýða góðan forseta.“



Svavar Örn hefur átt í löngu viðskipta- og vinasambandi við Höllu Tómasdóttur.



### DÁSAMLEG FRÖNSK SÚKKULAÐIKAKA

4 **egg**
**6 dl sykur**
**3 dl hveiti**
**9 msk. kakó**
**½ msk. vanillusykur**
**Smá salt**
**200 g smjör**
**Súkkulaðikaramellukrem**
**75 g smjör**
**½ dl sykur**
**½ dl síróp**
**1 msk. kakó**
**1½ dl rjómi**
**200 g mjólkursúkkulaði**

**Botninn:** Hrærið lauslega saman egg og sykur. Blandið hveiti, kakói, vanillusykri og salti saman og hrærið saman við eggjablönduna. Bræðið smjörið og hrærið því saman við. Setjið deigið í smurt form (um 24 cm) og bakið við 175°C í um 40 mínútur. Látið kökuna kólna.

**Kremið:** Bræðið smjör í potti og bætið sykri, sírópi, kakói og rjóma saman við. Látið suðuna koma upp á meðan þið hrærið í blöndunni og látið síðan sjóða við vægan hita í 5-10 mínútur. Takið pottinn af hitanum og bætið hökkuðu súkkulaði í hann. Hrærið þar til súkkulaðið hefur bráðnað. Hellið kreminu yfir kökuna og látið hana síðan standa í ísskáp svo að kremið stífni.

*Uppskriftin er fengin af ljufmeti.is*

## Hitnar í kolunum hjá Taylor

Taylor Swift og Tom Hiddleston sáust kyssast í seinustu viku nálægt heimili Swift á Long Island, New York. Ekki leið á löngu þar til allt sprakk upp og allir fjölmiðlar vestanhafs fóru að fjalla um málið. Sambandið hefur fengið töluvert meiri athygli en önnur sambönd þar sem aðeins eru tvær vikur síðan Taylor Swift og plötusnúðurinn Calvin Harris hættu saman eftir 15 mánaða samband.

Fyrir tveimur dögum sást aftur til Taylor og Tom en þá voru þau tvö saman á tónleikum hjá Selenu Gomez, bestu vinkonu Taylor. Þar dönsuðu þau saman og virtust skemmta sér vel. Það verður áhugavert að sjá hversu lengi sambandið muni endast með alla þessa fjölmiðlaathygli á byrjunarstiginu. Eitt er víst, þau munu ekki fá neinn frið.



- ALLT FYRIR -

# ÚTIVISTINA

## TNF HEYERDAHL GÖNGUTJÖLD



Létt og fljótlegt að tjalda. Stöðugt í vindi og heldur vatni vel. Fáanlegt 2 og 3 manna

**Verð frá**
**54.990 KR**

## DEUTER FUTURA BAKPOKAR



Margverðlaunaður bakpoki með frábæru burðarkerfi og baki sem loftar vel. Herra- og dömuútfærslur, margar stærðir

**Verð frá**
**22.710 KR**

## TNF EXPLORATION GÖNGU- OG ÚTIVISTARBUXUR



Þægilegar úr fljótþornandi teygjuefni. Til með og án rennilláss á skálmum

**Verð frá**
**13.990 KR**

## MEINDL KANSAS GÖNGUSKÓR



Vandaðir og þægilegir Nubuk leður gönguskór. Vatnsvarðir með GTX

**Verð frá**
**39.990 KR**

*„Notkun á drykkjarkerfi (vatnspoki með slöngu) í bakpoka verður til þess að þú drekkur jafnar, eykur orku og minnkar hættuna á því að ofþorna"*

– Heilræði frá sérfræðingunum í Glæsibæ



**ÚTILÍF**
*síðan 1974*

GLÆSIBÆ | KRINGLUNNI | SMÁRALIND | utilif.is






Miké er ein vinsælasta stjarna Grænlands og ætlar að kynna Íslendingum grænlenska menningu. MYND/ANTON BRINK

# Grænlensk verk í bland við nútímatónlist

**Miké Fencker** er hér á landi til þess að spila á tónleikum í Norræna húsinu í kvöld. Hann er ein þekktasta stjarna Grænlands en hefur einnig leikið og spilað í Færeyjum, Danmörku og Þýskalandi.

Það hefur ekki farið mikið fyrir Miké Fencker Thomsen á Íslandi hingað til en hann er ein stærsta stjarnan í Grænlandi um þessar mundir. Hann er einnig vel þekktur í Færeyjum ásamt því að hafa starfað í leikhúsum í Danmörku og Þýskalandi. Hann heldur tónleika í Norræna húsinu í kvöld sem verða partur af tónlistarröðinni Arctic Concerts sem fara fram á hverju fimmtudagskvöldi fram á haust.

Þetta er í fjórða skiptið sem að Miké kemur til landsins en hann segir að Ísland sé fullkomið. „Ísland er mjög svipað Grænlandi þannig séð en samt sem áður öðruvísi. Til dæmis er hægt að keyra hér um allt land en það er ekki hægt heima. Þá þarftu að sigla eða fljúga á milli bæjarfélaga. Ég væri til í að heimsækja Ísland töluvert oftar en ég væri líka til í að Íslendingar heimsæktu Grænland meira.“

**ÉG VÆRI TIL Í AÐ HEIMSÆKJA ÍSLAND TÖLUVERT OFTAR EN ÉG VÆRI LÍKA TIL Í AÐ ÍSLENDINGAR HEIMSÆKTU GRÆNLAND MEIRA.**

Miké nýtur mikillar hylli í Grænlandi en hann er ein af stjörnum yngri kynslóðarinnar. Þar í landi er hann þekktastur sem kvikmyndaleikari, sjónvarpsstjarna og tónlistarmaður. Sum verk hans eru sterklega undir áhrifum grænlenskrar menningar af trommudansi og sagnahefð á meðan önnur lög sækja meiri áhrif í nýjan innblástur.

Þrátt fyrir að ferðast mikið þá heldur Miké sig samt sem mest heima og ferðast um landið sitt, sýnir verk sín og kemur fram. „Ég er ekki viss um að grænlenska ríkisstjórnin átti sig á hversu mikilvæg menning og listir eru fyrir samfélagið. Það er lítill stuðningur við listamenn og alltaf verið að skera niður. Það var samt sem áður byggt þjóðleikhús og listaskóli í Nuuk en það er alltaf verið að þrengja að buddunni. Við ferðumst mikið um allt Grænland en það getur verið mjög dýrt en það er samt sem áður mikilvægt.“

Miké segist vera spenntur fyrir tónleikunum en þeir hefjast klukkan 20.30 í Norræna húsinu í kvöld.

„Ég veit ekkert við hverju ég á að búast. Ég ætla að spila hefðbundna grænlenska tónlist í bland við mitt eigið þannig það verður spennandi að sjá hvernig fólk tekur í þetta. Grænland er svo einangrað land svo að fólk hefur ekki mikið séð listform okkar. Hingað til hefur fólk tekið vel í það svo ég er spenntur að spila fyrir Íslendinga.“

**gunnhildur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# SUMARHÁTÍÐ

## Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM

DÆLULYKILSHAFAR
FÁ FRÍTT Í GARÐINN Í DAG,
FIMMTUDAGINN 23. JÚNÍ,
50% AFSLÁTT AF MIÐUM
OG DAGPÖSSUM Í TÆKIN.
GARÐURINN ER OPINN
MILLI 10 og 18.







**DAGSKRÁ:**

- 15.00 FELIX BERGSSON – STAÐARHALDARI
- 15.15 SIRKUS ÍSLAND
- 15.30 SOLLA STIRÐA OG SIGGI SÆTI
- 15.45 INGÓ VEÐURGUÐ

16.00 ATLANTSOLÍA GOT TALENT
- OPINN MÍKRAFÓNN

- FROSTPINNAR OG BLÖÐRUR
frá kl. 14 á meðan að birgðir endast

TAKTU
FJÖLSKYLDUNA MEÐ
OG SÝNDU DÆLULYKILINN
VIÐ INNGANGINN

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN




Við seljum bensín fyrir fólkið. Það er ekki flókið.
Sæktu um dælulykillinn á **atlantsolia.is** eða í síma **591 3100**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Hugleiks Dagssonar




## Game of Balls

Síðast talaði ég um hvað mér finnst fótbolti leiðinlegur. Á jákvæðan hátt. Ég sagði ekkert slæmt um strákana okkar þannig að ekki lemja mig. Ég talaði bara um hvernig fótbolti nær engan veginn athygli minni. En nú er ég allt í einu kominn inn í þetta. Og ég vil út. Ég get þetta ekki. Þetta er of spennandi. Ég er að skrifa þetta yfir leik Íslands og Austurríkis. Lætin í fólkinu í kringum mig láta mig vita hvenær ég á að líta upp. Tildæmis núna eru ópin farin að hækka þannig að eitthvað merkilegt hlýtur að HÓLÍ FOKK ÍSLAND SKORAÐI! EITT FOKKING NÚLL!!! Slakaðu á, Austuríki, þú vannst Júróvisjon, manstu. Ef við vinnum verður geðveikt partý í kvöld. Frekar næs að félagslíf manns batnar við það að einhver útí heimi sparkaði bolta nógu oft í rétta átt. Ég gæti vanist þessu.

Ég sem var svo vanur að vera skítsama. Fannst það frekar edgy að hunsa mest mainstream fyrirbæri í heiminum. En nú er ég actually að fylgjast með. Fótboltaleik. Reyndar að skrifa pistil á meðan en samt. Þetta er stórt skref fyrir mig. Í síðasta pistli sagðist ég ekki skilja hvað væri svona spennandi við þetta, en í leik Íslands og Ungverjalands fattaði ég það. Það er óvissan. Ég kreppti tærnar af spenningi. Mest spennandi sjónvarpsefni ever. Þangað til nokkrum dögum síðar þegar ég sá nýjasta Game of Thrones. Sorrí strákar, ekkert persónulegt, en Game of Thones er alltaf meira spenn- FOKK AUSTURRÍKI SKORAÐI!!... Sjitt. Hver er ég eiginlega? Allavega, nú skil ég fótbolta aðeins betur. Þetta er eins og að horfa á Game of Thrones. Maður veit aldrei hvað gerist, hver verður drepinn. Áfram Stark. Áfram Khaleesi. Þetta stefnir hvorteðer í jafntefi hjá strák- TVÖ-EITT!!!!








